

KOJAK BARPAS

Kennir eina elstu bardagaíþrótt í heimi

• heilsa

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



SVAVAR KNÚTUR KRISTINSSON

Líkt við Jack Black

Ekki óalgeengt að vera líkt við fræga menn

FÓLK 20



Neutral
verndar viðkvæma húð

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. september 2009 — 230. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR



Bjó til tölvu-sálfræðing

Fjóla Dögg Helgadóttir hlaut virt verðlaun í sálfræði.

TÍMAMÓT 16

Fer eigin leiðir

Hugleikur Dagsson stofnar eigin bókaforlag.

FÓLK 26



Ofbeldisvæðingin

„Hjá bifreiðastjóranum fannst nákvæmt yfirlit yfir húsín í götunni, fjarvistir og vinnutíma íbúa,“ skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 14




Gullskórinn kemur síðar

Atli Viðar Björnsson rétt missti af markakóngstítlinum.

ÍPRÓTTIR 22

VEÐRIÐ Í DAG



BJART AUSTANLANDS í dag verða vestan eða suðvestan 5-10 m/s. Dálítill rigning eða slydda NV- og V-til og stöku el norðanlands síðdegis. Hiti víðast 2-10 stig að deginum til, mildast SV-lands.

VEÐUR 4

Gróðabrask ástæða skulda í sjávarútvegi

Skuldastaða sjávarútvegsfyrirtækja er að stórum hluta tilkomin vegna lántöku sem kom rekstri þeirra lítið við. Staða sjávarútvegsins er góð heilt yfir. Eitt af hverjum tíu fyrirtækjum er í mjög erfiðri stöðu og þá oft vegna kvótakaupa.

SIJAVARUTVEGUR Yfirskuldsetningu sjávarútvegsfyrirtækja má að stórum hluta rekja til annars en reksturs fyrirtækjanna. Nálægt helmingur skulda sjávarútvegsins er til kominn vegna hlutabréfakaupa, afleiðusamninga og skuldsettra yfirtöku fyrirtækja.

Þetta kom fram í máli Ásmundar Stefánssonar, bankastjóra Landsbankans (NBI), á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva. Um helmingur íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja er viðskiptavinir bankans og því eru tölur NBI marktækar fyrir stöðuna í íslenskum sjávarútvegi í heild, að hans mati.

Þegar ástæður yfirskuldsetningar fyrirtækjanna eru skoðaðar eru 54 prósent skulda þeirra tilkomin vegna kaupa á skipum og kvóta. 28 prósent eru tilkomin vegna hlutabréfakaupa og fimmtán prósent vegna afleiðusamninga. Skuldsettar yfirtökur skýra þrjú prósent skuldanna. „Það sem er áhugavert er að kaup á skipum og kvóta eru aðeins ástæðan fyrir um helmingi yfirskuldsetningarinnar,“ sagði Ásmundur. Með öðrum orðum eigi um helmingur skuldsetningarinnar rætur að rekja til ákvarðana sem tengist ekki rekstri fyrirtækjanna.

Sjö af hverjum tíu fyrirtækjum standa ágætlega þó að mörg þurfi tímabundna aðstoð. Eftir stendur að eitt af hverjum tíu fyrirtækjum mun vart starfa undir óbreyttu eignarhaldi. Ásmundur sagði að staða fyrirtækja í vinnslu væri hvað best en erfiðust hjá þeim sem rækju minnstu bátana, og þá vegna kvótakaupa. Hann telur það liggja fyrir eftir um tvö ár hvernig spilið úr skuldavanda fyrirtækjanna.

Heildarskuldir sjávarútvegsins voru 550 milljarðar í júlí og er talið að skuldir fyrirtækjanna hafi tvöfaldast vegna veikingar krónunnar á síðustu misserum.

- shá



KISUR SEM VANTAR HEIMILI Sigríður Heiðberg segir að 160 kettir dvelji nú í Kattholti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigríður Heiðberg í Kattholti:

Útlit fyrir að fjölda katta verði lógað

FÓLK Aldrei hafa fleiri kisur komið í Kattholt sem Kattavinafélag Íslands rekur. Að sögn Sigríðar Heiðberg, formanns félagsins, er hálfgert ófremdarastand í Kattholti og allt útlit fyrir að fjölda katta verði lógað ef ekkert verður að gert. Um 160 kettir eru þar nú. „Svo veikist taugakerfið hjá köttunum þegar það er svona mikið álag, þeir fá kvef og við getum ekkert gert í því.“

- fgg / sjá síðu 19

8.500 gestir á mynd Sveppa:

Barnamynd í sögubækurnar

FÓLK Fjölskyldumyndin Algjör Sveppi og leitinn að Villa sló í gegn í kvikmyndahúsum borgarinnar um helgina. Að sögn Alfreðs Ásbergs Árnasonar, framkvæmdastjóra Sambíóanna, náði myndin þriðju bestu frumsýningarhelginni í íslenskri kvikmyndasögu en alls sáu 8.500 manns Sveppa. Aðeins Mýrin og Stella í framboði hafa fengið fleiri áhorfendur sína fyrstu helgi í sýningu. Framar öllum vonum, segir Sveppi sem er þakklátur.

- fgg / sjá síðu 26



MALBIKAD Í MYRKRINU Starfsmenn Loftorku unnu við lagfæringar á Miklubrautinni í gær þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið hjá. Í nógu var að snúast enda mikið verk að dytta að fjölfórnu götu landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjöldi of feitra Íslendinga hefur ríflega tvöfaldast á sautján árum:

Fimmti hver Íslendingur of feitur

HEILSA Meirihluti Íslendinga á aldrinum 18 til 79 ára telur að hann þurfi að létta sig. Tæplega 43 prósent fólks eru ósátt við líkamsþyngd sína og þá heldur fleiri konur en karlar. Þetta er á meðal niðurstaða úr rannsókn Ernu Matthíasdóttur sem hún kynnti í gær á fundi um líkamsþyngd og

holdafar fullorðinna Íslendinga.

Á fundinum kom fram að árið 1990 voru rúm sjö prósent karla of feit og um 9,5 prósent kvenna. Árið 2007 taldi hins vegar fimmti hver Íslendingur sig vera of feitan og stór hluti yfir kjörþyngd.

Minni hreyfing og óhollt mataræði er meðal þess sem þyrfti að

breyta hjá þjóðinni, segja sérfræðingar Lýðheilsustöðvar. Of mikil áhersla sé lögð á þyngd í umræðu um heilsufar, á kostnað almenns heilbrigðis. Áhersla á þyngd leiði til þess að fleiri fari í megrun, en megrun skili sér ekki í bættu heilsufari nema síður sé.

- sbt / sjá síðu 4



Ostarúllurnar
frá Ostahúsinu

frábærar í matargerð og á ostabakkann



PROFIT

íslenskt
fæðubótarefni
án allra aukefna

VÖÐVABYGGING

muundu
eftir
mjólkinni!



SPURNING DAGSINS



Sigurður, ætlaðu að leik-stýra fluginu?

„Nei, ég mun ekki leikstýra fluginu. Enda ekkert að leika sér með.“

Sigurður Hrantsson hefur getið sér gott orð sem leikari en ætla nú að ljúka flugumferðarstjórnarnámi. Hann hefur sagt að reynsla hans af leiklist muni hjálpa til við að þola álagið við flugumferðarstjórnina.

ÞYRLAN SKILIN EFTIR Einn ræningjanna hafði verið í sænskum þyrluskóla.

FRÉTTABLAÐID/AP

Þyrluránið í Svíþjóð:
Sex hafa verið handteknir

SVÍÞJÓÐ, AP Lögreglan í Serbíu hafði fengið veður af áformum um ránið mikla í Stokkhólmi í síðustu viku og segist hafa látið sænsku lögregluna vita fyrir mánuði, bæði um nöfn ræningjanna og ránsstaðinn. „Við létum þeim allt í té sem hefði þurft til að koma í veg fyrir ránið,“ hefur sænska dagblaðið Aftonbladet eftir Milorad Veljovic, lögreglustjóra í Serbíu. „Við gerðum virkilega allt sem í okkar valdi stóð, nema að stöðva sjálfir ránið.“

Aftonbladet segir sænska lögreglan að frásögn serbnesku lögreglunnar standist ekki að öllu leyti. Sex hafa verið handteknir í Svíþjóð vegna ránsins.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Lét 13 ára son sinn keyra
Lögregla á Selfossi stöðvaði í fyrradag þrettán ára dreng undir stýri bifreiðar. Faðir hans var með í bílnum og kom í ljós að sá hafði leyft stráknum að spreyta sig á akstrinum. Faðirinn var kærður fyrir vikið.

LANDHELGISGÆSLAN

Eftirlit árangursríkt
Í kjölfar skyndiskoðana varðsþipsins Ægis á fiskimiðunum við landið í sumar hafa verið gefnar út fjórtán kærur á skipstjóra og 28 skipstjórar verið áminntir, að því er fram kemur í frétt á vef Landhelgisgæslunnar. Á tímabilinu frá 1. júní til 18. september var varðskipið gert út í 57 daga og fór til eftirlits í 87 skip og báta.

2 FRÉTTABLAÐID 29. september 2009 ÞRIÐJUDAGUR

Forstjóri Alcoa lýsir vonbrigðum með að stjórnvöld framlengi ekki viljayfirlýsingu:
Halda samt áfram að meta Bakka

STÓRIÐJA Rannsóknir á fjárhagslegri hagkvæmni álvers á Bakka halda áfram þó að ríkisstjórnin hafi ákveðið að framlengja ekki sérstaka viljayfirlýsingu þar um. Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi, segir verkefninu haldið áfram með orku-fyrirtækjunum og sveitarstjórn Norðurbings. Það snýst nú um hið sameiginlega mat á umhverfis-áhrifum sem umhverfissráðherra ákvað í fyrrasumar. Tillögu að matsáætlun var skilað til Skipulagsstofnunar í síðustu viku og gangi allt að óskum býst Tómas við að niðurstaða stofnunarinnar liggi fyrir næsta vor.

TÓMAS MÁR SIGURÐSSON Forstjóri Alcoa á Íslandi segir fyrirtækið ætla að halda áfram rannsóknum á fjárhagslegri hagkvæmni álvers á Bakka.

Aðspurður kveðst Tómas ekki vilja tjá sig um hvort hann telji líkur á að álver rísi á Bakka á meðan VG fái einhverju um ráðið.

Hann tjái sig ekki um pólitík. Hins vegar segir hann álver Alcoa í Fjarðabyggð hafa haft góð áhrif á byggðirnar og afkomu íbúa. Sérkennilegt sé ef stjórnvöld vilji ekki sporna við fólksflóttu úr Þingeyjar-sýslum með því að nýta þau tækifæri sem bjóðist. Að sögn Tómasar hefur Alcoa lagt meira en milljarð króna til Bakkaverkefnisins. Heildarkostnaðurinn sé hins vegar ótalin en íslenskir vísindamenn hafi átt í margvíslegu og umfangsmiklu samstarfi við vísindamenn Alcoa í útlöndum um þróun tækni til að knýja álver með jarðvarmaorku.

- bps

Amfetamínmenn fengu tíu og átta ár

Jónas Ingi Ragnarsson var dæmdur í tíu ára fangelsi í gær og Tindur Jónsson í átta ára fangelsi. Dómana fengu þeir fyrir framleiðslu á amfetamíni, sem hefði getað orðið yfir þrjú hundruð kíló, komið á götuna, svo og vörslu fíkniefna.

DÓMSMÁL Jónas Ingi Ragnarsson og Tindur Jónsson voru í gær í Héraðsdómi Reykjaness dæmdir í tíu ára og átta ára fangelsi fyrir að hafa staðið saman að framleiðslu amfetamíns í Hafnarfirði. Jónas Ingi var jafnframt dæmdur fyrir vörslu á ríflega átján kílóum af kannabis og tæplega 700 grömmum af amfetamíni. Hann var dæmdur í tíu ára fangelsi en Tindur í átta ára fangelsi. Báðum dómunum verður áfrýjað.

Lögregla hafði fylgst með mönnum um tveimur um hríð, áður en þeir voru handteknir, á grundvelli upplýsinga sem henni höfðu borist. Um miðjan október á síðasta ári voru mennirnir svo handteknir, Jónas Ingi í verksmiðjuhúsnæðinu í Hafnarfirði en Tindur skömmu síðar skammt frá heimili sínu. Í húsnæðinu var afar fullkominn búnaður og efnaframleiðsla í gangi. Þar fundust rúm 38 kíló af efni P-2-NP og rúmlega 3,5 lítrar af P-2-P. Við greiningu þessara efna kom fram að úr þeim hefði mátt framleiða fjórtán kíló af hreinu amfetamíni sem hefði gefið 353 kíló eftir íblöndun í sölu á götunni. Einnig hefði mátt framleiða úr þeim metamfetamín.

Jónas Ingi neitaði því að til hefði staðið að framleiða amfetamín eða metamfetamín. Þarna hefði átt að framleiða eldvarnarefni. Tindur kvaðst hafa aðstoðað Jónas Inga við framleiðslu eldvarnarefnisins. Hefðu þeir talið að um „ábatasama framleiðslu gæti orðið að ræða ef vel tækist til“. Hefði hann talið verkefnið svo vænlegt til árangurs að hann hefði tekið þátt í frumkvöðlakeppni hjá Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetri. Þáttur hans hefði verið

AMFETAMÍNMENTNIR Jónas Ingi Ragnarsson og Tindur Jónsson á leið í dóms-sal undir eftirliti lögreglumanns.

FRÉTTABLAÐID/GVA

SAKAFERILL TVÍMENNINGANNA

JÓNAS INGI RAGNARSSON
9. nóvember 2004 Tveggja og hálfars fangelsi fyrir fíkniefnabrot, brot gegn lífi og líkama og ósæmilega meðferð á líki. (Líkfundarmálið í Neskaupstað.)
28. september 2009 Tíu ára fangelsi fyrir framleiðslu á miklu magni af amfetamíni, svo og vörslu á átján kílóum af kannabis og um 700 grömmum af amfetamíni.

TINDUR JÓNSSON
17. maí 2004 Þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir eignaspjöll og líkamsárásir.
12. apríl 2006 Sex ára fangelsi fyrir tilraun til manndraps, fjórar líkamsárásir, brot á vopnalögum og fíkniefnabrot.
6. janúar 2009 Sektargreiðsla og svipting ókuréttinda.
28. september 2009 Átta ára fangelsi fyrir framleiðslu á miklu magni af amfetamíni.

að aðstoða Jónas Inga við framleiðslu efnanna enda hefði honum sem efnafræðinema fundist það ógrandi verkefni.

Lögreglumenn sem fluttu Jónas Inga á lögreglustöðina við Hverfisgötu eftir að hann hafði verið handtekinn í Hafnarfirði kváðu hann hafa farið að tala um málið að fyrra bragði og sagst hafa verið tekinn

„með höndina í kökukrúsinni“ og væri nú á leiðinni „austur“ í langan tíma.

Brot mannanna er stórfellt og verður að teljast enn alvarlegra en innflutningur eða varsla fíkniefna, segir í dómi héraðsdóms. Þá hafi ásetningur þeirra verið einbeittu og þeir eigi sér engar málsmætur.

jss@frettabladid.is

Mat Deutsche Bank:
Krónan hjálpar við endurreisn

EFNAHAGSMÁL Íslendingar eru í betri stöðu en Írar til að vinna sig fljótt út úr kreppunni. Þetta er mat sérfræðinga Deutsche Bank, sem fram kemur í minnisblaði frá bankanum um kreppuna. Að mati sérfræðinganna getur fljótandi gengi krónunnar gagnast Íslendingum við endurreisnina. Vegna þess að samkeppnishæfni landsins hafi aukist með gengishruni krónunnar eigi Íslendingar möguleika á að vinna sig út úr kreppunni á tveimur árum. Hins vegar séu Írar fastir með evruna og geti því ekki fellt gengi gjaldmiðilsins eins og margir telja að þurfi.

- sh

Bankar hagnast á FIT-kostnaði:
Bandaríkjamenn vilja þak á gjöld

BANDARÍKIN Sheila Blair, yfirmaður tryggingarsjóðs innistæðueigenda í Bandaríkjunum, hefur viðrað hugmyndir um að bankar verði skikkaðir til að setja þak á kostnað viðskiptavina vegna óheimils yfirdráttar (FIT-kostnað).

Að sögn bandaríska dagblaðsins USA Today hefur bandaríski seðlabankinn í hyggju að setja fjármálafyrirtækjum nýjar reglur um innheimtuna. Það hefur sömuleiðis eftir fjármálasérfræðingum ytra að bankar hafi fram til þessa haft góðar tekjur af innheimtunni. Ætla megi að tekjur bankanna á þessu ári af kostnaði vegna óheimils yfirdráttar nemi 38,5 milljörðum dala, jafnvirði 4.800 milljarða króna. Það er tæplega tvöfalt meira en Bandaríkjamenn greiða fyrir vanskil á kreditkortareikningum.

- jab

Öryggisvörður Securitas:
Hótaði kúnna um miðja nótt

LÖGREGLUMÁL Öryggisvörður hjá Securitas, sem fenginn var til að vakta hús forstjóra nokkurs sem óttaðist skemmdarverk, varð uppvis að því að hafa hótað og áreitt forstjóran að nóttu til, á meðan hann vaktaði hús hans í bíl fyrir utan. Málið er nú í rannsókn hjá lögreglu. Þetta kom fram í Kastljósi í gær. Í umfjölluninni kom fram að símskilaboð sem forstjóranum bárust hefðu verið rakin til síma sem týnst hefði í verslun 10-11 og tölvu úr sömu verslun. Maðurinn starfaði einnig í versluninni. Hann er pólskur og eftirlýstur þar ytra fyrir stórfelld fjársvik.

- sh



nicorette
freshmint

Mjúkt nikótínlyfjatyggigúmmí með piparmyntubragði

Nicorette er stuðningsaðili Krafts

Nicorette® nikótínlyf eru fánægð án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhræfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnar eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagsskammtur nikótínlyfjatyggigúmmis er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leið til tæknis eða lyfjatræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa önnur lyf fyrir nikótín eða öðrum innihaldsefnum lyfins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaðing, akvarlegar hjartaáttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþyrsting eða nýlegt heilaþolfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfslók. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en þýrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfshafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

Fimm ára stúlka sem stungin var í brjostið á sunnudag er á batavegi:
Árásarkonan í Keflavík var allsgáð

LÖGREGLUMÁL Konan sem handtekin var í Keflavík á sunnudag fyrir að stinga fimm ára stúlku í brjostið hefur játað brotið. Hún var hvorki undir áhrifum áfengis né vímuefna þegar árásin var gerð, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Henni hefur verið gert að gangast undir geðrannsókn. Stúlkan sem ráðist var á er á batavegi en er enn á Barnaspítala Hringssins. Litlu mátti muna að verr færi fyrir henni, en hnífurinn var einungis nokkrum millimetrum frá því að fara í hjarta hennar. Konan var í gær úrskurðuð í fimm daga gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsgmuna. Hún kærði ekki úrskurðinn til Hæstaréttar. Konan, sem er 22 ára gamall íslenskur ríkisborgari, bankaði

á útidyrnar á heimili stúlkunnar við Suðurgötu í Keflavík á hádegi á sunnudag, og stakk stúlkuna síðan í brjostið með stórum eldhúshníf þegar hún kom til dyra. Ellefu ára systir stúlkunnar varð vitni að árásinni. Leiddar hafa verið getur að því að konan hafi með árásinni viljað hefna sín á foreldrum stúlkunnar, en þeir höfðu kært hana fyrir skemmdarverk og hótanir. Að því er fram kom í fréttum RÚV í gær hefur konan áður hlotið dóm fyrir líkamsárás og hafa barnaverndaryfirvöld fylgst með henni lengi.

- sh

AF VETTANGI Konan bankaði upp á í þessu húsi og stakk stúlkuna í brjostið þegar hún kom til dyra. Hún var handtekin skömmu síðar á heimili sínu.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Ég mæli með

námskeiðum í Baðhúsinu sem henta öllum konum.

Nú er rétti tíminn til að huga að eigin heilsu.

Skráðu þig á eitt eftirtalinna námskeiða og komdu þér í betra form.

Dú átt það skilið.

Vertu í fyrsta sæti.

Linda Þeuvd.

Ljósmyndari Vera Pálsdóttir

-GRAVITY

30-45 mínútna einfaldir, alhliða og öflugir styrktarþjálfunartímar. Unnið er í sérhönnuðum bekk undir stjórn kennara þar sem allar ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Gravity kerfið hentar öllum, byrjendum sem lengra komnum og er í senn mjög öflugt, fljótlegt og árangursríkt. Gott fyrir þær sem eru lítið fyrir að lyfta og vantar að styrkja sig á einfaldan en öruggan hátt.

2 SINNUM Í VIKU:

Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12.00, 17.15 og 18.35.

Hefst 6. - 29. október.

3 SINNUM Í VIKU:

Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 06.45, 09.15, 12.10, og 19.30.

Námskeið hefst 5. - 30. október nema 9.15 námskeiðið hefst

9. október - 6. nóvember.

Innifalið í námskeiðunum er frjálfs aðgangur að öllum opnum tímum, tækjasal, heitri laug, vatnsgufu og hvíldarhreidi.

-MÓÐIR & BARN

Fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar bæði fyrir mæður og ungabörnin þeirra ásamt verðandi mæðrum.

Aðaláhersla er lögð á styrkingu líkamans á meðgöngu og eftir barnsburð svo og fitubrennslu og þol.

Lokaðir tímar á þri., og fimmtudögum kl. 09.15.

Hefst 20. október - 1. desember.

-FIT PILATES

Styrkjandi leikfimi fyrir þær sem vilja byrja rólega, engin flókin spor. Næringaþerapisti kennir tímana og fræðir um mataræði.

Lokaðir tímar á þri., og fimmtudögum kl. 16.30.

Hefst 20. október - 1. desember.



BADHÚSIÐ
heilsulind fyrir konur
www.badhusid.is
Sími 515 1900

GENGIÐ 28.09.2009		
GJALDMIÐLAR		KAUP SALA
	Bandaríkjadalur	124,46 125,06
	Sterlingspund	197,24 198,20
	Evra	182,00 183,02
	Dönsk króna	24,450 24,594
	Norsk króna	21,296 21,422
	Sænsk króna	17,782 17,886
	Japanskt jen	1,3918 1,4000
SDR		196,63 197,81
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR		234,3656
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Framsóknarflokkurinn:
Hafnar hærri matarskatti

STJÓRN MÁL Framsóknarmenn leggjast eindregið gegn því að virðisaukaskattur á matvæli verði hækkaður. „Slík hækkun mun koma verst við lágtekjufólk, atvinnulausa, aldra og öryrkja,“ segir í ályktun fundar þingflokks og landsstjórnar flokksins sem fram fór um helgina.

Fundurinn harmar að ríkisstjórnin standi ekki heilshugar að baki Norðlendingum í atvinnusköpun enda sé hlutverk stjórnvalda að skapa aðstæður og styðja heimamenn í slíkum eignum. Þá segja framsóknarmenn „jákvætt, ef rétt reynist, að ríkisstjórnin ætli loksins að grípa til almennra aðgerða til að leiðrétta skuldir heimilanna“.

- bps

HEILSA

Fritt í sundknattleik

Sundknattleiksfélag Reykjavíkur (SKR) býður börnum á aldrinum 9-11 ára að æfa íþróttina ókeypis fram að jólum. Skráningar standa yfir (á www.waterpolo.is) og æfingar hefjast þegar náðst hefur í góðan hóp. Æfingar fara fram í Laugardalslauginni.

YFIRLÝSING

Fréttablaðinu hefur borist eftirfarandi yfirlýsing frá Skúla S. Ólafssyni, sóknarpresti í Keflavík: „Í gærkvöldi (27/9) hringdi blaðamaður Fréttablaðsins í mig og óskaði fréttu af viðbrögðum kirkjunnar vegna þeirra skelfilegu atburða er átt höfðu sér stað í Keflavík þann daginn. Í samræðunum hafði ég það á orði að gerandinn hlyti að eiga við andleg vandamál að stríða. Eftir á að hyggja var þetta mjög óvarlega að orði komist enda má túlka þessi orð mín á þá leið að þeir sem þjást af geðrænum sjúkdómum séu líklegri til ofbeldisverka en aðrir. Slíkt er þó ekki á nokkurn hátt skoðun mín. Ég harma það að hafa látið þessi orð falla og bið þá afsökunar sem hefur þar fundist að sér vegið.“

☆ Í dag er spáð 26°C hita á Tenerife

SUMAR FERÐIR

4FRÉTTABLAÐIÐ29. september 2009ÞRIÐJUDAGUR

Eignir Íslandsbanka að verulegu leyti í erlendri mynt en skuldir í krónum:

Heildareignir 629 milljarðar

Íslandsbanki í tilkynningu frá bankanum segir að stofnefnahagsreikningurinn endurspegli „ákveðið afturhvarf til hefðbundinnar bankastarfssemi“.

Meðal skulda eru innlán fyrirtækja og einstaklinga, samtals 372 milljarðar. Innlán frá fjármála-stofnunum nema 52 milljörðum. Aðrar skuldir 83 milljarðar.

Inni í skuldatölunni er einnig skuldabréf upp á 52 milljarða, sem fellur niður kjósi kröfuhafar að eignast 95 prósent í Íslandsbanka.

Í tilkynningu frá bankanum segir að hann hafi „náð að breyta umtalsverðum hluta óverðtryggðra skulda sinna í verðtryggðar skuldir“. Einnig að eignirnar séu „að verulegu leyti í erlendri mynt en skuldirnar eru aðallega innlán í ISK“. Þá segir að nokkur hluti útlána bankans í erlendri mynt sé til fólks með tekjur í krónum. Þau séu „að verulegu leyti meðhöndluð sem útlán í ISK“ segir þar, án þess að það sé útskýrt nánar.


- kóp

Breskur bílaiðnaður: Óljós framtíð Aston Martin

VIÐSKIPTI Framtíð breska bílaframleiðandans Aston Martin er óljós þar sem einn aðaleigandi fyrirtækisins hefur viðurkennt að eiga í erfiðleikum með að endurfjármagna skuldir sínar.

Breska blaðið The Guardian segir að fjárfestingarsjóðurinn Investment Dar hafi gefið út yfirlýsingu um að sjóðurinn hafi náð samkomulagi við lánardrottna sína um frýstingu á afborgunum og kröfum þeirra.

Sjóðurinn, sem er í eigu hins opinbera í Kúvæt og keypti um helmingshlut í Aston Martin árið 2007, mun hafa orðið hart úti í fjármálakreppunni.



Feitum hefur fjölgað mikið

Tuttugu prósent þjóðarinnar eru of feit og of þungum hefur fjölgað hratt undanfarin ár. Leggja þarf áherslu á hreyfingu og hollt mataræði, ekki síst hjá börnum. Forvörn er besta úrræðið, segir heilbrigðisráðherra.

STEFÁN HRAFN JÓNSSON Hreyfing og næring skiptir meginmáli fyrir heilsufar fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Líkamsrækt væru um það ýmsar vísbendingar að fólk hreyfði sig almennt minna, færi allra sinna ferða akandi og hreyfði sig lítið sem ekkert í vinnunni.

Stefán sagði mikilvægt að benda á mikilvægi hreyfingar og næringar í umræðu um líkamsþyngd fólks. Líkamsþyngd segði í sjálfu sér ekki mikið um heilsufar. Hins vegar væri ljóst að Íslendingar, eins og grannþjóðirnar, væru að þyngjast

og það væri alvarlegt mál enda fylgdu offitu margvíslegir sjúkdómar. Í skýrslunni kemur fram að fólk sem er talsvert yfir kjörþyngd er í hættu á að fá ýmsa sjúkdóma, sykursýki tvö, hjarta- og æðasjúkdóma, háan blóðþrýsting og fleira.

Stefán sagði að efla þyrfti forvarnir á meðal barna og unglinga. Mikilvægt væri að skólar og heilsugæsla tækju þátt í því verki. Bent er á í skýrslunni að líkur eru talsverðar á því að of feit börn glími við offitu á fullorðinsárum.

Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra sagði á fundinum forvarnir vera eitt mikilvægasta úrræðið til að bregðast við aukinni offitu á meðal Íslendinga, því yrðu forvarnir rauði þráðurinn á Heilbrigðisþingi sem haldið verður á næsta ári. Með skýrslunni lægi ljóst fyrir hver staðan væri og það væri ákveðin forvörn að vekja athygli á því.

sigridur@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir Veðurfréttamaður

ÚRKOMULÍTIÐ Hitinn verður með ágætum í dag en á morgun snýst í hæga norðanátt með heldur kólnandi veðri og eljagangi fyrir norðan. Útlit er fyrir þurru veðri sunnanlands fram á fimmtudagskvöld, en þá kemur myndarlegt úrkomusvæði inn á landið með slyddu eða snjókomu um allt land á föstudag.

Á MORGUN 5-10 m/s. FIMMTUDAGUR 3-8 m/s.

HEIMURINN

Alicante	23°
Basel	21°
Berlín	16°
Billund	13°
Eindhoven	17°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	13°
Las Palmas	24°
London	21°
Mallorca	26°
New York	19°
Orlando	32°
Ósló	13°
París	23°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	12°


Vindhraði er í m/s. Hítastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



ÞAÐ ER SMART AÐ SPARA 30.975 kr.*

Sparitilboð N1 hjálpar þér að spara **tugi þúsunda** á ári.
Reiknaðu dæmið fyrir þig og þinn bíl á **n1.is**.
Þeir sem skrá sig geta búið við **skemmtilegum glaðningi**,
ókeypis miðum á uppákomur og fleiru skemmtilegu.

Skráðu þig núna á **n1.is** eða í síma **440 1100**.



KJÖRKASSINN



Eiga stjórnvöld að breyta lögum um Seðlabankann til að knýja niður stýrivexti?

Já	76,9%
Nei	23,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu sátt(ur) við tillögur stjórnvalda um lausnir við skuldavanda heimilanna?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Viðskiptavinir Íslandsbanka geta breytt myntkörfulánum í krónulán í nóvember:

Höfuðstóll niður um fjórðung

VIÐSKIPTI Íslandsbanki ætlar að bjóða viðskiptavinum sínum að breyta gengistryggðum húsnæðislánum yfir í óverðtryggð lán í íslenskum krónum. Byrjað verður að taka við umsóknum eftir mánuð.

Við breytinguna er miðað við að færa höfuðstól lánanna þar til september í fyrra. Gert er ráð fyrir að höfuðstóll þeirra geti lækkað um allt að 25 prósent. Í boði verða tvenns konar kjör fyrstu þrjú árin: 7,5 prósent breytilegir vextir eða fastir níu prósent vextir. Viðskiptavinir geta greitt lán sín upp innan þessara þriggja ára án uppgreiðslugjalds ef um lán

á breytilegum kjörum er að ræða eða endurfjármagnað að þremur árum loknum.

Breytingarnar eru í undirbúningi innan bankans. Gert er ráð fyrir að þeim ljúki í byrjun nóvember.

Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka, segir þetta einn þeirra valmöguleika sem séu í skoðun innan bankans. „Við höfum verið í góðu sambandi við viðskiptavini okkar. Við höfum hug á því að bjóða upp á þetta samhliða þeim lausnum sem við höfum verið að vinna náið með stjórnvöldum og kynnt verður í þessari viku“.

- jab

BREYTING Í KRÓNULÁN*	
Höfuðstóll láns	
Fyrir breytingu	Eftir breytingu
20.000.000	15.000.000
Meðalgreiðslubyrði á mánuði	
Fyrir breytingu	Eftir breytingu
106.000	102.000
Eftir þrjú ár:	
Án breytingar	Með breytingu
17.000.000	14.000.000
* Allir útreikningar eru í krónum. Gert er ráð fyrir óbreyttum vöxtum erlendis á lántímanum en hóflegri lækkun óverðtryggðra vaxta og gengisþróun hér.	

Listi yfir fyrirtæki birtur:

Trassa að skila ársreikningum

VIÐSKIPTI Alls hafa 22 þúsund fyrirtæki ekki skilað ársreikningum til Ársreikningaskrár.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að framvegis verði aðgengilegir listar á rsk.is yfir þá lögaðila sem ekki hafa sinnt skyldu sinni um að skila ársreikningum til opinberrar birtingar hjá Ársreikningaskrá. Meðal þeirra fyrirtækja sem þar er að finna eru Atlantsolía, Baugur Group, Fáfírnir, Fengur eignarhaldsfélag Pálma Haraldssonar, Eimskipafélag Íslands og Straumur Burðarás.

Ársreikningaskrá er heimilt að leggja sektir á félögin.

- gh



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

SPENNANDI TÆKNINÁM NTV

NÁM SEM GETUR SKAÐ ÞÉR ATVINNUMÖGULEIKA HÉRLENDIS SEM ERLENDIS

Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 110.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kennit í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrjar 6. okt. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 21. okt. |

MCITP (áður MCSA) - 185 stundir - Verð: 319.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Certified Server Administrator.

| Helgarnámskeið (lotunám) byrjar 3. okt. |

MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 139.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig viðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 2. nóv. | Kvöldnámskeið byrjar 5. okt. |



UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500



NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN

VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

Hækkun á fötum og skóm kemur á óvart

Greiðslubyrði tuttugu milljóna króna verðtryggðs fasteignaláns hefur hækkað um 1,2 milljónir frá áramótum þrátt fyrir afborganir. Sérfræðingur segir hækkun á fötum og skóm koma á óvart.

EFNAHAGSMÁL „Verðbólgutölurnar eru í takt við væntingar. En verðhækkanir á fötum og skóm koma okkur á óvart,“ segir Snorri Jakobsen, sérfræðingur hjá IFS Greiningu.

Verðbólga mælist nú 10,8 prósent samanborið við 10,9 prósent í ágúst. Þetta er jafnframt þriðji mánuðurinn í röð sem dregur úr verðbólgu eftir uppskot í apríl og maí. Fyrir ári stóð verðbólgan í fjórtán prósentum en hæst fór hún í 18,6 prósent í janúar á þessu ári. Hún hefur ekki verið lægri síðan í apríl í fyrra en um svipað leyti tók gengi krónu að lækka hratt.

SNORRI JAKOBSSON

Verð á bensíni og dísilolíu lækkaði um 2,7 prósent á milli mánaða auk þess sem verð á flugfargjöldum til útlanda fór niður um 12,7 prósent. Hins vegar hækkaði verð á mat- og drykkjarvöru um 1,7 prósent. Þetta er undir spá IFS Greiningar, sem gerði ráð fyrir 2,5 prósent hækkun á mat- og drykkjarvöruverði vegna áhrifa sykurskattsins og lagðist á ákveðna vöruflokka um síðustu mánaðamót. Af þessum sökum telur Snorri að jafnvel megi gera ráð fyrir að verð á vörum sem skatturinn nær ekki til, svo sem kjötvörum, breytist lítið eða lækki á næstu mánuðum.

Gengi krónu og verðbólgu í eitt ár

Mánuður	Gengi krónu	Verðbólga (%)
okt. 2008	185	11
nov. 2008	205	14
des. 2008	225	17
jan. 2009	245	20
feb. 2009	235	18
mars 2009	205	15
apr. 2009	185	13
maí 2009	180	14
júní 2009	185	16
júlí 2009	180	17
ágú. 2009	175	18
sept. 2009	170	19

VERÐPRÓUN FASTEIGNALÁNS*	
Upphaflegt lán:	20 milljónir
Höfuðstóll í nóvember:*	21,2 milljónir króna.
Hækkun:	1,2 milljónir króna
Hækkun höfuðstóls á mánuði:	190 þúsund krónur
* Útreikningarnir miðast við afborganir á láninu sem greiðist inn á höfuðstól á tímabilinu. Ekki er því teljandi munur á fasteignaláni með 4,9 prósent vöxtum og uppgreiðsluálagi og láni með 5,4 prósent vöxtum án uppgreiðsluálags.	
HEIMILD: ÍBÚDALNÁNSJÓÐUR	

Verð á fatnaði og skóm hækkaði um 6,2 prósent á milli mánaða. Snorri segir að það hafi komið á óvart og sýni að fót eru orðin verulega dýrari en fyrir útsölur í sumar.

„Þetta helst líklega aðeins í hendur við gengisþróun,“ segir hann og bætir við að spár hljóði upp á að hratt dragi úr verðbólgu á næstu mánuðum.

jonab@frettabladid.is

Dagur án ofbeldis haldinn á föstudag þegar fjöldasamtök mætast á Klambratúni:

Mynda mannlegt friðarmerki

FRÍÐUR Til stendur að mynda mannlegt risavaxið friðarmerki á Klambratúni á föstudaginn.

Þann dag, 2. október, er friðardagur Sameinuðu þjóðanna haldinn hátíðlegur um allan heim, en 2. október er einnig fæðingardagur friðarleiðtogans indverska Mahatma Gandhi.

„Við ætlum að lyfta kyndlum á loft og mynda friðarmerki. Þetta er táknræn aðgerð um djúpstæða þrá eftir samfélagi án ofbeldis,“ segir Helga R. Óskarsdóttir húmanisti.

HELGA R. ÓSKARSDÓTTIR

Skipulagshópur Heimsgöngunnar, ásamt Rauða krossinum, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, Samtökum hernaðarandstæðinga, Öryrkjabandalaginu og fleiri fjöldasamtökum, standa að göngunni. Á degi friðar hefst heimganga frá Nýja-Sjálandi og á að ganga heiminn þveran og endilangan á þremur mánuðum, eða til 2. janúar, þegar henni lýkur í Andesfjöllum í Argentínu. Göngufólkið fer í gegnum hátt í hundrað lönd og ræðir við stjórnmálamenn og aðra leiðtoga í hverju landi. Helstu kröfur göngufólksins eru að kjarnorkuvopnum verði útrýmt og

UNGVERSKUR FRÍÐUR Um 3.500 manns hittust í Búdapest í fyrra til að mynda þetta friðarmerki. Á föstudag á að endurtaka leikinn, á Klambratúni. Kyndlar verða á staðnum.

MYND/HEIMSGANGA.IS

að innrásarherir hverfi frá herteknum svæðum. Friðarmerkið á Klambratúni á að mynda klukkan 20 á föstudag, en um morguninn verður mínútuþögn í mörgum grunnskólum landsins.

- kóp

Kraftur í 10 ár

Lífið er núna

Málþing | Föstudaginn 2. október | 13:00-17:00

Staðsetning: Skógarhlíð 8, Ráðgjafarþjónusta
Krabbameinsfélagsins (Húsi Krabbameinsfélagsins)

Fundarstjóri: Geir Sveinsson, Kraftsmeðlimur

13:00 – 13:15	Tónlist og myndasýning
13:15 – 13:20	Setning málþingsins – Fundarstjóri
13:20 – 13:35	Kraftur í 10 ár – Daníel Reynisson, formaður Krafts
13:40 – 14:00	Sköpunarkraftur - erindi föður, Arnar Jónsson leikari
14:05 – 14:25	Nýtt líf – Ragnheiður Alfreðsdóttir, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins
14:30 – 14:50	Krabbameinslækningar í sífelldri sókn – Halla Skúladóttir, krabbameinslæknir
14:55 – 15:30	Veitingar og skemmtun
15:30 – 15:50	Lyfjanæmi krabbameinsfrumna - Vala Ingimarsdóttir og Finnbogi Rútur Þormóðsson, taugalíffræðingur, stofnendur ValaMed
15:55 – 16:15	Hvernig getum við sjálf haft áhrif á krabbamein? Unnur Guðrún Pálsdóttir framkvæmdastjóri Happ ehf. og stjórnarmaður í Krafti
16:20 – 16:40	Gildi stuðnings - Gyða Eyjólfsdóttir, sálfræðingur
16:45 – 17:05	Vangaveltur um hamingjuna - Páll Matthíasson, geðlæknir
17:10 – 17:15	Slit málþingsins - Fundarstjóri

SÓLARGANGAN NÆSTA LAUGARDAG

Samstíga spor þeirra sem greinst hafa með krabbamein og aðstandenda þeirra

Mætum öll saman við Hallgrímskirkju kl. 14:00 og sýnum stuðning!

Söfnunarsíminn er 902 2700

1000 kr. renna óskiptar til Krafts



Stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra



1. Með hvaða flokki hyggst Angela Merkel mynda nýja ríkisstjórn Þýskalands?
2. Hvaða þekkti leikstjóri var nýlega tekinn höndum í Sviss?
3. Hverjar urðu markadrottningar Pepsi-deildar kvenna í knattspyrnu í sumar?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Bandarískur risasjóður orðinn fjórði stærsti hluthafi Marel Food Systems:

Keyptu fyrir 1,9 milljarða

VIÐSKIPTI „Þetta er mjög ánægjulegt og átti sér stuttan aðdraganda, nokkra daga,“ segir Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marel Food Systems. „Með þessum kaupum eru stjórnendur Columbia Management að sýna Marel mikið traust og eru greinilega sáttir við stefnu og horfur.“

Sjóðir á vegum bandaríska eignastýringafyrirtækisins Columbia Wanger Asset Management, dótturfyrirtækis Bank of America, keyptu á föstudag 5,2 prósent hlut í Marel Food Systems fyrir 1,9 milljarða króna.

Félagið er með 330 milljarða Bandaríkjadala í eignastýringu,



ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON Bandarískur sjóður hefur keypt rúm fimm prósent í Marel Food Systems. Erlendir aðilar hafa aldrei átt jafn stóran hlut í félaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sem jafngildir rúnum 41 þúsund milljörðum króna.

Erlendir aðilar eiga nú sextán

prósent í Marel Food Systems og hefur hlutfallið aldrei verið hærra. Félagið verður eftirleiðis fjórði umsvifamesti hluthafi Marel Food Systems.

Árni Oddur segir bandaríska félagið hafa átt frumkvæðið að viðskiptunum. Forsvarsmenn þess þekki vel til Marel Food Systems enda hafi þeir um allan skeið verið hluthafar í hollensku iðnsamsteypunni Stork sem er fyrrverandi eigandi Stork Food Systems. Mikil viðskipti voru með hlutabréf Marel Food Systems í Kauphöll Íslands eftir að tilkynnt var um viðskiptin og hækkaði gengi bréfa þess um sex prósent í gær.

-jab

Nýr meirihluti myndaður:

Bæjarstjórn á Álftanesi kynnt

ÁLFTANES Þrír fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Margrét Jónsdóttir hafa myndað „starfhæfa bæjarstjórn“, samkvæmt tilkynningu frá þeim í gær.

Þar segir að þjónusta við íbúa eigi að skerðast sem minnst og að bæjarstjórnin muni „einbeita sér að því að rétta af fjárhag bæjarins“.

Með góðri sátt meirihlutans megi við því búast að það sjáist, þegar á næstu vikum, „áherslu-breytingar Álftnesingum til heilla“.

Margrét Jónsdóttir er formaður bæjarráðs en Kristinn Guðlaugsson er forseti bæjarstjórnar. -kóp

Ný rannsókn á sætuefni:

Rannsaka auka-verkanir af Aspartam-sætuefni

BRETLAND Sérfræðingar Háskólans í Hull hafa hleypt af stokkunum viðamikilli rannsókn á hugsanlegum aukaverkunum sætuefnisins Aspartam. Matvælaeftirlit Bretlands og Evrópu hafa hingað til lagt blessun sína yfir notkun efnisins og er það notað í matvælum um allan heim, meðal annars hér á landi.

Ástæða rannsóknarinnar er umkvartanir fólks síðastliðin ár sem stendur í þeirri meiningu að það hafi fundið til höfuðverks, svima og þreytu eftir að hafa innbyrt efnið í mat eða drykk. Hundrað manns munu taka þátt í rannsókninni, sem stendur yfir í átján mánuði.

-jma

Hvalveiðivertiðinni lýkur um mánaðamótin:

Yfir tvö hundruð hvalir komu á land

SJÁVARÚTVEGSMÁL Hvalveiðivertiðinni er að ljúka en hrefnuveiðimenn stunda enn veiðar frá



KONRÁÐ EGGERTSSON Vertiðinni er að ljúka.

Vestfjörðum. Rúmlega 200 dýr hafa verið veidd sem er langt frá útgefnum kvóta.

Hvalur 9 og Hvalur 8 hættu veiðum fyrir nokkru og komu 125 langreyðar á land.

Þau 25 dýr sem óveidd eru af útgefnum kvóta verða veidd á sumri komanda. Vertiðarlok voru fyrir viku, á sama tíma og venja var til á fyrri tíð.

Hrefnuveiðimenn veiða út september frá Vestfjörðum og Konráð Eggertsson, skipstjóri á Halldóri Sigurðssyni ÍS, tók sína fyrstu hrefnu þetta árið nýlega. Alls hafa veiðst um áttatíu hrefnur í sumar, flestar í Faxaflóa.

-shá



MERKEL OG WESTERWELLE Þau Angela Merkel, leiðtogi Kristilegra demókrata, og Guido Westerwelle, leiðtogi Frjálsra demókrata, hittust í gær og ætla að ljúka stjórnarmyndun á næstu vikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Westerwelle gengur til liðs við Merkel

Merkel lofar nýrri stjórn fyrir 9. nóvember. Sigurvegari kosninganna, Guido Westerwelle, getur að verulegu leyti þakkað Merkel og félögum sigurinn.

ÞÝSKALAND, AP Angela Merkel og Guido Westerwelle ætla að vera snögg að mynda nýja ríkisstjórn Kristilegra (CDU) og Frjálsra demókrata (FDP) í Þýskalandi. Flokkarnir tveir fengu samtals 326 þingmenn í kosningum á sunnudag, sem er öruggur meirihluti á 622 manna sambandsþingi landsins.

„Þýskaland á skilið að fá nýja stjórn fljótt,“ sagði Merkel, sem er leiðtogi Kristilegra demókrata, og lofar því að stjórnarmyndun verði lokið fyrir 9. nóvember, þegar hún tekur á móti erlendum þjóðarleiðtogum í tilefni þess að þá verða tuttugu ár liðin frá því að Berlínarmúrinn féll.


Sósíaldemókratar (SPD), sem hafa verið í stjórn með Kristilegum undanfarið kjörtímabil, hröpuðu niður í 23 prósent atkvæða úr 34 prósentum, sem flokkurinn fékk fyrir fjórum árum.

Sigurvegari kosninganna er Guido Westerwelle, leiðtogi Frjálsra demókrata, en sigur sinn getur hann væntanlega að stórum hluta þakkað Merkel kanslara, því hún hamraði á því í kosningabaráttunni að hún vildi frekar mynda stjórn með Frjálsum demókrötum en halda áfram stjórnarsamstarfinu með Sósíaldemókrötum.

Sósíaldemókratar geta hugsanlega einnig kennt Merkel um sitt tap, því hún hefur óspart kennt samstarfsflokknum um að hafa ekki getað hrint í framkvæmd þeim umbótum sem hún hefur viljað gera í Þýskalandi.

Merkel hefur notið vinsælda almennings, en gæti átt erfitt með að halda þeim í stjórn með

Skipting þingsæta



HEIMILD: YFIRKJÖRSTJÓRI ÞÝSKALANDS

© GN

Westerwelle, sem kemur ferskur inn í stjórnarsamstarfið með skýrar hægriáherslur.

Westerwelle vill ganga mun lengra en Merkel í frjálslyggjuátt, meðal annars í skattamálum.

Kristilegir og Frjálsir demókratar hafa oft starfað saman í stjórn áður, en veruleg breyting hefur orðið á vinstrivæng þýskra stjórnmalaflokka.

Sósíaldemókratar hafa lengst af haft þar yfirburðastöðu, með minni flokk Græningja við hlið sér, en nú eru vinstriflokkarnir þrír.

Sósíaldemókratar eru áfram stærstir, en Vinstriflokkurinn, arftaki gamla austurþýska Kommúnistaflokksins, hefur bætt við sig miklu fylgi með Gregor Gysi og Oskar Lafontaine í fararbroddi, og er nú orðinn stærri en Græningjaflokkurinn.

„Vinstri hefur breytt flokka-kerfinu,“ segir Lafontaine stoltur og lofar harðri stjórnarandstöðu.

gudsteinn@frettabladid.is



VERÐ 99.200 KR.*
Á MANN Í TVÍBÝLI
(AUKAGJALD FYRIR
EINBÝLI: 17.700 KR.)

KAUPMANNAHÖFN
ADVENTUFERÐIR
FYRIR ELDRI BORGARA

Ferðadagar: 15.–18. og 22.–25. nóvember.

Íslenskir fararstjórnar: Erla Guðmundsdóttir / Emil Guðmundsson

+ Bókanir á www.icelandair.is/hopar. (Númer hópa er 1207).

Nánari upplýsingar hjá Hópadeild Icelandair í síma 50 50 406 eða með tölvupósti á hopar@icelandair.is

HOTELBOKANIRJIS

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS



* Innifalið: Flug ásamt flugvallarsköttum, gisting í 3 nætur með morgunverði, rútuferðir til og frá flugvelli erlendis, einnig í Jónshús og í „Fisketorvet“. Skoðunarferð um Kaupmannahöfn, kvöldverður á Copenhagen Corner, aðgöngumið í Tivoli og „Julefrokost“ á Restaurant Kronborg og fararstjórn. Uppgefið verð getur breyst til samræmis við hækun á eldsneytisgjaldi og álögum sköttum og gjöldum. Verðið m.v. gengi 27. ágúst 2009.



FRYSTIKISTUR Í MIKLU ÚRVALI

MEST SELDU FRYSTIKISTUR Á ÍSLANDI



Whirlpool AFG6222B

- 212 lítra frystikista
- Orkuflokkur B
- 14kg frystigeta á sólarhring
- Ein karfa fylgir
- Á hjólum
- Hljóð: 41dB
- Með lás
- Mál: (hxbxd):
86,5x80,6x64,8sm

MARGAR STÆRÐIR Í BOÐI

VERÐDÆMI

Whirlpool AFG6222B

VERÐ

79.995

FRÁBÆRT VERÐ

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ

eina SAUMAVÉLAR

Saumavélatilboðin gilda til 1. október



ELNA2100

Einföld og góð SAUMAVÉL með 15 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Ábreiða yfir vélina fylgir og bútasaumsfótur fánlegur.

TILBOÐ

29.995

FULLT VERÐ 39.995



ELNA2300

Einföld og góð SAUMAVÉL með 24 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Íslenskur leiðarvísir fylgir. Ábreiða yfir vélina fylgir og bútasaumsfótur fánlegur.

TILBOÐ

36.995

FULLT VERÐ 44.995



ELNA2600

Einföld og góð SAUMAVÉL með 19 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Auðvelt er að auka sporlengdina, stillingar frá 0-4 mm. Sporbreidd er auðveldlega stillanleg frá 0-5 mm. Ábreiða yfir vélina fylgir og bútasaumsfótur fánlegur.

TILBOÐ

42.995

FULLT VERÐ 49.995



ELNA2800

Einföld og góð SAUMAVÉL með 23 sporgerðir, innbyggðum nálaþræðara, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Auðvelt er að auka sporlengdina, stillingar frá 0-4 mm. Sporbreidd er auðveldlega stillanleg frá 0-5 mm. Ábreiða yfir vélina fylgir og bútasaumsfótur fánlegur.

TILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 59.995

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ

REYKJAVÍK

SUDURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI

GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK

GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFÖSS

EYRARVEGI 21
480 3700



Heimilistæki

ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



UPPSTRÍLADUR HUNDUR Eigendurnir hafa sjálfsagt verið ákaflega ánægðir með munderinguna, sem þeir voru búnir að troða hundinum sínum í á hundakeppni í Mumbai á Indlandi.

NORDICPHOTOS/AFP

Stuðningur vegna tómstunda: Frístundakortin líklega áfram

REYKJAVÍK Kjartan Magnússon, formaður Íþrótt- og tómstundaráðs, kveðst reikna með að borgin muni áfram styðja tómstundastarf barna í gegnum frístundakortin svonefndu.



KJARTAN MAGNÚSSON

Frístundakortunum var komið á laggirnar árið 2007 í tilraunaskyni til þriggja ára. Í ár átti styrkurinn að nema 40 þúsund krónum á hvert barn en fjárhæðin var lækkuð í 25 þúsund í kjölfar efnahags-hrunsins.

Kjartan segir formlega ákvörðun um framhald frístundakortanna ótekna en að hann búist fastlega við að kerfið verði til frambúðar.

- bps

FUNDUR

Skuldastaða heimilanna

Fundur um skuldastöðu heimilanna verður haldinn á Grand hóteli í hádeginu í dag. Félag viðskipta- og hagfræðinga stendur fyrir fundinum. Á meðal frummælenda verður Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra.

Tilraun með flugskeyti endapunkturinn á tveggja daga heræfingum í Íran:

Íranar sýna hvað þeir geta

ÍRAN, AP Íranski herinn skaut upp í tilraunaskyni flugskeyti af nýrri og fullkominni gerð, sem dregur nógu langt til að bæði Ísrael og bandarískar herstöðvar við Persaflóa eru í skotfæri.

Alls gerðu Íranar tilraunir með flugskeyti í þremur lotum í gær og á sunnudag. Prófaðar voru nýjar og endurbættar útgáfur af flugskeytum af gerðinni Shahab-3 og Sajjil.

„Írönskum flugskeytum er hægt að miða á alla staði, sem Íran stafar ógn af,“ sagði Abdollah Araqi, yfirmaður í íranska hernum.

Tilraunirnar hófust aðeins



FLUGSKEYTI SKOTIÐ Á LOFT Nýja flugskeytið kemst tvö þúsund kílómetra og getur borið allt að þúsund kílógramma þunga sprengihleðslu.

NORDICPHOTOS/AFP

tveimur dögum eftir að Bandaríkin og fleiri ríki ljóstruðu upp að Íranar hafi með leynd reist

aðra kjarnorkutilraunastöð þar sem úran er auðgað.

Íranar voru harðlega gagnrýndir og skorað á þá að leyfa alþjóðlegum kjarnorkueftirlitsmönnum að skoða nýju stöðina. Vaxandi spenna hefur verið vegna kjarnorkuáforma Írana.

Javier Solana, utanríkismála-fulltrúi Evrópusambandsins, segir Írana verða án tafar að leysa úr deilum sínum við umheiminn.

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segist ekki telja að Íranar geti sannfært aðra um að þeir ætli sér einungis að vinna kjarnorku í friðsamlegum tilgangi.

- gb

Sameining sveitarfélaga:

Eitt sveitarfélag á Austurlandi

STJÓRNSÝSLA Forystumenn sveitarfélaga á Austurlandi ákváðu um helgina að fela starfshópi að kanna kosti þess að sameina öll sveitarfélög í fjórðungnum í eitt.

Á starfshópurinn meðal annars að gera tillögur að stjórnkerfi nýs sameinaðs sveitarfélags, kanna vilja ríkisvaldsins til að stuðla að opinberum framkvæmdum í því og fjalla um þau áhrif sem tilkoma sveitarfélagsins hefði í för með sér fyrir austfirskt samfélag.

Nú sveitarfélög eru á Austurlandi og hefur þeim fækkað nokkuð með sameiningu undan-gengin ár.

- bps



BAK VIÐ LÁS OG SLÁ Fangelíði í Zürich-Kloten, þar sem talið er að Polanski sé í haldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Polanski í baráttuhug í Sviss:

Berst gegn framsalskröfu

SVISS, AP Pólski kvikmyndaleikstjórinn Roman Polanski er staðráðinn í að berjast gegn framsali til Bandaríkjanna, en í gær hafði framsalskrafa ekki borist.

Polanski, sem er einn fremsti leikstjóri heims, var handtekinn þegar hann kom til Sviss um helgina fyrir að hafa fyrir þrjátíu árum niðst kynferðislega á þrettán ára gamalli stúlkun. Hann hefur verið eftirlýstur síðan og ekki getað farið til Bandaríkjanna.

Ráðamenn í Frakklandi sem og ýmsir framámenn í kvikmyndagerð hafa fordæmt handtökuna og hvatt Svisslendinga til að láta Polanski lausan.

- gb

Skuldavandi heimila er viðráðanlegur

Aðgerðir til að mæta vanda þeirra sem eiga í mestum skuldavanda eru í loka-vinnslu. Stórframkvæmdir eru í undirbúningi. Allt er undir í uppstokkun ríkiskerfisins. Forsætisráðherra vill að skilanevndir starfi fyrir opnum tjöldum.

STJÓRNMÁL Útfærsla endanlegra aðgerða til að koma til móts við þá sem eiga í mestum skuldavanda er á lokastigi. Er aðgerðunum ætlað að gilda um alla, sama hvar þeir skulda og sama hverrar tegundar lán þeirra eru.

Þetta kom fram í máli Jóhannu Sigurðardóttur forsætisráðherra á flokksstjórnarfundum Samfylkingarinnar á laugardag.

Sagði hún aðgerðirnar tryggja bæði húsnæðisöryggi fólks og að skuldsett heimili verði ekki föst í skuldafjötrum um ókomna tíð.

„Allar kannanir sýna að vandinn er viðráðanlegur og í raun séu það um tuttugu prósent heimila sem þurfi nú á róttækum aðgerðum að halda,“ sagði Jóhanna.

Ríkisstjórnin stendur frammi fyrir að stoppa í 180 milljarða króna halla á fjórum árum. Sagði Jóhanna ráðgert að hallinn yrði tæpum 100 milljörðum minni í lok næsta árs. Því verði náð fram með niðurskurði, sparnaði, uppstokkun ríkiskerfisins og réttlátari skattastefnu en verið hafi.

Í undirbúningi eru stórframkvæmdir í orkumálum, vegamálum og byggingariðnaði, meðal annars með aðkomu lífeyrissjóða. Jóhanna gat um ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því á föstudag um að greiða götu þess að nýr Landspítali risi. Við það skapast minnst 800 störf. Nefndi hún líka Búðarháls-virkjun, stækkun Straumsvíkuralversins, byggingu álversins í Helguvík, Suðurlandsveg, gagnaver og virkjun jarðhita sem verkefni til uppbyggingar atvinnulífs.

Hún sagði líka margt í bígerð til að draga úr umsvifum hins opinbera og nefndi sameiningu stofnana og embætta.



STOLT Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra kveðst stolt af þeim árangri sem ríkisstjórn hennar hefur náð á átta mánaða starfstíma sínum.

BREYTINGAR SEM SKILUÐU NÁNAST ENGU

Jóhanna boðaði breytta skattastefnu. Hún vitnaði til óbirtrar skýrslu sem sýndi að þær skattbreytingar sem gerðar voru í þágu atvinnulífsins, og áttu ekki síst að laða að erlenda fjárfestingu, hafi nánast engu skilað í þeim efnum. Áhugi erlendra aðila á fjárfestingum hér hafi nánast eingöngu átt við um stóriðju. Á sama tíma hafi Íslendingar í stórum stíl fjárfest hér í gegnum erlend fjárfestingarfélag. Sagði hún ríkisstjórnina ætla að jafna hlutföll milli tekjuskatta og fjármagnstekjuskatta og innleiða orku-, umhverfis- og auðlindaskatta. Skattheimtan

verði að sönnu aukin en varlega verði farið í breytingar á óbeinum sköttum og hvorki hreyft við eignané erfðafjársköttum.

Úr fjórum prósentum í tuttugu

Jóhanna tók dæmi um breytingar. Árið 1993 var 1 prósent ríkustu fjölskyldna landsins með um 4 prósent hlutdeild í ráðstöfunartekjum. Árið 2007 var hlutdeild sama hóps orðin um 20 prósent. Árið 2007 höfðu 10 prósent fjölskyldna um 40 prósent ráðstöfunartekna en 90 prósent fjölskyldna skiptu 60 prósentum teknanna á milli sín.

Þá upplýsti Jóhanna að hún hefði farið fram á að skilanevndir bankanna greindu opinberlega frá störfum sínum. Sagði hún marga hafa áhyggjur af því hvernig staðið væri að endurskipulagningu á

skuldum fyrirtækja, hver þeirra yrðu knúin í þrot og hverjum hjálpað með skuldbreytingum og afskriftum. Allt þyrfti að vera á hreinu í þessum efnum í nýju og betra samfélagi.

bjorn@frettabladid.is

Viðamikil endurskipulagning á verkefnum ráðuneyta og stofnana áformuð:

Breytingar kalla á nýja hugsun

STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin hefur ákveðið að ráðast í viðamiklar breytingar og endurskipulagningu á verkefnum ráðuneyta og stofnana. Markmið þeirra er meðal annars að forgangsraða í ríkisrekstrinum, auka skilvirkni og nýta fjármuni á sem árangursríkastan hátt.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir meðal annars að ekki sé hægt að ganga út frá því sem vísu að allir þeir sem nú vinna hjá ríkinu sinni sömu eða sams konar störfum eftir að endurskipulagningin hefur farið fram. Enn fremur segir að breytingarnar séu komnar mislangt á veg en þær kalli á nýja hugsun, útsjónarsemi og samhent átak allra aðila.

- bps

MEÐAL ÞESS SEM STJÓRNVÖLD ÁFORMA

- Lögreglu- og sýslumannsembættum verður fækkað.
- Héraðsdómstólar sameinaðir í einn.
- Landið gert að einu skattumdæmi.
- Aðgerðaáætlun um samstarf heilbrigðisstofnana og breytt skipulag stjórnsýslustofnana heilbrigðisráðuneytisins.
- Sameining átta heilbrigðisstofnana á Vesturlandi og tveggja í Fjallabyggð.
- Breytt verkaskipting stærri stofnana sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytisins.

- Verkefni og stofnanir á sviði vinnu og velferðar endurskipulögð og starfsemin samþættuð félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Unnið er að flutningi málefna fatlaðra og aldraðra frá ríki til sveitarfélaga.
- Sameining slysarannsóknarnefnda. Keflavíkurflugvöllur ohf. og Flugstöðir ohf. sameinuð.
- Endurmat á háskólakerfinu, þar með talið á möguleikum til aukins samstarfs eða sameiningar háskóla.
- Varnarmálastofnun lögð niður í núverandi mynd 2010 og verkefni hennar samþætt hlutverki annarra opinberra stofnana.



NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN

6–9 ÁRA OG 10–12 ÁRA

Ljósið fer nú aftur af stað með styrkjandi námskeið fyrir börn sem eiga aðstandenda sem hefur greinst með krabbamein.

Námskeiðið stuðlar að jákvæðri uppbyggingu og er unnið með lífsgleðina og það að lifa í nútímanum.

Leiðbeinendur á námskeiðinu eru með margra ára starfsreynslu í að vinna með börnum. Þær eru: **Ósk Sigurðardóttir** iðjuþjálfari með sérmenntun í ævintýrameðferð fyrir börn og **Elísabet Lorange** listmeðferðarfræðingur.


Námskeiðið hefst fimmtudaginn 1. október. Skipt verður í aldurshópa. Námskeiðið er ókeypis.

Langholtið 43, sími 561 3770, ljosisid@ljosisid.org, www.ljosisid.is



LJÓSIÐ

UPPSKRIFT AÐ VINNINGSLIÐI



Kæru viðskiptavinir,

Við tökum okkur frí í kvöld til að halda árshátíð með framúrskarandi starfsfólki okkar. Allir sölustaðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 19:00.
Stjórn Domino's.



58-12345
dominos.is



LÍKNESKI BRENNUR Líkneski djöflakonungsins Ravana stóð í ljósum logum á lóð hofs í borginni Amritsar á Indlandi í tilefni af trúarhátíð hindúa. NORDICPHOTOS/AFP



JOSE SOCRATES Ætlar hvergi að hvíka frá umbótaáformum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Portúgal:

Socrates áfram við stjórnvölinn

PORTÚGAL, AP Jose Socrates, forsætisráðherra Portúgals, ætlar hvergi að hvíka frá áformum sínum um róttækar umbætur á samfélaginu.

Hann tryggði sér í þingkosningum um helgina umboð til að stjórna annað kjörtímabil, þrátt fyrir að margir óttist áform hans, þar á meðal margir félagar hans í Sósíalistaflokknum.

„Ég mun ekki hika við að hrinda umbótum í framkvæmd, jafnvel þótt þær mæti skilningsleysi, hindrunum og andstæðingum,“ sagði hann í kosningabaráttunni.

Gagnrýnendur hans, meðal annars í verkalyðshreyfingu Portúgals, segja umbótagugmyndir hans líkjast frekar hugmyndum hægriflokka en sósíalista. -gb

Sóttvarnalæknir rannsakar upptök E. coli-sýkinga sem komið hafa upp:

Fimm með illræmda sýkingu

HEILBRIGÐISMÁL Á síðustu dögum hafa fimm greinst með sýkingu af völdum E. coli-bakteríunnar illræmdu, samkvæmt upplýsingum landlæknisembættisins. Sýkingarnar hafa verið staðfestar á sýkladeild Landspítala. Fólkið er á aldrinum eins árs til 36 ára. Um þrjá karla og tvær konur er að ræða.

Fjórir þeirra sem greindust eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu en einn á Suðurlandi. Líklegt þykir að rekja megi sýkinguna á Suðurlandi til höfuðborgarsvæðisins. Engin þekkt tengsl eru á milli fólksins og allir smituðust hér á landi.

Upphaf einkenna var á tímabil-



HARALDUR BRIEM Sóttvarnalæknir vinnur að rannsókn á upptökum E.coli-sýkinganna.

inu 17. til 23. september. Þrír hafa verið lagðir inn á sjúkrahús vegna sýkingarinnar en enginn hefur

greinst með alvarlega fylgikvilla af völdum hennar. Ekki er búið að komast að uppruna smitsins, en sóttvarnalæknir vinnur að rannsókn málsins.

E. coli O157 er baktería sem berst með menguðu vatni og matvælum í menn, en smit manna á milli og úr dýrum í menn er einnig vel þekkt. Helstu einkenni sýkingar í fólki eru niðurgangur, sem mjög oft er blóðugur, og slæmir kvíðverkir eða uppköst. Bakterían framleiðir ákveðna tegund eiturefnis sem getur leitt til skertrar nýrnastarfsemi og stundum til alvarlegra veikinda, einkum hjá börnum. -jss

Björgvin G. Sigurðsson um efnahagshrunið:

Skulda þjóðinni afsökunarbeiðni

EFNAHAGSMÁL Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, segist sjá eftir því að hafa ekki gengið miklu harðar fram í því að koma Ícesave úr útibúi Landsbankans á Íslandi yfir í erlend dótturfélag.

Þetta kemur fram í grein sem Björgvin ritar í Morgunblaðið í gær. „Okkur mistókst yfirlýst markmið um að koma Ícesave í dótturfélag úr útibúum þrátt

fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá Landsbankann til þess. Þar hefðum við átt að ganga miklu harðar fram og því sé ég mest eftir af öllu á mánuðunum mínum í ráðuneytinu,“ segir Björgvin. „Þá hefði fyrir löngu átt að vera búið að sameina bankamálin undir eitt ráðuneyti í stað þriggja og eftirlitið í eina sameinaða stofnun. Það hefði örugglega rofið víta-hring samráðsleysis og óljósra skila á milli ábyrgðar og hlutverka í því viðkvæma viðfangsefni að tryggja fjármálalegan stöðugleika í samfélaginu.“

Björgvin segir að íslenska stjórnmalastéttin skuldi þjóðinni afsökunarbeiðni vegna þess að efnahagshrunið varð alvarlega hér á landi en víðast annars staðar vegna aðgerða og aðgerðaleysis stjórnmalamanna. „Þar eru fáir undanskildir, hvorki þeir sem stýrðu samfélaginu frá miðjum tíunda áratugnum né aðrir sem börðust gegn því að skikki yrði komið á gjaldmiðilsmál þjóðarinnar,“ segir Björgvin. „Ég hef beðist afsökunar fyrir mitt leyti og undirstrika það hér.“ -pg



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON Sér eftir því að hafa ekki komið Ícesave í erlend dótturfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SKOÐA VEFINN Safn allra vefsíðna með þjóðarlensendingunni .is verður opnað í dag. Sigurður tækniamaður (til vinstri) og Þorsteinn aðstoðarlandsbókavörður segja hið víðamikla safn munu fylla upp í gat í menningararfi þjóðarinnar, enda hafi æ meiri hluti umræðunnar flust yfir á vefinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrsta safn vefsíðna opið almenningi

Vefsafn Þjóðarbókhliðunnar verður opnað í dag. Geymir allar vefsíður sem safnað er af þjóðarléni. Fyrsta safnið sem opið verður almenningi af þessum toga. Á að tryggja varðveislu samtímaheimilda.

MENNING Umræðan hefur á undanföllum árum æ meira færst af síðum blaðanna og yfir á internetið. Sagnfræðingum framtíðarinnar er því nokkur vandi á höndum, enda gömul saga og ný að erfitt er að stóla á heimildir á netinu fjölda ára aftur í tímann og sumar síður hafa lagt upp laupana. Í dag opnar almenningi hins vegar heimasíðan www.vefsafn.is en þar er að finna safn ísenskra vefsíðna frá árinu 2004.

Vinna við verkefnið hófst árið 1998, að sögn Þorsteins Hallgrímssonar, aðstoðarlandsbókavörðar. Verkefnið var nokkuð flókið og því var ákveðið að vinna tæknivinnu í samvinnu við erlenda aðila. Unnið er að svipaðri söfnun vefsíðna í Ástralíu, Svíþjóð og Bandaríkjunum. Síðastnefnda verkefnið, sem unnið er á vegum Internet Archive, er mjög metnaðarfullt; þar ætla menn að safna saman öllum vefsíðum heimsins. Í samvinnu við þá var unnið að tæknimálum, en vandamálið í þeim efnum er að vefurinn vex mun hraðar en tæknin við að skrá hann, að sögn Kristins Sigurðssonar, fagstjóra upplýsingatæknihóps.

En til hvers er verið að safna vefsíðum? Þorsteinn segir að tilkoma vefsins hafi gjörbreytt öllum

Þrjú sitja Evrópuráðsþing:

Þrýstihópar og átök á dagskrá

ALÞINGI Þrír alþingismenn sitja fund Evrópuráðsþingsins sem nú stendur í Strassborg. Það eru Lilja Mósesdóttir, formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Birkir Jón Jónsson.

Á þinginu verður framkvæmdastjóri Evrópuráðsins kjörinn og rætt um átökin milli Rússlands og Georgíu, loftlagsmál og verndun einstaklinga sem gera viðvart um misferli, til dæmis, innan stofnana eða fyrirtækja. Þá á að ræða reglur um starfsemi og vinnubrögð þrýstihópa. -bjs

COMPETITION REGULATION IN SMALLER ECONOMIES

New challenges in times of crises



Niels Rytter Jensen, hagfræðingur, mun halda opinn fyrirlestur í Háskóla Íslands, miðvikudaginn 30. september n.k. kl. 12:30-14.00, á Háskólatorgi stofu 102.

Niels Rytter er sjálfstætt starfandi ráðgjafi í samkeppnismálum með aðsetur í Kaupmannahöfn. Hann starfaði um áratugaskeið sem yfirmaður hjá dönsku samkeppnisstofnuninni. Hann býr yfir víðtækri reynslu af alþjóðasamstarfi á sviði samkeppnismála m.a. sem stjórnandi samnorrænna og samevrópskra verkefna. Niels Rytter kenndi um tveggja áratugaskeið hagfræði við Copenhagen Business School.

Niels Rytter mun í fyrirlestri sínum fjalla um endurbætur á samkeppnisreglum og hugmyndir að breyttum áherslum í framkvæmd samkeppniseftirlits. Hann mun einnig fjalla um áskoranir á krepputímum.

Finna má frekari upplýsingar um Niels Rytter og starfsemi hans á vefsíðunni www.konkurrenceraadgivning.dk

Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er aðgangur ókeypis.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

VÍÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD

Sótt um stöðu sóknarprests í Kársneskirkju:

Telja tengdason biskups hæfastan

KIRKJAN Valnefnd innan Þjóðkirkjunnar mælir með Sigurði Arnarsyni í stöðu sóknarprests í Kársneskirkju í Kópavogi. Sigurður er tengdasonur séra Karls Sigurbjörnssonar biskups. Formaður sóknarnefndar Kársneskirkju, Kristín Línadal, segir í samtali

við Vísi að vinnubrögð valnefndarinnar hafi verið til fyrirmyndar. Fjórtán sóttu um stöðuna. Þegar Sigurður sótti um að verða sendiráðsprestur í Lundún-um 2003 vék biskup sæti vegna tengsla sinna við Sigurð og skipaði hæfisnefnd, sem taldi Sigurð hæfastan. Hæstiréttur dæmdi kirkjuna skaðabótaskylda vegna þessa. Annar umsækjandi hafði kvartað undan málsmeðferðinni.

- kóp

Smokkasala hefur hrunið eftir efnahagshrunið:

Óttast fjölgun fóstureyðinga vegna kreppunnar

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisstarfsfólk óttast að bæði fóstureyðingum og ungum mæðrum fjölgi vegna þess hve getnaðarvarnir séu orðnar dýrar hér á landi. Læknar segja efnahagsástandið farið að hafa áhrif á val kvenna á getnaðarvörnum og margar þeirra hafa hætt að nota þær vegna kreppunnar. Smokkar eru tvöfalt dýrari en á sama tíma í fyrra og salan hefur dregist saman um fjórðung. Ebba Margrét Magnúsdóttir, læknir og sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, segir þróunina hérlandis verulegt áhyggjuefni. „Það voru framkvæmdar 955 fóstureyðingar hér á landi árið 2008 og ein af hverjum þremur konum hafði áður farið í fóstureyðingu. Við læknar höfum af því áhyggjur að konur vilji skipta yfir í ódýrari getnaðarvarnir og fari af getnaðarvörnum sem þeim leið vel á vegna kostnaðar.“ Tölur liggja ekki fyrir hvort fóstureyðingum sé að fjölga á milli ára en það að konur séu að fara endurtekið í fóstureyðingar gæti bent til þess að konur séu ekki að nota réttar getnaðarvarnir, að



SMOKKAR Tólf smokkar kosta um 2.000 krónur á Íslandi. Í Bretlandi eru getnaðarvarnir niðurgreiddar fyrir ungt fólk. mati Ebbu. „Ungar konur hafa litla peninga á milli handanna og það er ekkert grín að enda þungun með fóstureyðingu.“ Ebba bendir á að öfugt við Ísland niðurgreiði til dæmis Bretar getnaðarvarnir að fullu. „Ég hef lengi vonast eftir að svo geti orðið hjá konum yngri en 25 ára hér á landi.“

- shá



AFTUR Á SKÓLABEKK Borgarstjóri og forseti Íslands, ásamt ónefndum nemanda í Háteigsskóla, fylgjast með myndbandi um forvarnir á kynningu forvarnardags í Háteigsskóla í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forvarnardagurinn haldinn hátíðlegur í Háteigsskóla:

Forvarnardagurinn kynntur formlega

VÍMUEFNI Forvarnardagurinn var kynntur í gær í Háteigsskóla. Ólafur Ragnar Grímsson forseti og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri fluttu ávörp, ásamt forseta Íþróttasambands Íslands, Ólafi Rafnssyni, og Helgu G. Guðjónsdóttur, formanni Ungmennafélagsins, meðal annarra. Gestum og nemendum var sýnt sérstakt kynningarmyndband forvarnardagsins með frægu fólki eins og Páli Óskari Hjálmtýssyni og Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur. Í tilkynningu segir að forvarnardagurinn sé byggður á

íslenskum rannsóknum um hvað dugi best til að „koma í veg fyrir að ungmenni verði fíkniefnum að bráð“. Bestu ráðin séu þátttaka í íþróttar- og æskulýðsstarfi, samvera með fjölskyldu og að bíða sem lengst með að smakka áfengi. Á forvarnardegi ræða nemar í grunnskólum um hugmyndir sínar um æskulýðsstarf, fjölskyldulíf og þess háttar. Samkvæmt rannsókn frá 2007 er minnst um dagneyslu löglegra vímuefna meðal íslenskra ungmenna, miðað við ungmenni 37 annarra Evrópulanda.

- kóp



ÚTSÖLUMARKAÐUR N1 STÓRVERSLUN BÍLD SHÖFÐA 9 40-70% AFSLÁTTUR AF VINNUFATNAÐI



9621 308240
VARMASOKKAR
Verð áður 1.276 kr.
Verð nú 639 kr.



9611 HX0015
LAMBUSHETTA
úr fleece efni
Verð áður 1.731 kr.
Verð nú 692 kr.



9613 P15428016Ú
FRISTADS MITTISBUXUR
Verð áður 7.323 kr.
Verð nú 3.662 kr.



9611 HX0102
VATTFÓÐRAÐUR KULDAGALLI
Verð áður 26.217 kr.
Verð nú 10.487 kr.



9624 P6939
ÖRYGGISSKÓR
Verð áður 6.848 kr.
Verð nú 3.424 kr.



9611 HX0318
ÍÐNAÐARVESTI MEÐ BELTI
Verð áður 11.875 kr.
Verð nú 7.125 kr.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar
til handa skuldsettum heimilum:

Verða að duga í bráð og lengd

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Óvissan hefur verið heldur leiður förunautur þjóðarinnar undanfarið ár. Hún hefur lagst eins og mara yfir öll svið hins daglega lífs. Óvissan snýr bæði að því hvernig samfélagið verður hér á næstu árum og áratugum en ekki síður um fjárhagslega afkomu hvers og eins heimilis í samfélagi þar sem atvinna er orðin ótrygg og skuldirnar eru óræð stærð, svo ekki sé meira sagt.

Fyrir liggur að almenningur mun á næstu misserum þurfa að bera þungar sameiginlegar byrðar. Draga þarf úr útgjöldum hins opinbera á sama tíma og ríkið verður að auka tekjur sínar. Það blasir því við að Ísland verður ekki lengur meðal þeirra vestrænu þjóða sem lægsta hafa skattana heldur verður skattheimta hér meira í átt við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar. Óvissa ríkir þó enn um það hvernig skattabreytingar muni hitta hvern og einn fyrir.

Fréttir af þeim niðurskurði og sparnaði ríkisútgjalda sem fram undan er hafa birst í brotum. Listi ríkisstjórnarinnar yfir viðamiklar breytingar á stofnunum ríkisins sem birtur var í gær er því fagnaðarefni, ekki endilega vegna allra þeirra efnispátta sem á honum eru heldur hins að með birtingu hans er létt á óvissu um hvar eigi að bera niður í niðurskurðinum og dregin upp mynd af þeim breytingum sem fram undan eru og lúta allar að því að draga úr kostnaði. Sömuleiðis er ljóst þegar listinn er skoðaður að um verulegar kerfisbreytingar er að ræða, sem eru líklegar til þess að skila umtalsvert meiri sparnaði til lengri tíma en hægt yrði að ná með minna róttækum aðgerðum.

Sú óvissa sem áreiðanlega hvílir hvað þyngst á íslenskum almenningi er þó óvissan um fjárhagslega afkomu heimilanna. Boðað hefur verið að aðgerðir ríkisstjórnarinnar gagnvart skuldsettum heimilum verði kynntar nú í vikunni, en um helgina var sýnt á einhver spil sem eru á þeirri hendi. Þessara aðgerða hefur verið beðið meira en nokkurra annarra.

Ljóst er að aðgerðir sem þessar eru ekki hristar fram úr erminni. Það er vandaverk að finna sanngjarna leið til þess að létta á skuldavanda heimilanna. Í slíkum aðgerðum mega þeir til dæmis ekki fara halloka sem ábyrgastir hafa verið í fjármálum sínum.

Forsætisráðherra hefur sagt að aðgerðirnar eigi að gilda um alla, sama hvað þeir skulda og hverrar tegundar lán þeirra eru. Svo virðist þó sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar taki fyrsta kastíð aðeins til afborgana lánanna, að ekki sé um niðurfærslu höfuðstóls að ræða. Þetta hlýtur að þýða að ákveðnum vanda er skotið á frest.

Slíkar aðgerðir létta vissulega á ákveðinni spennu og munu leysa úr bráðavanda margra heimila. Hins vegar verður óvissan til lengri framtíðar söm ef hagsmunir lánveitenda verða áfram teknir fram yfir hagsmuni lántakenda.

Vonandi verða langþráðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar farsælar skuldsettum heimilum bæði í bráð og lengd. Þau þurfa þess með.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

Auglýsingasími

512
5050



– Mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vefarinn mikli

Ein margra smárra hliðarverkana bankahrunsins var sú að Björgvin G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra, sem örskömmu eftir hrunið lokaði vefsíðu sinni, gafst ekki tóm til að lagfæra hana eins og til stóð. Hann hefur líkast til verið of upptekinn. Síðan í októberbyrjun í fyrra hefur orðsendingin „Verið er að endurskoða og breyta vefsvæðinu bjorgvin.is“ því mætt gestum. Margir hafa sýtt það að komast ekki í skrifin og jafnvel sakað Björgvin um að reyna að hylja slóð óheppi-legra ummæla. En þótt viðgerðin á vefsvæðinu sækist hægt skyldu hvorki

Björgvin né áhugamenn um hann örvænta, því nú gefst á ný færi á að drekka í sig skrif hans með aðstoð Vefsafnsins, splunkunýrrar íslenskrar vef tímavélar á vegum Landsbókasafns.

Týnda ávarpið

Vefsafnið veitir aðgang að ýmsum skemmtilegum skrifum eftir ráðherrann fyrrverandi, sem annars hefðu fallið í gleymiskunnar dá. Til dæmis ávarp sem hann flutti á ársfundi Fjármálaeftirlitsins í nóvember árið 2007, en er af einhverjum ástæðum hvorki að finna á vef FME né viðskiptaráðuneytisins. Þar sagði Björgvin meðal annars þetta: „Íslensku fjármálaþyrirækin hafa notið þess

meðbyrs sem verið hefur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum undanfarin ár og nýtt vel þau tækifæri sem gefist hafa á mörkuðum með fyrirtækja-kaupum og stofnun útibúa erlendis.“

Umræðuoróinn

Björgvin bætti þessu síðan við um störf Jónasar Fr. Jónssonar og undirmanna hjá FME: „Á undanförunum tveimur árum hefur eftirlitið staðið frammi fyrir þeirri miklu áskorun að fylgja eftir og halda í við framrás íslenskra fjármálaþyrirækja auk þess að takast á við umræðuoróann vorið 2006. Að mínum dómi hefur stofnuninni tekist vel til í þeim efnum.“ Lesþyrstum er bent á síðuna vefsafn.is, vilji þeir kynna sér skrifin betur.

stigur@frettabladid.is

Ofbeldisvæðingin

Fimm ára stúlka var stungin með eggvopni af ungri konu í Keflavík, og liggur þungt haldin á Landspítalanum. Grunur leikur á að konan hafi verið að hefna sín á foreldrum, samkvæmt fjölmiðlum gær dagsins, en ekki er ljóst þegar þetta er skrifað, fyrir hvað. Í gær var líka viðtal við lögreglustjóra Suðurnesja, sem segir skipulagða glæpastarfsemi finnast í umdæminu. Þar séu bæði innlendir og erlendir hópar sem fylgst sé vel með. Hættumat greiningardeildar þjóni embættinu og hún mæli með að fleiri umdæmi verði greind með sambærilegum hætti.

Í ljósi aðstæðna hlýtur það að teljast sjálfsagður hlutur, þó að napurt sé að þurfa að horfast í augu við að að fámenn en upplýst þjóð á eyju í Atlantshafi, þar sem slíkt ætti ekki að geta dulist, skuli ekki eiga ráð til að uppræta innlenda glæpahópa og vísa hinum úr landi.

Þó að illskiljanlegur örvæntingarglæpur sé ekki það sama og skipulagðir hópar innbrotsþjófa og fíkniefnaþjóna er ofbeldi beitt í báðum tilvikum til að ná sér niðri á, eða ná sínu fram. Það er þjóðar-smán að handrúkkarar skuli vera starfandi hér á landi, í þeirri vissu að fórnarlömbin geta ekki kært þá nema stofna lífi og heilsu sinna nánustu í hættu. Vantar ekki eitt-hvað í lagabálkin?

Að koma eins og þjófur á nóttu, er ekki lengur bara líkingarmál. Fólk leggst ekki lengur rólegt og öruggt til svefns á eigin heimilum. Árvökull maður veitti athygli bifreið sem lengi vel ók fram og aftur í götunni hans, og gerði viðvart. Hjá bifreiðastjóranum fannst nákvæmt yfirlit yfir húsinn í götunni, fjarvistir og vinnutíma íbúa. Merkt var með bláu við hús með öryggiskerfi en rauðu hjá



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR
Í DAG | Ofbeldi og vald

þeim sem áttu hunda.

Þó að erlendir og þrautþjálfaðir fagmenn í þjófnáði hafi verið stórtækir hér á landi og vafalítið skopast að andvaraleysinu hérlendis er eins víst að að Íslendingar á sömu braut eru námfúsir. Og þess utan er engu að kvíða. Fari svo að þeir náist er ekki pláss fyrir þá í fangelsum, svo að þeir geta notað bið-tímann vel. Eða þeir eru settir inn í fangelsi sem eru eins og hótél, miðað við það sem tíðkast víða erlendis. Gott frí. Hvernig er með heimavistarskóla á landsbyggðinni, sem ekki eru lengur í notkun? Er ekki húsnæði úti um allt sem hægt væri að laga að þessari starfsemi?

Vald yfir lífi annarra

Heimilisofbeldi hefur smám saman komið upp á yfirborðið á síðustu árum. Fólk veit um úrræði, veit hvert það getur farið og fengið skilning og stuðning. Það er ekki lengur skömm að segja frá því að maður hafi sætt ofbeldi og lifað við það, ekki frekar en að vera samkynhneigður. Ofbeldið getur átt greiða leið upp á yfirborðið þegar áfengi og fíkniefni eru undir stýri hjá manneskjunni, til dæmis á útihátíðum, en oft þarf ofbeldið enga örvun. Óhugnanlegar fréttir af fyrirbærinu í Austurríki, sem gerði dóttur sína að fanga og kynlífsþræli í kjallaranum heima hjá

sér, voru á þann veg, að manni þóttu þær nánast handan við hugmyndaflugið. Síðan kemur annar slíkur ofbeldismaður í ljós vestanhafs. Hvort tveggja vitnar um öðrum þræði um þá ónáttúru að sækjast eftir og njóta þess að hafa algjört vald yfir lífi annarrar manneskju. Þetta endurspeglar í frábærum leik Þratar Leós, Davíðs, Jörundar og Dóru í leikritinu, Heima er best, í Borgarleikhúsinu. Birtingarmynd þess er líka meðferðin á fongunum í Guantánamo, sem og víðar.

Á vaktinni

Vald og valdagræðgi er jafnan tengd stjórnmálum og fjármála-starfsemi, en valdagræðgi er algeng inni á heimilum, á skólalöðum og vinnustöðum. Þessi hneigið til að ráða yfir öðrum. Sýna vald sitt með því að niðurlægja einhvern, gera hann hlægi-legan og niðurbrotinn, til að hinir sjái hvers viðkomandi er megnugur. Þetta er náttúrulega birtingarmynd vanmetakenndar. Sá sem er öruggur og sáttur innra með sér þarf ekki á fylgispekt á kostnað annarra að halda.

En valdið og ofbeldið er líka vinsælasta afþreyingarefni samtímans. Vinsælustu bíomyndir og bækur á Vesturlöndum eru sakamálasögur með hugvitsamlegum hörmungum innan um skemmtilega spennufrásögnum.

Eflaust blundar einhvers konar valdafíkn í hverjum manni. Hjá sumum rumskar hún kannski, en vaknar aðrei. Aðrir eiga sína takta í vinahópi, en reynslan kennir að þessi kennd glaðvaknar oft þegar menn fá mannaforráð. Þá þurfa þeir að vera á vaktinni gagnvart sjálfum sér. Reyndar þurfum við öll að standa slíka vakt, allar stundir.

Hvers konar verðtrygging?

UMRÆÐAN

Porkell Helgason skrifar um greiðslujöfnun

Joseph Stiglitz, nóbelsverðlaunahafi, hefur lagt til að verðtrygging lána miðist fremur við laun en neysluverð. Þannig tengist greiðslubyrðin beint við afkomu lánggreiðenda. Hængurinn er sá að til lengdar litið hafa laun hækkað meira en verðlag og svo verður vonandi í framtíðinni. Í frétt á forsíðu Fréttablaðsins í gær er t.d. bent á að launavísitala hafi hækkað um 29% umfram vísitölu neysluverðs síðan 1991. Því er hæpið að lántakendum sé greiði gerður með tengingu höfuðstóls við laun.

En til er svipuð en betri lausn. Hún felst í ársгамalli lagasetningu um greiðslujöfnun á verðtryggðum fasteignaveðlánum. Lánin eru samkvæmt þessu fyrirkomulagi verðtryggð miðað við neysluverð en greiðslubyrðin aðlöguð breytingu á launum frá ársbyrjun 2008. Þannig er byrðin léttari nú en ella væri, og gott betur því einnig er tekið tillit til lækkandi atvinnustigs. Aftur á móti mun höfuðstóllinn ekki hækka meira en svarar til hækunar neysluverðs þegar hagar þjóðarinnar



PORKELL
HELGASON

fer að vænkast og kaupmáttur að vaxa á ný. Undarlegt er að bjargráðið sem felst í greiðslujöfnunarlögunum hefur lítt borist almenningi til eyrna og fáir nýtt sér möguleikann. Lækkun á greiðslubyrði er vissuleg keypt því verði að lánin lengjast. Dágóð von er samt til þess að þeir sem nýta sér greiðslujöfnun séu á endanum betur settir en með verðtryggingu að hætti Stiglitz. Engu að síður kann kúfurinn sem bætist við lánin að vera ástæða þess að lausnin er vannýtt.

Nú hefur kvisast út að félagsmálaráðherra hyggist dusta nýfallið ryk af greiðslujöfnunarlögunum og gera tillögur um endurbætur og útvíkkun á þeim í ljósi reynslunnar. M.a. mun hugað að viðlaga-ákvæði sem taki með samfélagslegum hætti á eftirhreytum greiðslufajnaðra lána verði þær óeðlilega miklar. Tillögur ráðherrans virðast því bæði sneiða hjá þeim galla sem felst í tengingu höfuðstóls við laun og jafnframt stemma stígu við löngum skuldahala ef efnahagsbati lætur á sér standa. Gagnrýni er samt þegar komin á kreik, t.d. í fyrrgreindri frétt blaðsins. Þjóðmálaumræða á Íslandi er einatt þannig að byrjað er að gagnrýna áður en ljóst er að hverju hún beinist. Hvernig væri að sjá tillögur ráðherrans áður en gripið er til vopna?

Höfundur sat á sínum tíma í vinnuhópi um greiðslujöfnun.



PAPRIKA, grænkál, spergilkál, hvítkál, blómkál og rósakál, kíví og allir sítrusávestir eru góðir C-vítamíngjafar, en C-vítamín þarf líkaminn meðal annars við ýmis efnahvörf. Vægur skortur á C-vítamíni getur lýst sér í þreytu og blóðleysi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Exquisite FORM
Fully

Verð 6.990 kr.

VORUM AÐ TAKA UPP VINSÆLU
BRJÓSTAHALDARANA
SEM LÆKNAR MÆLA MEÐ

Ynja undirfataverslun
Hamraborg 20a Kópavogi
ynja.is • NANA Hólagarði

Auðlýsingasími
512 5473

ALLT

512 5473

512 5473



Kojak er þessa dagana að vinna að gerð myndbands um thai-boxing. Á heimasíðunni kojak.is er hægt að afla sér nánari upplýsinga um það og annað sem hann er að fást við.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ertu með eitthvað gott á þrjónunum?

Sjálfbóðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins þrjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og þrjóna í sjálfbóðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn **30. september** kl. 16-18.

Á staðnum verða þrjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið þrjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.



Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfbóðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

Bardagaíþrótt sem á sér blóði drifna sögu

Kojak Barpas hefur starfað sem einkaþjálfari á Íslandi síðan árið 2006. Nú kennir hann Íslendingum allt um thai-boxing, eina elstu bardagaíþrótt í heimi, sem að hans sögn á sér ansi blóðuga sögu.

„Þetta er ein besta leiðin til að komast í feiknaform,“ segir einkaþjálfarinn Kojak Barpas um bardagaíþróttina thai-boxing, sem hann hefur kennt hérlandis um nokkurra ára skeið, meðal annars í Baðhúsinu.

Kojak er breskur Kypurbúi sem kynntist thai-boxing á unga aldri á Englandi. „Þá var ég sextán ára og hafði æft kickboxing, en þetta er tvennt ólíkt. Áherslan er öll á spörk í kickboxing en í thai-boxing notar maður mikið hendur, olnboga og hné,“ útskýrir hann og bætir við að þetta sé ein elsta bardagalist í heimi.

„Táflendingar þróuðu hana fyrir um 2.000 árum til að verjast óvinaþjóð sinni Búrmamönnum. Þeir tálensku brugðu þá á það ráð að maka á hendur, olnboga og hné lími sem

sérstakt tré þar í landi gefur af sér. Að svo búnu veltu þeir klístruðum útlimunum upp úr glerbrotum og héldu út á stríðsvöllinn. Tilurð þessarar íþróttar er því blóði drifin, en hún er auðvitað alls ekki þannig í dag,“ segir hann.

Kojak tók að leggja stund á thai-boxing og var innan skamms farinn að æfa af kappi fyrir heimsmeistarátíð á Kýpur árið 2000 en þá lenti hann í slæmu bílslysi sem olli því að hann varð að hætta við þátttöku á mótinu.

Kojak lét það þó ekki slá sig út af laginu og um leið og færi gafst fór hann að æfa aftur og vann til gullverðlauna í þungavigt í thai-boxing á meistaramóti Kýpur árið 2003. Leiðin lá því næst á heimsmeistaramótið í Kasakstan sama ár þar sem hann hampaði silfrinu.

En hvað varð til að þessi afreksmaður flutti svo til Íslands? „Ástæðan var kona,“ segir hann og hlær við. „Er það ekki ein algengasta ástæða þess að útlendingar setjast hér að?“ spyr Kojak, sem hefur síðan 2005 verið búsettur á landinu og líkar vel. Hann segist kunna að meta dugnaðinn í þjóðinni en óskar þess að fleiri kynntu sér það sem thai-boxing hefur upp á að bjóða.

„Þetta er enn ansi frumstætt miðað við annars staðar. Sums staðar er þetta ein vinsælasta bardagaíþróttin,“ segir Kojak og bætir við að hann langi til að keppa erlendis. „Ég sakna bardagana,“ viðurkennir hann en bætir við að of snemmt sé að ræða það. „Þetta er allt á byrjunarstigi.“

roald@frettabladid.is

DEKK **-15%** **AFSLÁTTUR**

Sýndu fyrirhyggju

Á hverju hausti lenda þúsundir Íslendinga í að þurfa að bíða í röð fyrir framan dekkjaverkstæði. Sýndu fyrirhyggju og fáðu um leið **15% afslátt** af heilsársdekkjum.

SMURVINNA
15% afsláttur af vinnu við smur!

BÓN OG ÞVOTTUR
Alþrif og teflonbón á tilboðsverði!

BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

HEILSA

REGLULEG HREYFING á meðgöngu er talin hafa jákvæð áhrif á hana og fæðinguna. Hún er talin draga úr þreytu, bakverkjum, bjúgsöfnun og öðrum fylgikvillum meðgöngu, ásamt því sem móðir og barn eru betur búin undir álagið sem fylgir fæðingu.



Matargerð með ástúð og virðingu

Krúska er matstofa og verslun.

Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð. Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.

Verið velkomin!



KRÚSKA
VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG

KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is

Alþjóðleg ráðstefna Healing The Healers 2.-4. október 2009

Heilsa og vellíðan!



Fræðsla og Upplifun

Sæktu innblástur og fróðleik í smíðju heimsþekktra og reyndra fagaðila

Ráðstefnan er haldin að Hótel Kriunesi við Elliðavatn
Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og fyrirlestra er að finna á

www.healinghealers.com

Skráning: radstefnuskraning@gmail.com
eða í síma: Lilja 699-0858, Þóra 896-8521

Allir velkomnir

Ávinningur doktorsnáms


Dagur hjúkrunarfræðideildar er haldinn hátíðlegur 2. október.

Ávinningur doktorsnáms í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði verður til umfjöllunar á málþingi Hjúkrunardeildar í Eirbergi föstudaginn 2. október.


Málþingið er haldið í tilefni af Degi hjúkrunarfræðideildar sem er haldinn hátíðlegur 2. október ár hvert. Þá verða 36 ár síðan fyrstu hjúkrunarfræðingar settust á skólabeck í Háskóla Íslands. Þingið er haldið á 1. hæð í Eirbergi, við Eiríksgötu 34 klukkan 15 og er opið öllum.



Nú eru 36 ár frá því að fyrstu hjúkrunarfræðingar settust á skólabeck hérlandis.



teg. 42027 - mjög flottur og styður vel í CDE skálum á kr. **3.950,-**
buxur í stíl á kr. **1.950,-**



teg. 42022 - glæsilegur í BCD skálum á kr. **3.950,-**
buxur í stíl á kr. **1.950,-**

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - www.misty.is
opið mán-fös 10-18, lau 10-14



Jógað styrkir sjálfsmýnd krakkanna, að sögn Aðalheiðar jógakennara hjá Rope Yoga setrinu.

Börn fæddir jógameistar

Í Ropa Yoga-setrinu kennir leikskólakennarinn og jógakennarinn Aðalheiður Jensen börnum á öllum aldri jógaæfingar.

„Við erum með krakkajóga sem er klukkutími og er þrískipt eftir aldri þannig að fjögurra til sex ára gömul börn eru saman í einum hópi, sjö til níu ára í öðrum og tíu til tólf ára í elsta hópnum,“ segir Aðalheiður Jensen, jógakennari hjá Rope Yoga setrinu. Hún er einnig menntaður leikskólakennari, sem kemur sér vel í tímunum með krökkunum.

„Áherslurnar á námskeiðinu eru mismunandi eftir aldri krakkanna. Yngsti hópurinn er mikið í leikjum en jóga með börnum gengur mikið út á tónlist og hreyfingu og inn í það eru spunnar jógaæfingar. Við lærum kröftugar möntrur með handa- og líkamshreyfingum og skemmtilega leiki sem þjálf börnin í að horfa inn á við, treysta náunganum og þjálf einnig samhæfingu, öndun og styrk,“ segir Aðalheiður og bætir við að jógað geti stuðlað að góðri sjálfsmýnd, jafnt fullorðinna sem barna.

Aðalheiður hefur einnig notað jógaæfingar fyrir börnin á leikskólanum sem hún vinnur. „Börnum er eðlislægt að fara inn í sumar stöður, svo sem barnið og hundinn.



Aðalheiður Jensen sýnir yngstu kynslóðinni myndir af dýrum og hvernig megi fara í eins stöður og þau.

Æfingarnar viðhalda góðri andlegri og líkamlegri heilsu barnanna en einnig tengjast þær oftast dýrum og hlutum úr náttúrunni sem börnunum finnst áhugaverðir þannig að þau eru fljót að ná þeim og auðvelt er að muna þær,“ segir Aðalheiður og bætir við að ekki veiti af í stressi nútímasamfélagsins.

Námskeiðin eru kennd á laugardögum og eru átta vikur í senn. Eitt stendur yfir núna og verður framhald á þar sem mikillar ánægju hefur gætt með krakkajógað.

juliam@frettabladid.is

Takk fyrir vatnið

907 2002



Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is



FLOTT Í VETUR...
með Slendertone



dömu/herra belti
Flex kr. 22.900,-
Flex Max kr. 27.900,-
System kr. 33.900,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is



Verkfæralagerinn 15 ára

15% afsláttur til mánaðarmóta

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1 - Sími 588 6090



ALLT SEM ÞIG VANTAR

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn
Smíðjuvegi 46E
v/Reykjanesbraut.
Kópavogi, sími
567-1800
Löggild bílasala



Suzuki GSX R. 1000, ekið 4þkm. Er í sýningarsal Bílamarkaðsins. Bílamarkaðurinn. S-567-1800, www.bbv.is

Bílamarkaðurinn
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

SPORTX



TILBOÐSDAGAR á VESPUM verð frá 195.000 kr. með skráningu full búð af frábærum og góðum Vespum sjáið fleiri tegundir á www.sportx.is

Sport-X
Draupnisgötu 7, 600 Akureyri
Sími: 5642323 / 8976040
Verslun og viðgerðapjónusta á staðnum
www.sportx.is

HÖFÐABÍLAR
... þú sem bílar selgst



HORTON HAULER HY714TA HESTAKERRA. Árg 2009 Ónotuð Verð 2.290. þús TILBOÐSVERÐ 1.590. þús Rnr.127647

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

HÖFÐAHÖLLIN
NORÐURHELLA 8 • 221 HAFNARFJÖRÐUR
fluttur í fjörðinn!



TOYOTA LAND CRUISER 90 VX Árgærd 2002. Ekinn 90 þ.km Verð kr. 3.190.000. Litur HVÍTUR

Höfðahöllin
Norðurhella 8, 221 Hafnarfjörður
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

Lykil bílar ehf
bílasala



Ford Transit Blue Camp Árg 2006 ek 14 þ.km, Markísa, sólarsella, loftnet, flatskjár Verð kr 6.500.000 Vantar allar gerðir húsbíla á skrá



Fiat Joint 146 Árg 2006 ek 58 þ.km, Gott eintak Verð kr 5.190.000 Tilboð 4.290.000 Vantar allar gerðir húsbíla á skrá

Lykilbílar ehf
Smíðjuvöllum 7, 300 Akranes
Sími: 445 7700
www.bilasolur.is/lykilbilar



Toyota Land Cruiser 120 VX, árg 3/04, ek. 140þús.km., 33" breyttur, leður, krókur, omfl. Flottur bill, Tilboð yfirtaka + sölulaun, áhv. 3830þús.

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Plastmódel í miklu úrvali. Tómtundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600, www.tomstundahusid.is

Við stórlækkum sölukostnað!
Skráðu bílinn hjá okkur - fritt!
NETBÍLAR
www.netbilar.is

Viltu skipta, kaupa eða selja ?

Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins og stórlækkaðan sölukostnað. Kynntur þér málið Netbilar.is Hliðasmára 2 s: 588-5300

Til sölu Mercedes Benz 190E árg. '91 sk.'10. ek. 140þús. Glæsilegur bill Úppl. s: 867 0783.

250-499 þús.

VW Golf station 4x4 '00. sk'10. ek.172 þús. ljósgrár. Dráttarkúla. Heilsársdekk. Verð 370 þús. staðgr. Engin skipti. Úppl. í síma 825-2698

Daihatsu Terios .Ssk ekinn 87þús. krók-ur cd aukadekk á felgun V. 350þús. S:697 4575.



Ford Ka 01' ek.108þ.km. Nýsk, beinsk. cd, nýr kúplingadiskur, pressa og púst. Tilboð 350 þ. (listav. 490 þ.)áhv. 300 þ. út ca 15 þ. 50 þús. staðgr. s:6923778/6900154

2 milljónir +



Polaris Ranger RZR árg 10/2008, vsk og götuskr. Ek.54 klst/1400míl. GPS tengi, spil, krókur, st.brettak, far.box og töskur. V.2.550þ m/vsk. S.893-2550

Bílar óskast

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. strg. sími 896 6744.

Ódýr bifreið óskast!! Má þarfn. aðhl. strg. ca. 50-120þ. S.821 9887.

Óska e.að kaupa til niðurrífs gamla Peugeot, Daewoo, M.Benz & O.Vectra bíla.Nánari uppl. í s.661 2222.

Óska eftir að kaupa bíll á verðbilinu 20- 200 þús. Sími 615 1810.

Diesel Jeppi óskast
Er að leita af diesel jeppa Musso, Isuzu Trooper, Pajero, Toyota 4runner, Terrano eða sambærilegt má þarfnast lagfæringa eða skoðunnar. Borga allt að 300.000- fyrir bíl skoða allt uppl síma 861 7600 .

Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitabílasar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutapjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Land Cruiser 120. Til sölu Land Cruiser-120, sjálfskiptur, ekinn 79.000, gull-sanseraður, 33-tommu breyttur, áhvilandi ca. 2.800.000 Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 862-7102 og 897-5363

Sendibílar



Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

Vörubílar

Forþjoppur, varahlutir, viðgerðarpjónusta. Eignum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Mótorhjól

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Síðasta bóklega bifhjólánámskeið haustsins verður haldið fimmtud. 1 október og föstud. 2 október kl. 18:00 Skráning í síma 567-0300 og á mjodd@bilprof.is Ökuskólinn í Mjódd Heimasíða: bilprof.is

Honda CRF 450R 08 ek20 tíma v:700,000 s:6966677

Fellihýsi

ER með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi-tjaldvagna-hjólhýsi-pallhýsi S: 867 1282.

Vinnuvélar



Hjólbarðar



Lítið slitin heilsársdekk og felgur undir Toyota Landcruiser til sölu. Staðrð: 265/70 R17. Verð 85.000,- Uppl. í síma 821 1415

4 stk. dekk 175/65 14" á álfelgum á 20þ. 2 stk. 255/70 16" á 10þ. S. 896 8568.

Viðgerðir



Varahlutir

VAKA
Eignum notaða varahluti og dekk í tugi bíltegunda. Sími: 567 6700 (varahlutaverslun), Vakabílar.is

VW, Skoda S. 534 1045
Varahlutir í VW og Skoda bíla. Kaupum bíla til niðurrífs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Bílhutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrífs.

www.netpartar.is
Bílapartasala
Notaðir varahlutir í nýlegu bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

Bílapartar ehf
S. 587 7659.

Eignum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corolla Hatchback '96, Escord '98. Accent árg. '95. Impreza árg. '99. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99. Kaupi bíla til niðurrífs. S. 896 8568.

555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrífs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Garðyrkja



Smágröfupjónusta, hellulagnir, drenlagir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Gröfupjónusta Auberts.
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum. Sími 892 1663.

Trjáfellingar!
Runnaklippingar, trjáklippingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Steinsteypusögun
- Kjarnaborun
Múrbrot - Niðurrif
B.B Steinsögun
Bbsteinsogun@simnet.is
Csm: 896 7579

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerisetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.



smidaland.is
Smíðum glugga - nýsmíði - húsaviðhald - S:772 0040.

Kerruleiga





Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Þakdúkur. Tek að mér að leggja þakdúk á svalir, bílskúra, skotrennur og minni fleti. Er einnig í þakviðgerðum. Fagleg og vönduð vinnubrögð. 10. ára reynsla. S: 690-7171 Lárus.

Húsaviðgerðir

Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Lekur þakið ?

Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Pípulagnir

Faglaðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

Óli smiður

Tek að mér viðhaldsverkefni stór sem smá, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður 698 9608.

Húsasmiðameistari

Húsasmiðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

Stíflubjónusta

Stíflulosun Röramyndun

Losa stíflur úr salemum, vöskum, baðkerum og niður-föllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.

Skolphreinsun Ásgeirs sf.

S.892 7260 & 567 0530

Tölvur

Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun

Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fint verð, afsl. f. félagi ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Nudd

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s 857 5015.

NUDD

Whole body massage. S. 841 8529.

Faglegt heilnudd

Heilsusamlegt, slakandi og heitsteina nudd. Karolína, nuddari/sjúkrapjálfi. Uppl. í s. 694 6518.

Spádómar

Spásími Daddýar 846 6364.

Opið frá kl. 12-24 alla daga. Ekkert mínútagjald Visa/Euro

Spálínur Sjáandans

Opið virka daga
Sjáandinn S. 908 2727 kl. 18-22 þri.-fim

Sibba 908 2507 kl. 22-24

Spádómar og ráðgjöf

www.ortagalinan.is

Örtaga línán

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Steinunn s. 908 6060

Tarot, miðlun, fyrirbætur, trúnaður.

Aðgát skal höfð í nærveru sólar.

Opið frá 12-23
S. 894 9228 Steinunn
visa/euro

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirý í s. 552 4244 & 823 6393.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasimar

Set upp ný dyrasimakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta

Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktafi

www.raflagnir.is

Trésmíði

smidaland.is

Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

Önnur þjónusta

Lítill járnsmíðja getur bætt við sig verkefnum. Smíða bæði úr svörtu efni og ríðfri. Uppl. í s. 862 2530.

KEYPT & SELT

Til sölu



Þjófavarnirnar komnar aftur!

Núna með reykskynjara. Verð aðein 29.900.- tengist við landlínu, hringir í símann þinn og 2 önnur símanr. sem þú velur ef brotist er inn hjá þér. Þráðlaust, einfalt í uppsetningu. Fyrir heimili og smærri fyrirtæki. Eigum líka auka fjarstýringar og hurðaskynjara, hreyfiskynjara og reykskynjara.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is



Fullkomið myndavélakerfi á frábæru verði! 4 myndavélar ásamt stafrænu upptökutæki. Auðvelt að skoða upptökur aftur í tímann og í gegnum internetið. - Procám Ehf. - Opið alla helgina - S. 867 7866 & 862 2121.



Sumarbústaðar eigendur. 500w. Flóðljós með nándarskynjara, 2M pixel Digital myndavél tekur upp sjálfvirk myndir eða video þegar hreyfing verður í nánd. Fællir óboðna gesti frá. Procám ehf. Sími 867 7866.

Mísa frystiklefi. lengd 360 cm. hæð 200.Breidd 200. Vélbúnaður nýtilendurnýjaður. Uppl. í s. 897 2255.

Ískápur á 10þ. þvottavél + þurrkari á 35þ. eldavél á 10þ. bílageislaspíli á 8þ. 17" tölvufletsjár á 10þ. hljómgræjur á 5þ. stór ál vaskur á 5þ. S. 896 8568

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég Magnús Steinþórsson gull-smíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgrip í fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Leitið til fagmanns.
Upplýsingar á demantar.is
í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,

Verið velkomin

KAUPUM GULL - J ÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Hljóðfæri



Dúndurtilboð!

Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

Vélar og verkfæri

Vantar rafmagnstryllu fyrir sendibíl Lágmark 1.600kg lyftigeta S:840 5769.

Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gíps og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Verslun

Síð peysa, 13.900 kr. Emilia Bláu húsín Faxafeni clamal.is s: 588-9925

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á **bathmate.is**

HEILSA

Heilsuvörur

Botnlaus orka betri liðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd



TANTRA MASSAGE

An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

J. B. HEILSULIND Dekurdagar?

Heilnudd, heitur pottur, skrubbb, snyrt-ing, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, ayur, veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkapjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Þjónusta

Er andlega orkan á þrotum?

Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Lausir tímar. Guðrún 695 5480.

Námskeið



Viltu læra áhrifaríkan hlaupastíl með minni áreynslu? Smart Motion hlaupastíls námskeið inni í Egilshöll www.smartmotion.org

Ýmislegt



Shaktimat

Indverska nálastungumottan sem er búin að slá rækilega í gegn í Svíþjóð. Verð 13.900.- Hefur 6210 nálastungupunkta sem geta haft græðandi, afslappandi og róandi áhrif fyrir líkama og sál.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

HEIMILIÐ

Húsgögn

Til sölu rúm 90x200cm og örbylgjuofn upplýsingar 8493113

Vel meðfarinn fataskápur úr beiki til sölu. Breidd 1,60m. Selst ódyrt. Uppl. s: 848-5058.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðgaur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is



Barðastaðir-Lyftuhús-við golfvöllinn

Falleg og björt u.m.p.b. 103 fm íbúð á 4.hæð í nýlegu lyftuhúsi ásamt staði í bilageymslu. Parket og góðar innréttingar. Húsvörður. Falllegt útsýni. Laus strax. Verð 24,9 millj. Uppl. í s. 823-2610.

Þjónusta

Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir

551 1309
690 5115

golflist@golflist.is
www.golflist.is

Gólf list

Parketlagnir og viðhald

Höfum til leigu 2 herb. íbúð ca. 45fm og eina studíóíbúð ca. 50fm á 3ju hæð að Súðavogi 7. Eingar húseigubætur. Lausar nú þegar. S. 824 3040, Hlynur.

Rúmgóð 2 herb. íbúð á annari hæð í seljahverfi til leigu. Aðeins vandað reglusamt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 557 4040.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2ja HERB. Í 108 Geymsla, þvottavél, ísskápur. 95.000, 1 mán. fyrirfram. Laus strax. 897-1675, hartmannng@simnet.is

Til leigu herb. á sv. 105 með aðg. að eldh., þvottav., Stöð2 og interneti. S. 846 7740.

Kaupmannahöfn
Herb. f. einn til leigu á Amager með húsgögnum. Laus 1 okt. Uppl. í s. 0045 2820 2880.

Góð 90 fm, 2-3 herbergja íbúð til leigu í Seljahverfi (kjallari í raðhúsi) með sérinngangi. Leiga 80 þ+hití. Hentugt fyrir 1-3. Upplýsingar í síma 5675607 milli 17-21.

Til leigu 30 m2 sérstandandi bílskúr v/ Ægissíðu m. góðum gluggum skápum, vask, og salemis- og sturtuaðstöðu. Verð kr. 35.000.-. Uppl. í s. 892 9171.

2 herb. sameign. Miðb. Rvk. húsg. fylgja. Leiga 60þ. með hússj. S. 895 0482 e. kl. 16.

ROOM FOR RENT WITH FURNITURE IN 108 Rvk NEAR KRINGLA AND 111 BREIÐHOLT 8973611

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Útsýni
3ja herb. íbúð til leigu á sv. 108, laus strax. 3ja herb. íbúð til leigu á sv. 109, laus 1. okt. S. 822 8556 & 553 0690 á milli kl.15-20.

Til leigu 3 herb. 72fm í 105. Verð 110. Ísskápur, uppv. þvottav. og eitthvað af húsgögnum getur fylgt. Laus 1. okt. vev@simnet.is

Húsnæði óskast

Óska eftir 4. herb. leiguliðbúð í Hlíðahverfi eða nágrenni. Uppl. í s. 772 6409.

Óska eftir húsnæði í Hjf. frá 1. okt. í 2 mánuði. Fyrirframgreiðsla fyrir báða mánuðina. Uppl. s: 845-0300.

Atvinnuhúsnæði



Grandatröð-Hafnafj-100 fm

Gott enda-atvinnubíl sem er ca. 100 fm og er laust strax. Innkeyrsludyr og góð lofthæð. Gott verð í boði. Uppl. í s: 823-2610.

Lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði, 90, 180 og 360 fermetrar. Mikil lofthæð. Hagstætt verð. S. 822 4200.

Geymsluhúsnæði



Húsvagnageymslan í Þorlákshöfn

Eigum nokkur pláss í upphituðu og óupphituðu rými. Verð á lengdarmeter í upphituðu kr. 7.500. í óupphituðu 5.500 kr. Uppl. í s. 893 3347.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótór-hjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

Geymsluhúsnæði
Upphitað í 250 Garði. Tjaldvagnar 23 þús., fellihýsi 33 þús. Óli Páls S: 865 1166.

Geymslupláss
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

Geymsluhús.is
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi,felli-hýsi,tjaldvagnar,bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl. í síma 770-5144 og 770-2175

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnadamenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

Gisting



GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com


ATVINNA

Atvinna í boði



Eldsmiðjan

Getum bætt við okkur harðduglegt fólk í lausráðin störf. Ef þú ert vön/vanur að baka þá gengur umsóknin þín fyrir! Hikaðu ekki við að sækja um. Eldsmiðjan framleiðir trúlega bestu pizzurnar á landinu og leggjum við mikinn metnað í flatbökurnar okkar. http://umsokn.foodco.is



Sjálfflærður Internet Miljarðamæringur Leitar Af Duglegu Fólki.Þú Munt Verða Þjálfaður Hvernig Hægt Er Að Vinna Sér Inn Stórar Upphæðir Á Stuttum Tíma.Síðan Þjálfun Í Að Byggja Upp Gríðarlegar Framtíðar Tekjur.Farðu Á www.MaverickMoneyMakersPlug.com Og Kynntu Þér Málið Vel.

Óskum eftir að ráða starfsmann í uppvask. Vinnutími alla virka daga frá 12-18. Uppl. á staðnum eða á netfang milano@internet.is Kaffi Milano Faxafeni 11.

Atvinna óskast

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Kona óskar eftir atvinnu á næturvökt-um, við umönnun eða svipað, er vön að vinna við umönnunarstörf. Uppl. í síma 864 2501 eða netfang thorby@simnet.is

Viðskiptatækifæri

We need help! Do you need 30-200 IKR? health.and.wealth.iceland@gmail.com

TILKYNNINGAR

Tilkynningar




Einkamál



www.islendingasetrid.com íslensk stefnumótasíða með vinsælustu fitus-unum af facebook.

Tilkynningar



Hjá Hafnarfjarðarbæ, Þjónustuver að Strandgötu 6, Hafnarfirði

Nafn	Starfsemi	Staðsetning
Ísaga ehf.	Gasbirgðastöð	Eyrartröð 6, Hafnarfirði
Vélsmiðja Orms og Víglundar ehf.	Flotkvíar	Hvaleyrarbakki, Hafnarfirði
BTC ehf.	Bílapartasala	Kaplahraun 9, Hafnarfirði
Mjöll – Frigg hf.	Hreinlætisvöruverksmiðja	Norðurhella 10, Hafnarfirði
Trefjar ehf.	Plastiðnaður	Óseyrarbraut 29, Hafnarfirði
Verkvik – Sandtak ehf.	Verkstæði, sandblástur og málmhúðun	Rauðhella 3, Hafnarfirði
Bílabúið ehf.	Bílapartasala	Suðurhella 10, Hafnarfirði
N1 hf.	Gasbirgðastöð	Tinhella 1, Hafnarfirði

Hjá Garðabæ, Þjónustuver Garðatorgi 7, Garðabæ

Nafn	Starfsemi	Staðsetning
Álverið ehf.	Húðun málma	Skeiðarás 10, Garðabæ

Rétt til athugasemda hafa eftirtaldir aðilar:

- Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægtrar starfsemi.
 - Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
 - Opinberir aðilar, félag og aðrir þeir sem málið varðar.
- Skriflegar athugasemdir skal senda til heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, pósthólf 329, 212 Garðabær. Frestur til að gera athugasemdir er til 28. október 2009.
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

SILVIO BERLUSCONI ER 73 ÁRA Í DAG.

„Ég er ekki hefðbundinn stjórn-málamaður og ég hef húmor. Ég mun reyna að draga úr því og verða leiðinlegur, kannski jafnvel mjög leiðinlegur, en ég er ekki viss um að mér takist það.“

Silvio Berlusconi er forsætisráð-herra Ítalíu, auðjötur og eigandi fjölmiðlaveldis. Hann er þekktur fyrir frjállega framkomu sem stundum þykir ekki hæfa leiðtoga lands auk þess sem hann hefur verið sakaður um spillingu.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 29. SEPTEMBER 1932

Fyrsta kvikmynd Hepburn sýnd

Á þessum degi árið 1932 birtist hin 24 ára gamla leikkona Katherine Hepburn fyrst á hvíta tjaldinu. Kvikmyndin hét A Bill of Divorcement og John Barrymore lék aðalhlutverkið.

Hepburn fæddist í Hartford í Connecticut og lærði leiklist við leiklistarskólann Bryn Mawr í Pennsylvaníu. Hún náði fljótt árangri sem sviðsleikkona og vakti athygli kvikmyndaframleiðenda.

Fyrsta kvikmynd hennar naut mikilla vinsælda og því lá leið Hepburn greið í næstu stóru verkefni. Hún hlaut fern Óskarsverðlaun á ferlinum en engin önnur leikkona hefur hlotið svo mörg verðlaun. Þau hlaut hún fyrir myndirnar Morning Glory (1933),



Guess Who's Coming to Dinner? (1967), The Lion in Winter (1968) og On Golden Pond (1981).

Katherine var tilnefnd tólf sinnum til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn. Hún hlaut Emmy-verðlaun árið 1976 fyrir hlutverk sitt í Love Among the Ruins og var auk þess tilnefnd til fjögurra Emmy-verðlauna, tvennra Tony verðlauna og átta Golden Globe-verðlauna.

Árið 1999 útnefndi bandaríska kvikmyndastofnunin Hepburn mestu kvenstjörnu í sögu bandarískrar kvikmyndagerðar. Katherine átti langa ævi og lést árið 2003, þá 96 ára að aldri.

MERKISATBURÐIR

- 1906** Landssími Íslands tekur til starfa. Hannes Hafstein ráðherra sendir konungi fyrsta símskeytið um nýlagðan neðansjávarstreng.
- 1918** Búlgaría verður fyrst Miðveldanna til að undirrita vopnahléssamkomulag við Bandamenn.
- 1922** Norræna félagið er stofnað í Reykjavík með það markmið að efla norræna samvinnu.
- 1974** Auður Eir Vilhjálmsdóttir er fyrst kvenna vígð til prests á Íslandi. Hún er vígð til Staðar í Súganda-firði.
- 1990** Nesjavallavirkjun í Grafningi er gangsett. Fyrsti áfangi hennar var 100 megawött.

AFMÆLI



ANDRI SJÉVTJENKO knattspyrnumaður er 31 árs í dag.



EMILY LLOYD leikkona er 39 ára.



BRETT ANDERSON söngvari er 42 ára.



LECH WALESKA verkálföringi er 66 ára.



MOHAMMAD KHATAMI fyrrverandi forseti Íran er 66 ára.



JERRY LEE LEWIS tónlistarmaður er 74 ára í dag.



Elskuð móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðrún Svanlaug Andersen

frá Sandprýði í Vestmannaeyjum,

lést á Borgarspítalanum föstudaginn 25. september.

Börn, tengdabörn og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Steinþór Runólfsson

Laufskálum 7, Hellu,

lést á dvalarheimilinu Lundí, laugardaginn 26. september.

Guðrún Pálsdóttir

Runólfur Smári Steinþórsson Þórunn Björg Guðmundsdóttir
Pálmi Sigurður Steinþórsson Inga Jóna Óskarsdóttir
Anna Steinþórsdóttir Gunnlaugur V. Sigurðsson
Berglind Jóna Steinþórsdóttir Hermann B. Sigursteinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

FJÓLA DÖGG HELGADÓTTIR: HLAUT VIRT ÁSTRÖLSK SÁLFRÆÐIVERÐLAUN

Hannaði tölvusálfræðing

Fjóla Dögg Helgadóttir, doktorsnemi í sálfræði við háskólann í Sydney í Ástralíu, hlaut á dögunum hin virtu Tracy Goodall Early Career-verðlaun. „Ég er mjög upp með mér að hafa fengið þessi verðlaun því þau eru rosalega eftirsótt. Þau eru ekki veitt á hverju ári heldur aðeins þegar nefndinni þykir eitthvað nýtt hafa komið fram í vísindalegri klínískri sálfræði,“ segir Fjóla Dögg. Þess má geta að þeir sem hafa unnið til þessara verðlauna á undan henni þykja hálfgerðar ofurstjörnur á sviði sálfræðinnar.

Fjóla vann til verðlaunanna fyrir doktorsverkefni sitt, auk þess sem litið var til þess að hún vann að tveimur gráðum í einu. Hún lauk þannig klínískri gráðu og var í doktorsnámi um leið. „Núna er ég búin með klínísku gráðuna en vinn á stofu á kvöldin meðfram doktorsnáminu,“ segir Fjóla.

Í doktorsverkefni sínu lærði Fjóla tvö tölvutungumál og bjó til tölvusálfræðing sem getur verið með hundrað manns í meðferð á sama tíma. Nýsköpunin í tölvusálfræðingnum felst meðal annars í því að Fjóla hefur fyrirfram skrifað þúsundir klínískra meðferða. Svo þegar einstaklingar skrá sig í meðferð hjá tölvusálfræðingnum, þá greinir hann vandamál viðkomandi og velur einstaklingsbundnar meðferðir byggðar á greiningunni. Verkefni sitt kynnti hún á evrópska sálfræðipinginu í Ósló í júlí á þessu ári. „Í verðlaununum felst fyrst og fremst heiður auk þess sem þau opna margar dyr fyrir upprennandi sálfræðinga,“ segir Fjóla en hluti af viðurkenningunni er að koma að ári til Ástralíu við næstu verðlaunaafhendingu og halda þá fyrirlestur um verkefni sitt.

En af hverju skyldi Fjóla hafa valið að fara til Ástralíu í nám? „Ég kláraði BA nám í sálfræði við Háskóla Íslands árið 2004. Þegar ég var að velja mér stað fyrir framhaldsnám hafði ég hnöttinn fyrir framan mig og allur heimurinn kom til greina. Svo ákvað ég að einskora mig við enskumælandi lönd á borð við Bandaríkin, England og Kanada,“ útskýrir Fjóla. Ferðalag um Ástralíu jólin 2004 urðu þó til þess að hún heillaðist af landinu. „Hér er frábært menntakerfi, yndislegar strendur og svo er bara spennandi að vera



VIÐ ÚTSKRIFT Fjóla Dögg Helgadóttir vann til áströlsku verðlaunanna Tracy Goodall Early Career fyrir doktorsverkefni sitt. Þar bjó hún til tölvusálfræðing sem getur haft um hundrað manns í meðferð á sama tíma.

MYND/ÚR EINKASAFNI

hinum megin á hnettinum,“ segir hún glaðlega. Hún hélt því utan í janúar árið 2005 í mastersnám en árið 2007 hlaut hún skólastyrk til að fara í doktorsnám í háskólann í Sydney en það nám mun hún klára á næsta hálfu ári.

Framtíðin er óskrifað blað en þó á Fjóla sér drauma. „Það sem mig langar

mest til að gera, þar sem verkefni mitt fjallar um félagsfærni, er að fara til London og vinna með helsta kvíðasérfræðingi í heimi, en það yrði þó aldrei fyrr en eftir tvö ár eða svo ef allt gengur upp. En þessi verðlaun munu án efa hjálpa til við það ferli.“

solveig@frettabladid.is

Trío Reykjavíkur í Hafnarborg í 20 ár

Tónleikaröð Tríós Reykjavíkur í samvinnu við Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, hefur göngu sína í tuttugasta sinn sunnudaginn 4. október næstkomandi klukkan 20.

Trío Reykjavíkur hefur starfað í Hafnarborg frá árinu 1989. Slíkt samstarf er einsdæmi á Íslandi en það er vel þekkt víða um heim að söfn hafi tónlistarhópa á sínum snærum. Trío Reykjavíkur skipa þau Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari og Peter Máté píanóleikari en þau hafa auk þess fengið til liðs við sig fjölda innlendra og erlendra tónlistarmanna. Kjörorð tónleikanna á

sunnudaginn er Heiðrum Haydn, fögnum fæðingu Mendelssohns og däum Mozart án afláts. Gestur tríósins á þessum tónleikum verður kanadíski víóluleikarinn David Visentin. Á efnisskránni verða píanótrío í Adúr eftir Joseph Haydn og í d-moll eftir Felix Mendelssohn, en 200 ár eru liðin frá dauða Haydns og fæðingu Mendelssohns. Að auki verður fluttur hinn þekkti píanókvartett í g-moll eftir Mozart.

Að venju verða fernir tónleikar á starfsárinu. Hægt er að kaupa aðgang að einstökum tónleikum og áskrift á alla tónleikana en áskriftarkort eru seld í Hafnarborg.



EINSTAKT SAMSTARF Það er vel þekkt víða um heim að söfn hafi tónlistarhópa á sínum snærum en samstarf Tríós Reykjavíkur og Hafnarborgar er einsdæmi á Íslandi.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Mynd um andspyrnuhreyfingar

Samtökin Öskra, hreyfing byltingarsinnaðra stúdenta, sýnir þessa dagana kvikmyndir um ýmiss konar andspyrnu fólks gegn öflum sem talin eru stuðla að ofbeldi, stríðum og kúgun gegn fólki og umhverfi.

Kvikmyndin The Weather Underground verður sýnd í stofu 101 í Odda, Háskóla Íslands, í kvöld en hún var tilnefnd til óskarsverðlauna sem besta heimildarmyndin árið 2003.

The Weather Underground fjallar um mót-mælendur Víetnamstríðsins, hóp sem kallaði sig The Weathermen. Meðlimir myndarinnar koma fram í myndinni og útskýra upphaf og endi baráttunnar.

Sýningin hefst klukkan 19.30 og eftir hana fara fram umræður.



VIETNAMSTRÍÐIÐ Mót-mæli við Víetnamstríðið og andspyrna gegn því er til umfjöllunar í kvikmynd sem sýnd verður í Odda við Sturlugötu 3 í kvöld.

Vígsla á Ásbrú

Heilsuleikskólinn Háaleiti og Háaleitisskólinn á Ásbrú í Reykjanesbæ voru vígðir í gær.

Háaleitisskóli er rekinn sem útibú frá Njarðvíkurskóla en sumarið 2008 voru gerðar breytingar á fyrrverandi skóláhúsnæði grunnskóla Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og sett á stofn grunnskóladeild fyrir yngri nemendur sem eiga heima á Ásbrú. Nemendur eru nú 81 talsins, í fyrsta til sjötta bekk.

Heilsuleikskólinn

Háaleiti er sjálfstætt starfandi skóli, rekinn af Skólum ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Reykjanesbæ. Leikskólinn, sem starfar eftir Heilsustefnunni, er þriggja deilda aldursskiptur leikskóli og er á háskólasvæðinu Ásbrú. Þrjár deildir eru í leikskólanum og þar geta dvalið allt að áttatíu börn.

VÍGÐUR Í GÆR Háaleitisskóli er rekinn sem útibú frá Njarðvíkurskóla.

MYND/REYKJANESBÆR



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Hrefna Markan
Arnarheiði 5, Hveragerði,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 18. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Öllum þeim sem önnuðust hana í veikindum hennar eru færðar alúðar þakkir.

Ólöf Guðrún Hermannsdóttir Jón Magnússon
Hörður Hermannsson Margrét B. Sigurðardóttir
Kristbjörg Hermannsdóttir Sigurbjartur Loftsson
barnabörn og langömmubarn.



Elskuð eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Herdís Hergeirsdóttir
Móafliót 49, Garðabæ,

lést laugardaginn 26. september á Landspítalanum í Fossvogi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Einar H. Ágústsson
Davíð Einarsson Ragnhildur Óskarsdóttir
Hergeir Einarsson Pálína Hallgrímsdóttir
Hafsteinn Már Einarsson Kristín Jóna Kristjánsdóttir
Einar Örn Einarsson María Erla Marelsdóttir
Valur Freyr Einarsson Ilmur María Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Sonja Jóhanna Kristjánsdóttir

andaðist á sjúkrahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum sunnudaginn 27. september. Útför verður auglýst síðar.

Svavar Benediktsson Guðmundur Þorkell
Díana Jóhanna Svavarsdóttir Eyjólfsson
Þorvaldur Svavarsson Sigrún Erla Gísladóttir
Kristján Jónas Svavarsson Edda Dan Róbertsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Stefán Björnsson
sjómaður, Lónabraut 25, Vopnafirði,

lést af slysförum föstudaginn 25. september. Útförin fer fram í Vopnafjarðarkirkju laugardaginn 3. október kl. 14.00.

Katrín Valtýsdóttir
Svavar Valtýr Stefánsson Ólafur Kristinn Sigmarsson
Aðalheiður Stefánsdóttir Svava Birna Stefánsdóttir
Linda Björk Stefánsdóttir Elmar Þór Viðarsson
barnabörn og langafabarn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Hallgrímur Ólafsson
Dalbraut 29, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 26. september. Útför hans fer fram frá Akranes Kirkju föstudaginn 2. október kl. 14.

Guðný Sigurðardóttir
Guðmundína Hallgrímsdóttir Matthías Pálsson
Ólafur Hallgrímsson Sigþóra Gunnarsdóttir
Hörður Hallgrímsson Geirlaug Jóna Rafnsdóttir
og afabörn.



Ástkær eiginkona mín, systir og tengdadóttir,
Sonja Rán Hafsteinsdóttir
Fifurima 8, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 24. september á Landspítalanum í Fossvogi. Öllum þeim er önnuðust hana í veikindum hennar eru færðar alúðlegar þakkir. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 5. október kl. 15.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á MS Félag Íslands.

Þórir Prastarson
Linda Brá Hafsteinsdóttir Ægir J. Guðmundsson
Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson
Karla M. Sigurjónsdóttir



Elskuleg móðir mín, sambyliskona, amma, tengdamóðir, frænka og systir,
Jóhanna Ragnarsdóttir
Möðrufelli 13, Reykjavík,

varð bráðkvöld á heimili sínu að morgni 24. september. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju 2. október. kl. 11.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Hilmar Þór Valsson.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Páll G. Pálsson
Arnarhrauni 5, Hafnarfirði,

andaðist laugardaginn 26. september á Hrafnistu, Hafnarfirði.

Vilhelmina S. Jónsdóttir
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,
Gyða Grímsdóttir

sem lést laugardaginn 19. september síðastliðinn, verður jarðsöngin frá Hveragerðiskirkju fimmtudaginn 1. október kl. 14.00.

Óttar Egilsson Anat Egilsson
Davíð Sigmarsson Sólrún Sigurðardóttir
Guðrún Rut Sigmarsdóttir Lárus Guðmundsson
Kristín María Grímsdóttir
Sigríður Grímsdóttir og barnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Gísli M. Gíslason
skipstjóri og netagerðarmaður,

lést á dvalarheimilinu Hornbrekku í Ólafsfirði sunnudaginn 27. september.

Sigurveig Anna Stefánsdóttir
Aðalsteinn Stefán Gíslason Iouliia Vorontsova
Gísli Gíslason Anna Einarisdóttir
Björn Valur Gíslason Púrður Lilja Rósenbergsdóttir
Kristín Jónína Gísladóttir Steingrímur Bjarni Erlingsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkar samúð og hlýju við fráfall eiginmanns míns, stjúpsonar, föður, tengdafaðir og afa,
Þorsteins Broddasonar
Lágholti 2b, Mosfellsbæ.

Guðríður Steinunn Oddsdóttir Friðrika Gestsdóttir
Vin Þorsteinsdóttir Daniel Karl Ásgeirsson
Daði Þorsteinsson Maria Helen Wedel
Oddur Broddi Þorsteinsson
Stefán Broddi Danielsson
Eir Lilja Danielsdóttir
Sunna Daðadóttir Wedel

> EKKI AÐDÁANDI

Poppgoðið **Michael Jackson** var ekki aðdáandi söngkonunnar Madonnu. Í gömlum upptökum sem búið er að opinbera má heyrja Jackson ræða um Madonnu. „Ég held hún hafi verið ástfangin af mér en ég elskaði hana ekki á móti. Hún er alls ekki kynþokkafull. Kynþokki er eitthvað sem kemur frá hjartanu.“

fólk
folk@frettabladid.is



Nýtt frá Lady & Bird

Ný tónleikaplata hljómsveitarinnar Lady & Bird, La ballade of Lady and Bird, er komin út hér á landi. Skífan kom út í Frakklandi fyrir viku og hefur fengið mjög góðar viðtökur. Dúettinn er skipaður Barða Jóhannssyni og hinni frönsk/ísrælsku Keren Ann Ziedel. Í júní á síðasta ári héldu Barði og Keren Ann tónleika ásamt Sinfóníu-hljómsveit Íslands í samvinnu við Listahátíð Reykjavíkur. Mikil ánægja var með tónleikana, sem Ríkisútvarpið hljóðritaði. Í framhaldinu falaðist plötuframtækið EMI í Frakklandi eftir réttinum til að gefa þá út um allan heim og eru þeir nú komnir út. Nýtt plötuframtæki Senu að nafni Kölski sér um útgáfu þessarar tónleika-plötu á Íslandi.



LADY AND BIRD Ný plata dúettsins er komin í verslanir hér á landi.

Giftist í þriðja sinn

Randy Taraborelli, sem ritar ævisögu söngkonunnar Madonnu, segir í viðtali við tímaritið Hello! að söngkonan stangi í ströngu við að skipuleggja brúðkaup sitt og brasilísku fyrirsætunnar Jesus. „Hann er svo sætur. Hann er stanslaust að hringja í mig,“ á Madonna að hafa sagt við sína nánustu. Rættist úr þessum orðrómi mun þetta vera þriðja hjónaband Madonnu. Hún giftist leikaranum Sean Penn árið 1985 en skildi við hann fjórum árum síðar. Hún giftist leikstjóranum Guy Ritchie árið 2000 en þau skildu í fyrra.

Fox þolir ekki pappír

Leikkonan Megan Fox ræddi við grínistann Jimmy Fallon í þætti hans Late Night á fimmtudaginn var. Í þættinum viðurkenndi hún að henni þætti ónotalegt að snerta þurran pappír og þyrfti því ávallt að bleyta fingur sína áður en hún kæmi við blað. „Á mjög slæmum dögum sit ég með litla vatnsskál við hliðina á mér og bleyti fingurna upp úr vatni áður en ég flétti blaðsíðunni. Sumum finnst óþægilegt hljóðið sem kemur þegar skólatafla er klóruð, mér finnst óþægilegt að koma við pappír,“ sagði leikkonan. Hún sagðist jafnframt fá öll kvikmyndahandrit í tölvutæku formi.



UNDARLEG Megan Fox kemur stanslaust á óvart með skrifnum yfirlýsingum sínum.

Aldrei fleiri kettir í Kattholti

Ófremdarástand er að skapast í Kattholti sem Kattavinafélag Íslands rekur í Stangarhyl. Fólk virðist vera að losa sig við kisurnar í krepplunni.

„Frá upphafi, í þau átján ár sem Kattholt hefur verið starfrækt, hafa aldrei fleiri kisur verið hérna hjá okkur,“ segir Sigríður Heiðberg, formaður Kattavinafélags Íslands sem rekur Kattholt í Stangarhyl. Henni telst til að yfir 160 kisur dveljist nú í Kattholti og telur að krepplan sé fyrir alvöru farin að hafa áhrif á örlög katta um þessar mundir. „Fólk er hreinlega að losa sig við kettina þannig að þetta er bara skelfilegt ástand.“



MÖRGUM LÓGAÐ Sumar kisurnar fá ekki ný heimili og eigendur þeirra finnast ekki. Þá er lítið annað að gera en að lóga þeim.



ÓFREMДАРÁSTAND Í KATTHOLTI Sigríður Heiðberg, formaður Kattavinafélags Íslands, segir ófremdarástand ríkja í Kattholti. Þangað hafi aldrei komið jafnmargar kisur og á undanföllum vikum.

Kettirnir eiga sér sumir einhverja von; stundum finnast eigendurnir og stundum fá þeir ný heimili. Í sumum tilvikum er þó ekkert annað í stöðunni en að aflifa þá. „Svo er það þannig að þegar þeir koma hingað inn verður svo mikið álag á taugakerfið, varnarkerfið brotnar niður og þeir fá kvef en það er vandamál sem við ráðum hreinlega ekkert við eins og staðan er í dag,“ útskýrir Sigríður og því ljóst að

sannkallað ófremdarástand er að skapast í Kattholti um þessar mundir. Sigríður segir Kattavinafélagið skuldbundið til að taka móti þessum heimilislausu dýrum. „Regla númer eitt er að koma þeim heim, númer tvö er að finna fyrir þá ný heimili,“ útskýrir Sigríður, sem kallar eftir harðari reglum um kattarhald. „Oft eru þessi dýr örmerkt en eigendurnir koma ekki til að vitja þeirra.“ - fgg



SIGUR RÓS Lagið Ólsen Ólsen með Sigur Rós hljómaði í listgjörningi í Bandaríkjunum.

Sigur Rós í gjörningi

Bandaríski listamaðurinn Rob Bliss framkvæmdi óvenjulegan gjörning á sunnudag þegar hundrað þúsund pappapluggvélur voru settar á flug undir ómþýðum tónum Sigur Rósar. Um fimmtíu sjálfboðaliðar hjálpuðu Bliss að búa til flugvélnar, sem voru í ýmsum litum. Einum lit í einu var hleypt á flug samtímis frá þaki nokkurra bygginga í bænum Grand Rapids í Michigan og undir hljómaði lagið Ólsen Ólsen. Áhorfendur voru hvattir til að syngja með laginu eða spila með því á hljóðfæri. Hinn tvítugi Bliss var í hálf árið að skipuleggja gjörninginn.



ELDAR ÁSTÞÓRSSON Eldar er einn af skipuleggjendum tónleikaraðarinnar Réttar.

Réttir verða endurteknar á næsta ári

Tónleikaröðin Réttir sem var haldin um síðustu helgi verður aftur í Reykjavík á næsta ári, að sögn Eldars Ástþórssonar, eins af skipuleggjendum viðburðarins. „Þetta fór fram úr okkar björtustu vonum og gekk ótrúlega vel. Þetta voru yfir hundrað tónleikar og það var fullt út úr dyrum á vel flestum. Ég held að það sé ljóst af viðbrögðum hátíðarinnar í ár að við munum endurtaka leikinn,“ segir Eldar. „Við ætlum fyrst að hafa þetta lítið í sniðum en svo vatt þetta upp á sig og það bættust við fleiri staðir og fleiri vildu vera með. Þrátt fyrir lítinn fyrirvara og enga styrki sem við gátum reitt okkur á tókst þetta keikvél.“ Iceland Airwaves-tónlistarhátíðin verður haldin 14. til 18. október og því er afar stutt á milli þessara tveggja svipuðu hátíða.

Eldar vill ekki meina að þær skarist enda hafi miðasala á Airwaves gengið sérlega vel. „Það virðist vera bæði markaður og stemning fyrir því að hafa fyrirbæri eins og Réttir í september. Eini mínusinn er að það er stutt á milli hátíðanna en við sem stöndum að Réttum höfðum aldrei áhyggjur af því að þetta myndi bitna á öðrum viðburðum haustsins eða vetrarins, til að mynda Airwaves-hátíðinni. Við vonuðumst til að þetta myndi ganga vel upp bæði fyrir okkur sem höldum Réttir og þá sem halda Airwaves og það tókst.“ Vegna takmarkaðs fjármagns fengu erlendu hljómsveitirnar sem komu fram á Réttum lítið greitt. „Við vorum að hjálpa þeim með gistingu en greiddum ekki mikil laun. Það hefði aldrei gengið upp.“ - fb

ÓDÝRT ALLA DAGA!

Fimm pylsur og brauð

299 kr.

5 Goða pylsur og 5 Líf pylsubrauð

alltaf í leiðinni!

Sunny Day sótt 2.600 sinnum

Lag Þórs Kristinssonar, Sunny Day, var sótt tæplega 2.600 sinnum á heimasíðu Microsoft, Myspace.com/windows, í nýrri kynningarherferð sem fyrirtækið stóð fyrir. „Mig langar að þakka öllum þeim sem studdu mig í herferðinni. Ég fékk mikla kynningu,“ sagði Þór, hæstánægður með árangurinn. Lagið var valið ásamt um eitt þúsund öðrum í herferðina og borgaði fyrirtækið lagahöfundunum í hvert skipti sem lag þeirra var sótt ókeypis, eins og Fréttablaðið greindi frá í sumar. Með árangri sínum komst Sunny Day á lista yfir áttatíu vinsælustu lögín. Í þeim hópi voru lög eftir The Lemonheads og Warren G.

Næsta smáskífulag Þórs, Call,

var nýverið krufið til mergjar af nýju forriti sem stór útgáfufyrirtæki nota til að sjá hversu líkleg þau eru til vinsælda. Lagið hlaut 7,8 í einkunn og komst þar með í platinuflokk. Einkunnin gefur góð fyrirheit um framhaldið, enda spáði forritið á sínum tíma rétt fyrir um vinsældir fyrstu plötu Noruh Jones, Come Away With Me.

Sunny Day og Call er að finna á fyrstu plötu Þórs, Running Naked, sem kom út á síðasta ári. Þór er búsettur í Nova Scotia í Kanada en lék áður í söngleikjum á West End í London.

ÞÓR KRISTINSSON Lag hans Sunny Day var sótt tæplega 2.600 sinnum á heimasíðunni Myspace.com/windows.



NÝTT Í BÍÓ!

Blóðugur spennutryllir frá handritshöfundi Juno

Hin sjóðheita Megan Fox vill aðeins óþekka stráka!

Jennifer's Body

600 kr.

ATH: Gildir ekki í LUXUS

Katherine HEIGL Gerard BUTLER

the ugly truth

600 kr.

ATH: Gildir ekki í LUXUS

★★★★★ -H.S., MBL

Antichrist

600 kr.

18 ATH: ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA

★★★★★

BIONICLE

600 kr.

★★★★★

GÓÐSOGNIN SNÝR AFTUR

600 kr.

16

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELÐINUM FRUMSYND 2. OKTÓBER

★★★★★

KARLAR SEM HATA KONUR

600 kr.

ADENS 3 DAGAR EFTIR!

50.000 MANNS!

16

SÓLSKINS DRENGURINN

600 kr.

ADENS 3 DAGAR EFTIR!

L

ÍSÖLD 3

950 kr. 3D

600 kr.

L

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

JENNIFER'S BODY	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16
BIONICLE - ÍSLENSKT TAL	kl. 4	L
THE UGLY TRUTH	kl. 5:45 - 8 - 10:15	14
THE UGLY TRUTH LUXUS	kl. 5:45 - 8 - 10:15	14
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 6 - 9	16
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 5 - 8	16
ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL	kl. 3:45 (950kr)	L
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 3:45	L

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

THE UGLY TRUTH	kl. 5:45 - 8 - 10:15	14
ANTICHRIST	kl. 5:40 - 8 - 10:20	18
SÓLSKINS DRENGURINN	kl. 5:45 - 8 - 10:15	L
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 6 - 9	16

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

JENNIFER'S BODY	kl. 6 - 8 - 10	16
BIONICLE - ÍSLENSKT TAL	kl. 6	L
THE UGLY TRUTH	kl. 8	14
FINAL DESTINATION	kl. 10	16

REGNBOGINN Sími 551 9000

NORDISK PANORAMA

25-30 SEPTEMBER

Í REGNBOGANUM

DAGSKRÁ ER AÐ FINNA Á:

NORDISKPANORAMA.COM

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

FUNNY PEOPLE

500 KR.

Hin sjóðheita Megan Fox leikur frá handritshöfundi Juno kynþekktu og vinsælu menntaskólalestu sem vill aðeins óþekka stráka!

Jennifer's Body

500 KR.

BIONICLE

500 KR.

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR

BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

FUNNY PEOPLE	kl. 6 og 9	L
JENNIFER'S BODY	kl. 8 og 10	16
BIONICLE - Ísleenskt tal	kl. 6	L
THE UGLY TRUTH	kl. 6, 8 og 10	12

PRÍÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500

GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D

FRÁ LENSJÓRA 40 YEAR OLD VIRGIN OG KNOCKED UP

FUNNY PEOPLE

STÓRSTÖLLENDU GRÖNNVINDU MEÐ ÞEINI SETU ÍNÖSTU. EKKI BANDA OG ADAM SANDLER

FRÁ LENSJÓRA 40 YEAR OLD VIRGIN OG KNOCKED UP

HAUNTING IN CONNECTICUT

ORIGINELEND MYNDIÐ ER SEM GUTSUSKURER HEITIR ÁTTU SÉR STAD Í GÖMLU TÍÐARHEIMINUM. HÉTTU ER EKKI EKKI AÐ TÝNA

FRÁ LENSJÓRA 40 YEAR OLD VIRGIN OG KNOCKED UP

DISTRICT 9

WASHINGTON POST

STÓRKOSTLEG ÁVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!

ALGJÖR SVEPPI

OG LEITIN AÐ VILLA

★★★★★ -S.V. MBL

ALFABAKKA

ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA	kl. 6D - 8D	L
FUNNY PEOPLE	kl. 5 - 8 - 10	12
DISTRICT 9	kl. 8 - 10:20	16
DISTRICT 9	kl. 5:50 - 8 - 10:20	VIP
BANDSLAM	kl. 5:45 - 8	L
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 10:20 english subt.	16
UPP M/Ísl. Tali	kl. 5:50	L
DRAG ME TO HELL	kl. 10:50	16
THE PROPOSAL	kl. 10:50	L
HARRY POTTER	kl. 5 - 8	10

HTTP://FACEBOOK.COM/BIOMYNDIR

KRINGLUNNI

ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA	kl. 6D - 8D	L
HAUNTING IN CONNECTICUT	kl. 8 - 10:10	16
DISTRICT 9	kl. 8:10 - 10:30	16
FINAL DESTINATION 4 (3D)	kl. 10:10	16
UPP M/Ísl. Tali	kl. 6	L
UP M/Ensk. Tali	kl. 6(3D)	L

AKUREYRI

ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA	kl. 6 - 8	L
FUNNY PEOPLE	kl. 8 - 10	12
UP M/Ísl. Tali	kl. 6	L
DISTRICT 9	kl. 10:40	16

Líkti Svavari við Jack Black

Breski tónlistarmálarrinn Kilford sem málaði á tónleikum For a Minor Reflection á Nasa fyrir skömmu líkir Svavari Knúti við Hollywood-leikarann og söngvarann Jack Black á bloggsíðu sinni.

„Þetta er ekki óalgengt. Ég er að fá svoltið af þessu. Philip Seymour Hoffman, Oliver Platt og Jack Black,“ segir trúðadorinn Svavar Knútur. Kilford lætur allt flakka á blogginn um upplifun sína af tónleikum Svavars Knúts: „Ég gekk inn á þennan stað og forsprakkinn var í rosalega ljótri peysu og ég hugsaði með mér að hann hlyti að vera að stikna úr hita,“ skrifar Kilford. „Ég hafði gaman af þessum strákum. Söngvarinn minnti mig rosalega mikið á Jack Black og var greinilega með sama sjálfs-

trausts-genið og hann. Hann lifði sig líka virkilega inn í sönginn. Trommarinn var líka frábær og hætti ekki að brosa, sem fékk mig til að brosa. Bassaleikaranum var líka alveg sama um allt og gerði bara sína hluti óaðfinnanlega.“

Svavar hefur gaman af samlíkingunni og viðurkennir að líkindin með honum og Jack Black séu til staðar. „Þybbinn með skegg og líka svona nett ofvirkur,“ segir hann um sjálfan sig. „Ég er samt með allt öðruvísi lagasmíðar en hann. Ég ber fulla virðingu fyrir Tenacious D [hljómsveit Jacks Black] en mér finnst þeir svoltið barnalegir,“ segir hann. „En ég hef ógeðslega gaman af Jack Black. Hann er einn af mínum uppáhaldsleikurum. Það er skemmtilegt að eiga sér tvífara, sérstaklega af því að það eru margir taktar sem eru svipaðir. Ég hef bara gaman af þessu og tek þetta ekkert alvarlega.“

Svavar hefði þó frekar kosið að vera líkt við tónlistarmann á borð við Nick Drake, sem hann hefur mikið dálæti á. „Ef Nick Drake hefði verið þybbinn og með skegg þá væri það kannski séns.“

Kilford hefur á farsælum ferli sínum málað þekktu flytjendur á borð við Damon Albarn, Robert Plant, Black Eyed Peas, Kasabian og Brian Eno. Hver veit nema Svavar Knútur verði næst fyrir valinu, eftir hið vel heppnaða málverk á tónleikum For a Minor Reflection. „Mér fannst þetta ógeðslega flott. Ég horfði á þetta og hugsaði með mér: „Þetta vil ég gera“,“ segir Svavar um frammi- stöðu Kilfords.

Kilford ber Íslandi vel söguna í blogg færslu sinni og nefnir að hljómsveitirnar Pascal Pinon, FM Belfast og stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar hafi einnig heillað hann upp úr skónum.

freyr@frettabladid.is

HVAD? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 29. september 2009

Tónleikar

12.15 Guðmundur Sigurðsson orgelleikari og Hjörleifur Valsson fiðluleikari flytja fjölbreytta efnisskrá á hádegis- tónleikum í Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



21.00 Á Kaffi Rosenberg við Klappartíg verða haldnir tónleikar til styrktar Mæðra- styrksnefnd. Fram koma HEK, trúðadorinn Toggi.

Svavar Knútur, Viðurstyggð og Lára Rúnars.

Kynningar

20.00 Dominique Pléd-el Jonsson kynnis Slow Food lífstíl hjá Alliance française við Tryggvagötu 8. Kynningin fer fram á frönsku og íslensku. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.slowfood.is og www.af.is



Sýningar

Í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu verður sýnt valið efni úr DVD-sjónritinu Rafskinnu frá kl. 15-17. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Námskeið

Halló Norðurlönd og EURES standa fyrir námskeiðum í húsnæði Norræna félagsins að Öðinsgötu 7 fyrir þá sem undirbúa búferlaflutninga til Danmerkur, Noregs eða Svíþjóðar. Farið verður í helstu atriði sem snúa að flutningum, svo sem skráningu, almannatryggingar, atvinnu- og húsnæðisleit. Í kvöld kl. 18 verður námskeið um Danmörk og um Noreg kl. 20. Nánari upplýsingar www.norden.is. Skráning í síma 551-0165.

Leikrit

18.00 Leikhópurinn Kraðak sýnir verkið „Let's talk local – Reykjavík“ á Restaurant Reykjavík við Vesturgötu 2. Þar er rakin saga Reykjavíkur frá landnámi til dagsins í dag. Sýningin fer fram á ensku og er sýnd alla daga kl. 18.

Fyrirlestrar

12.00 Hannar Hafberg lögfræðingur flytur erindið „Nafnlaus ummæli og ærumeiðingar á verladarvefnum – Ábyrgð og úrræði“. Fyrirlesturinn fer fram hjá Háskólanum á Akureyri (L201) Sólborg við Norðurlóð. Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



JENS ÓLAFSSON Syngur lög Alice in Chains á fimmtudag.

Heiðra Alice in Chains

Í tilefni þess að rokk sveitin Alice in Chains gefur út nýja plötu á morgun eftir langt hlé verða haldnir tónleikar til heiðurs sveitinni á Sódómu á fimmtudaginn. Tónleikarnir skiptast í tvo hluta. Í fyrri hlutanum verða lög Alice in Chains leikin á órafmögnum hljóðfæri en síðan verður allt gefið í botn. Jens Ólafsson og Kristófer Jensson verða saman á sviðinu og skipta með sér sönglínunum. Blaðamaðurinn Arnar Eggert Thoroddsen mun jafnframt fara stuttlega yfir sögu sveitarinnar. Tónleikarnir hefjast kl. 22.30 og er miðaverð 1.000 krónur. Miðar verða seldir við inngang.

FYRIR ÞÉR ER EINN DAGUR SEM ÞÚSUND ÁR

FRUMSÝND 6. OKTÓBER Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI

GUD BLESSI ÍSLAND

FYRSTA KVIKMYNDIN UM HRUNID OG AFLEIÐINGAR ÞESS

FELIX FILMS | SAMVINNIÐ IRIS FILM OG MA.JA.DE.FILM | KYNNA "GUD BLESSI ÍSLAND"
STURLA JÓNSSON EVA HAUKSÐÓTTIR ÞÓRR RÚNAR GEIRJÓNSSON KVIKMYNDA TAKA HELGI FELIXSON STEFFI THORS TONLIST HILMAR ÖRN
HILÓD VINGSLA CINEMA SOUND INGVAR LUNBERG COLOURIST DANIEL ODDSSON FRAMLEIÐENDUR TITTI JOHNSON HELGI FELIXSON MED EVA RINK HEINO DECKERT
HANDRIT TITTI JOHNSON HELGI FELIXSON LEIKSTJÓRI HELGI FELIXSON STÖÐVIRK KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS NORDIC FILM AND TV FOND NDR/ARTE RUV SVT YLE TV2

græna ljósið

REKINGIR

TV

arte NOR

RÚV

svt

YLE

T2

DR

græna
ljósið

www.facebook.com/graenaljosid

> **Kristján hættur, Willum Þór tekinn við**

Kristján Guðmundsson er hættur sem þjálfari Keflavíkur en hann hefur stýrt liðinu í fimm ár. Willum Þór Þórsson var í kvöld ráðinn sem nýr þjálfari liðsins en hann skrifar undir tveggja ára samning. „Við ákváðum bara eftir stjórnafund að nýta okkur ákvæði í samningi Kristjáns til þess að segja samningi hans upp í október. Við þökkum honum bara fyrir góð störf. Þetta gerðist mjög hratt og við höfum fengið Willum Þór til þess að þjálfra liðið. Hann skrifar undir tveggja ára samning,“ segir Þorsteinn Magnússon, formaður Keflavíkur, í viðtali við Fréttablaðið.

sport
sport@frettabladid.is

**ÓLI STEFÁN FLÓVENTSSON: HEFUR ÁKVEÐIÐ AÐ SNÚA SÉR AÐ ÞJÁLFUN OG GERÐI TVEGGJA ÁRA SAMNING VIÐ SINDRA****Næsta skrefið hjá mér í þessum fótboltabransa**

Óli Stefán Flóventsson hefur ákveðið að snúa sér að þjálfun og hefur samþykkt tveggja ára samning sem spilandi þjálfari Sindra frá Höfn í Hornafirði sem leikur í 3. deild. Hinn 33 ára gamli Óli Stefán hefur lengst af leikið með Grindvíkingum og er leikja-hæsti leikmaður liðsins í efstu deild með 194 leiki. Hann kom til liðs við Grindvíkinga að nýju þegar félagaskiptaglugginn var opnaður 15. júlí síðastliðinn eftir stutta dvöl hjá norska 2. deildarliðinu Vard Haugasund og eitt sumar með Fjölni úr Grafarvogi. Óli Stefán skilur sáttur við Grindvíkinga og hlakkar jafnframt til þess að taka næsta skref á sínum ferli.

„Ég er himinlifandi með að hafa komið heim og hjálpað Grindvíkingum því þeir voru ekki í góðri stöðu framan af sumri. Við náðum hins vegar að bjarga okkur frá falli þegar nokkrar umferðir voru eftir og það var kannski eins gott því dæmið í kringum svínafleusuna hafði sitt að segja á lokasprettinum. Ég skil annars bara sáttur við Grindvíkinga og er ánægður með að hafa klárað minn feril sem leikmaður þar. Ég fer annars austur eftir tvær vikur og skrifa undir tveggja ára samning við Sindra. Ég hef nú alltaf sagt að ég ætli að snúa mér að þjálfun og nota svona síðustu metrana

sem leikmaður til þess að koma mér að. Ég veit nú ekki hvort ég mun spila mikið, það kemur bara í ljós. Þetta er bara næsta skrefið í þessum fótboltabransa hjá mér og ég hlakka mjög til,“ segir Óli Stefán.

Óli Stefán vonast til þess að geta hjálpað Sindra til þess ná fyrri hæðum en ekki er langt síðan Hornfirðingar voru með mjög frambærilegt 1. deildarlið.

„Konan mín er frá Höfn og ég hef verið þarna yfir jólahátíðina síðustu fimm ár og þá hef ég kíkt á æfingar með Sindra þannig að ég þekki ágætlega til þarna. Þeir töluðu fyrst við mig fyrir þremur árum og ég er kannski að efna gamalt loforð núna. Þeir eru í neðstu deild og eiga að mínu mati ekki heima þar og ég mun reyna mitt besta til þess að breyta því. Stefan er að reyna að rífa þetta félag upp. Það eru spennandi leikmenn þarna og margir ungir og efnilegir strákar sem verður skemmtilegt að vinna með. Það er líka rosalega mikill áhugi fyrir fótbolta á Höfn og það gerir þetta enn meira spennandi.“

**ÚRSLIT****Enska úrvalsdeildin**

Man. City-West Ham							3-1
Carlos Tevez (2), Martin Petrov - Carlton Cole							
STADAN							
1. Man. United	7	6	0	1	17-6	18	
2. Chelsea	7	6	0	1	16-6	18	
3. Liverpool	7	5	0	2	22-10	15	
4. Tottenham	7	5	0	2	17-10	15	
5. Man. City	6	5	0	1	14-7	15	
6. Arsenal	6	4	0	2	18-8	12	
7. Aston Villa	6	4	0	2	9-5	12	
8. Sunderland	7	4	0	3	14-11	12	
9. Everton	6	3	0	3	8-10	9	
10. Wigan	7	3	0	4	7-13	9	
11. Burnley	7	3	0	4	5-15	9	
12. Stoke	7	2	2	3	5-9	8	
13. Bolton	6	2	1	3	8-9	7	
14. Birmingham.	7	2	1	4	4-6	7	
15. Blackburn	6	2	1	3	6-9	7	
16. Wolves	7	2	1	4	7-13	7	
17. Fulham	6	2	0	4	4-8	6	
18. West Ham	6	1	1	4	6-9	4	
19. Hull	7	1	1	5	6-19	4	
20. Portsmouth	7	0	0	7	3-13	0	

Norska úrvalsdeildin

Brann-Odd Grenland 4-2
Birkir Már Sævarsson skoraði fjórða mark Brann.

Sænska úrvalsdeildin

GAIS-Örebro 3-0
Eyjólfur Héðinsson lagði upp tvö mörk fyrir GAIS.



0 MÖRK Á 252 MÍNÚTUM Eiður Smári Guðjohnsen. NORDICPHOTOS/AFP

Sóknarleikur Mónakó-liðsins:

Fær Eiður ekki að vera með?

FÓTBOLTI Það leyndi sér ekki fyrir neinum að Eiður Smári Guðjohnsen var hundsvekkur með það að vera tekinn út af á 63. mínútu í leik Mónakó á móti Saint-Etienne á laugardaginn.

Þegar tölfraði leiksins er skoðuð eins og hún kemur fyrir hjá blaðinu France Football lítur út fyrir það að okkar maður sé hreinlega skilinn út undan í sóknarleik liðsins. Hvort sem það er vegna hreyfingarleysis Eiðs Smára eða að hann sé enn að venjast leik liðsins þá fær hann boltann miklu sjaldnar en allir leikmennirnir í kringum hann.

Eiður Smári kom alls þrettán sinnum við boltann í leiknum samkvæmt tölfraði France Football og tapaði honum fimm sinnum. Hann átti sex sendingar og heppnuðust fjórar þeirra, þar af ein fyrirgjöf. Hann fékk eina aukaspurnu, braut einu sinni af sér og vann eina tæklingu.

Sem dæmi þá fékk Nene boltann 55 sinnum í leiknum, Mathieu Coutadeur komst 54 sinnum í boltann, Alejandro Alonso fékk boltann 39 sinnum og Chu Young Park kom við hann 30 sinnum. Þetta eru allt leikmenn framarlega á vellinum hjá Mónakó og því lítur út fyrir að okkar maður sé bara ekki með.

- 66j

Gullskórinn kemur bara seinna

FH-ingurinn Atli Viðar Björnsson varð um helgina þriðji leikmaðurinn til að horfa á eftir markakóns-titlinum og gullskónum í lokaumferðinni. Hinir tveir fengu báðir gullskóinn seinna á ferlinum.

FÓTBOLTI FH-ingurinn Atli Viðar Björnsson var að margra mati með gullskóinn innan seilingar fyrir lokaumferð Pepsi-deildar karla um helgina en varð að horfa á eftir honum til KR-ingsins Björgólfs Takefusa sem skoraði fimm mörk á móti Val. Saga síðustu ára segir að Atli Viðar muni fá gullskóinn síðar á ferlinum.

„Bjöggi hitti þarna á algjöran toppleik og það gekk allt upp hjá honum. Ég held að ég hafi staðið mig ágætlega, sem og liðið. Ég er sáttur við sjálfan mig enda get ég ekki gert í því hvað aðrir skora mörg mörk. Það þýðir ekkert að svekkja sig á einhverju sem maður hefur ekki stjórn á,“ segir Atli Viðar.

Atli Viðar náði ekki að skora í síðustu tveimur umferðunum og á sama tíma skoraði Björgólfur sex mörk.

„Vissulega hefði það orðið gaman að fá gullskóinn en það sem stendur upp úr er að þetta var flott sumar þar sem ég fékk tækifæri með landsliðinu, varð Íslandsmeistari og fékk silfurskó. Ef einhver hefði boðið mér þetta allt saman í vor þá hefði ég alltaf þegið það,“ segir Atli Viðar en þetta er fyrsti skórinn hans í efstu deild. „Það kemur annar skór einhvern tímann síðar, við höldum bara í vonina,“ segir Atli Viðar.

Tryggvi Guðmundsson, félagi Atli Viðars í FH-liðinu, ætti að geta hughreyst sinn mann með sinni reynslu. Tryggvi Guðmundsson var með tveggja marka forskot á Skagamanninn Arnar Gunnlaugsson fyrir lokaumferðina sumarið 1995. Arnar skoraði hins vegar þrennu í innbyrðisleik þeirra félaga í lokaumferðinni án þess að Tryggvi næði að svara fyrir sig og tryggði sér þar með gullskóinn. „Þetta var auðvitað þínu svekkjandi en mér var bætt það upp á lokahófi KSÍ þar sem ég var valinn efnilegasti leikmaður Íslands-mótsins. Það var mun meiri heiður



FIÓRTÁN MÖRK Atli Viðar Björnsson fagnar einu af mörkum sínum í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**MARKAHÆSTIR 1995****Fyrir lokaumferð**

Tryggvi Guðmundsson, ÍBV	14
Arnar Gunnlaugsson, ÍA	12
Mihajlo Biberic, KR	11
Rastislav Lazoric, Breiðabliki	11

Lokastaðan

Arnar Gunnlaugsson, ÍA	15
Tryggvi Guðmundsson, ÍBV	14
Mihajlo Biberic, KR	13
Rastislav Lazoric, Breiðabliki	11

MARKAHÆSTIR 2000**Fyrir lokaumferð**

Guðmundur Steinarsson, Keflavík	12
Andri Sigþórsson, KR	10
Steingrímur Jóhannesson, ÍBV	9
Gylfi Einarsson, Fylki	9

Lokastaðan

Andri Sigþórsson, KR	14
Guðmundur Steinarsson, Keflavík	14
Gylfi Einarsson, Fylki	10
Steingrímur Jóhannesson, ÍBV	9

Önnur umferð riðlakeppni Meistaradeildarinnar hefst í kvöld með átta leikjum í riðlum E til H:

Arsenal og Liverpool í eldlínunni

FÓTBOLTI Enska félagin Arsenal og Liverpool vonast til þess að halda áfram á sigurbraut þegar önnur umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld.

Arsenal fær Olympiakos í heimsókn á Emirates-leikvanginn en Liverpool ferðast til Ítalíu og mætir Fiorentina á Artemio Franchi-leikvangnum í Flórens.

Arsenal byrjaði riðla-

BENDTNER Er óleikfær eftir að hafa lent í bilslýsi á sunnudag.

NORDIC PHOTOS/AFP



keppnina á ótrúlegum 2-3 sigri gegn Standard Liege eftir að hafa lent 2-0 undir snemma leiks en knattspyrnustjórinn Arsene Wenger hjá Arsenal getur ekki stillt fram sínum sterkasta leikmannahópi fyrir leikinn gegn Olympiakos.

Staðfest hefur verið að miðjumaðurinn Denilson verður frá vegna bakmeiðsla í um það bil tvo mánuði og þá er framherjinn Nicklas Bendtner óleikfær eftir að hafa lent í bilslýsi á sunnudag. Hinn 21 árs gamli Bendtner klessukeyrði tuttugu milljóna króna Aston Martin-

bifreið sína nálægt æfingasvæði Arsenal en slapp við alvarleg meiðslu.

„Nicklas er illa marinn og skelkaður eftir atvikið og hann æfði ekki með liðinu á mánudag og verður því ekki í leikmannahópnum fyrir leikinn gegn Olympiakos. Denilson er aftur á móti meiddur í baki og gæti orðið frá í þó nokkurn tíma, jafnvel nokkra mánuði,“ sagði Wenger á blaðamannafundi í gær.

Knattspyrnustjórinn Rafa Benítez hjá Liverpool verður einnig án tveggja lykilmanna fyrir leikinn gegn Fiorentina í kvöld þar sem hvorki Yossi Benayoun né Javier Mascherano ferðuðust með liðinu til Flórens.

Tvímenningararnir léku báðir í

6-1 sigri Liverpool gegn Hull um helgina en meiðslu þeirra eru ekki talin alvarleg og því er ekki útilokað að þeir verði klárir í slaglinni gegn Chelsea í ensku úrvalsdeildinni um næstu helgi.

- 6p

LEIKIR KVÖLDSINS**E-riðill:**

Debrecen-Lyon	
Fiorentina-Liverpool	Stöð 2 Sport

F-riðill:

Rubin Kazan-Inter	
Barcelona-Dinamo Kiev	Stöð 2 Sport 4

G-riðill:

Rangers-Sevilla	
Unirea Urziceni-Stuttgart	

H-riðill:

AZ Alkmaar-Standard Liege	
Arsenal-Olympiakos	Stöð 2 Sport 3

oof@frettabladid.is

Opið til kl. 18 í kvöld

Dæmi um bílaleigubíla sem eru á rýmingarsölu Thrifty bílaleigu



Ford Fiesta Trend (00181)
1,4i bensín 5 girá 5 dyra.
Hiti í framsætum, rafr. rúður að framan ofl.
Skrd. 06/2007. Ek. 71.000 km.
Verð 1.720.000 kr.
Thrifty afsláttur 730.000 kr.
Thrifty verð 990.000 kr.



Ford Mondeo Trend (TP082)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 05/2007 Ek. 59.000 km.
Verð 2.550.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 1.950.000 kr.



Mazda Tribute AWD (UA411)
2,3i bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd. 05/2005 Ek. 65.000 km.
Verð 2.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 1.990.000 kr.



Ford Explorer Sport Trac (KG426)
4,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd 08/2006 Ek. 80.000 km.
Verð 3.390.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 2.890.000 kr.



Ford Explorer Eddie Bauer 4x4 (AU201)
4,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarbeisli, nálægðarskynjari aftan, hraðastillir ofl.
Skrd. 05/2006. Ek. 92.000 km.
Verð 3.820.000 kr.
Thrifty afsláttur 1.130.000 kr.
Thrifty verð 2.690.000 kr.



Citroën C4 Coupé VTR (SZ648)
1,6i bensín beinskíptur 3 dyra.
Vindskeið að aftan, loftkæling, filmur í afturrúðum ofl.
Skrd. 02/2005. Ek. 47.000 km.
Verð 1.920.000 kr.
Thrifty afsláttur 830.000 kr.
Thrifty verð 1.090.000 kr.



Ford Explorer XLT Sport 4x4 (ML119)
4,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarbeisli, leðuráklæði, nálægðarskynjari aftan ofl.
Skrd. 02/2006. Ek. 82.000 km.
Verð 3.220.000 kr.
Thrifty afsláttur 730.000 kr.
Thrifty verð 2.490.000 kr.



Ford Focus Trend (0T043)
1,6i bensín sjálfskiptur station.
Upphitanleg framrúða, hæðarstillanleg framsæti, rafr. rúður að framan ofl.
Skrd. 02/2006. Ek. 49.000 km.
Verð 2.270.000 kr.
Thrifty afsláttur 780.000 kr.
Thrifty verð 1.490.000 kr.



Volvo XC90 SE (0R243)
2,4i dísil sjálfskiptur 5 dyra
Leðuráklæði, þjófavörn, rafrdrifin sæti ofl.
Skrd. 02/2007. Ek. 161.000 km.
Verð 5.700.000 kr.
Thrifty afsláttur 1.420.000 kr.
Thrifty verð 4.280.000 kr.



Ford Transit 3500
2,0i dísil beinskíptur 6 dyra
Skrd. 05/2000 Ek. 110.000 km.
Verð 2.290.000 kr.
Thrifty afsláttur 700.000 kr.
Thrifty verð 1.590.000 kr.

Gerðu bílakaup dagsins!

Nýttu tækifærið - Thrifty bílaleiga þarf að losna við bíla fyrir veturinn. Nú getur þú gert bílakaup á alveg sérstökum kjörum. Komdu og skoðaðu. Reynsluaktu bíl frá Thrifty bílaleigu og gerðu bílakaup dagsins. Við erum þar sem Brimborg er á Bildshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri.

Thrifty bílaleiga rýmir til fyrir veturinn - gerðu bílakaup dagsins hjá Thrifty!



Volvo V50 T5 AWD (UG416)
2,5i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
leðuráklæði
Skrd. 09/2005 Ek.47.000 km.
Verð 3.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 900.000 kr.
Thrifty verð 2.590.000 kr.



Citroën C4 Comfort (KJ818)
1,6i bensín 5 girá 5 dyra.
Glerpak, álfelgur.
Skrd. 09/2006. Ek. 27.000 km.
Verð 2.260.000 kr.
Thrifty afsláttur 770.000 kr.
Thrifty verð 1.490.000 kr.



Subaru Legacy Sport (MT211)
2,0i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Upphækkun, dráttarbeisli.
Skrd. 05/2007. Ek. 35.000 km.
Verð 3.390.000 kr.
Thrifty afsláttur 840.000 kr.
Thrifty verð 2.550.000 kr.



Mazda6 Touring (ZG338)
2,0i bensín sjálfskiptur 4 dyra
Dráttarkrökur
Skrd. 04/2006 Ek. 52.300 km.
Verð 2.350.000 kr.
Thrifty afsláttur 360.000 kr.
Thrifty verð 1.990.000 kr.



Citroën Xsara Picasso (TP762)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd. 05/2004 Ek. 99.000 km.
Verð 1.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 990.000 kr.



Mazda3 Touring (ZJN01)
1,6i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 06/2008 Ek. 47.000 km.
Verð 2.420.000 kr.
Thrifty afsláttur 430.000 kr.
Thrifty verð 1.990.000 kr.



Citroën C4 Comfort (PS788)
1,6i bensín 5 girá 5 dyra.
Skrd. 12/2005. Ek. 59.000 km.
Verð 1.950.000 kr.
Thrifty afsláttur 660.000 kr.
Thrifty verð 1.290.000 kr.



Citroën C8 SX (NU730)
2,0i bensín sjálfskiptur 7 manna.
Skrd. 12/2005. Ek. 59.000 km.
Verð 3.390.000 kr.
Thrifty afsláttur 1.100.000. kr.
Thrifty verð 2.290.000 kr.



Ford Focus Trend (TL619)
1,6i bensín beinskíptur 5 dyra
Skrd. 12/2005 Ek. 59.000 km.
Verð 2.060.000 kr.
Thrifty afsláttur 570.000 kr.
Thrifty verð 1.490.000 kr.



Ford Transit Connect (LM590)
1,8i dísil beinskíptur 6 dyra
Skrd. 04/2006 Ek. 110.000 km.
Verð 1.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 890.000 kr.



Ford Escape XLS AWD (0D039)
2,3i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 07/2005 Ek. 87.000 km.
Verð 2.450.000 kr.
Thrifty afsláttur 660.000 kr.
Thrifty verð 1.790.000 kr.



Mazda5 Touring (VB17)
2,0i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 01/2008. Ek. 47.000 km.
Verð 2.750.000 kr.
Thrifty afsláttur 560.000 kr.
Thrifty verð 2.190.000 kr.



Citroën C3 SX (YL482)
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 03/2006. Ek. 35.000 km.
Verð 1.760.000 kr.
Thrifty afsláttur 370.000 kr.
Thrifty verð 1.390.000 kr.



Honda Jazz (VZ691)
1,3i bensín 5 girá 5 dyra.
Skrd. 06/2006. Ek. 54.400 km.
Verð 1.790.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 1.290.000 kr.



Citroën Berlingo (0N754)
2,0i dísil beinskíptur 6 dyra.
Skrd. 02/2005 Ek. 84.000 km.
Verð 1.250.000 kr.
Thrifty afsláttur 560.000 kr.
Thrifty verð 690.000 kr.



Citroën C5 (JN459)
1,8i bensín 5 girá 5 dyra.
Skrd. 07/2006. Ek. 30.000 km.
Verð 2.320.000 kr.
Thrifty afsláttur 530.000 kr.
Thrifty verð 1.790.000 kr.



Volvo S60 (VU856)
2,0i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Skrd. 10/2005 Ek. 102.000 km.
Verð 2.990.000 kr.
Thrifty afsláttur 700.000 kr.
Thrifty verð 2.290.000 kr.



Volvo XC90 (NX502)
2,5i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 04/2006 Ek. 102.000 km.
Verð 4.890.000 kr.
Thrifty afsláttur 700.000 kr.
Thrifty verð 4.190.000 kr.



Ford Expedition Limited (NN561)
5,4i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 03/2005 Ek. 106.000 km
Verð 3.790.000 kr.
Thrifty afsláttur 1.200.000 kr.
Thrifty verð 2.590.000 kr.



Ford Fiesta (TJ195)
1,4i bensín beinskíptur 5 dyra
Skrd. 06/2007 Ek. 62.000 km.
Verð 1.790.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 1.190.000 kr.



Toyota Avenis (USD25)
1,8i bensín beinskíptur 5 dyra
Skrd. 07/2008 Ek. 30.000 km.
Verð 3.590.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 2.990.000 kr.



Mazda3 (ASB75)
1,6i beinskíptur 4 dyra
Skrd. 06/2008 Ek. 41.000 km.
Verð 2.450.000 kr.
Thrifty afsláttur 460.000 kr.
Thrifty verð 1.990.000 kr.



Volvo S40 (KS988)
2,0i dísil beinskíptur 4 dyra
Skrd. 08/2006 Ek. 36.000 km.
Verð 2.690.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 2.190.000 kr.



Ford C-MAX Ghia (EA177)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
16" álfelgur, hiti í framsætum, tölvust. miðstöð, rafr. rúður að framan og aftan ofl.
Skrd. 12/2005. Ek. 37.000 km.
Verð 2.500.000 kr.
Thrifty afsláttur 810.000 kr.
Thrifty verð 1.690.000 kr.



Ford Explorer XLT (UT294)
4,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 04/2006 Ek. 49.000 km.
Verð 3.450.000 kr.
Thrifty afsláttur 560.000 kr.
Thrifty verð 2.890.000 kr.



Ford Focus Trend Collection (TK164)
1,6i bensín sjálfskiptur station.
Upphitanleg framrúða, tölvustýrð miðstöð, rafr. rúður framan og aftan ofl.
Skrd. 06/2007. Ek. 69.000 km.
Verð 2.430.000 kr.
Thrifty afsláttur 540.000 kr.
Thrifty verð 1.890.000 kr.



Ford Transit 300M (PN789)
2,0i dísil beinskíptur 5 dyra
Skrd. 09/2005 Ek. 91.000 km.
Verð 2.150.000 kr.
Thrifty afsláttur 860.000 kr.
Thrifty verð 1.290.000 kr.



Ford Focus Trend (YG430)
1,6i bensín 5 girá station.
Skrd. 08/2003. Ek. 110.000 km.
Verð 1.290.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 790.000 kr.



Citroën C2 VTS (AF498)
1,6i beinskíptur 3 dyra.
Álfelgur 16", loftkæling, sportfjöðrun ofl.
Skrd. 04/2007. Ek. 20.000 km.
Verð 2.190.000 kr.
Thrifty afsláttur 700.000 kr.
Thrifty verð 1.490.000 kr.



Mazda6 Sport (LP883)
2,3i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Leður, rafrdrif bílstj. sæti, BOSE hlómkerfi, Xenon ljós ofl.
Skrd. 06/2006. Ek. 63.000 km.
Verð 2.950.000 kr.
Thrifty afsláttur 560.000 kr.
Thrifty verð 2.390.000 kr.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins.

Komdu. Kaupu bíl á rýmingarverði af Thrifty

Við erum þar sem Brimborg er, Bildshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri. Sölumenn Brimborgar sjá um söluráðgjöf fyrir Thrifty.

Opið til kl. 18 í kvöld

Thrifty Íslandi
Bildshöfða 6
110 Reykjavík
Sími 515 7115

Thrifty Íslandi
Tryggvabraut 5
600 Akureyri
Sími 515 7115

Thrifty
www.thrifty.is
Bílaleiga

> **Simon Baker**

„Ég er kominn af efnalit-
illi fjölskyldu en ég fékk
mjög mikið svigrúm
og eyddi öllum
minum tíma á brim-
bretti við ströndina.
Ég átti góða æsku.“

*Baker fer með hlutverk í
myndinni **Something New** sem **Stöð
2** sýnir í kvöld.*



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **MAGNÚS TEITSSON** RÆKTAR SÍNA ANDLEGU HLIÐ

Yfirskilvitlegir hæfileikar sjáandans

Þegar ég var fimmtán ára gamall fóru fimmtudagsmorgnarnir eina skólaönnina í starfskynningu. Þrjá morgna sat ég í bakherbergi í apóteki og prentaði út merkingar á lyfjaglös. Þrjá morgna stóð ég á færiband í mjólkursamlagi og tróð jógúrt-dósum í pakka. Þrjá morgna fór ég í tónlistarskóla og fylgdist með kennslu. Aldrei fór ég hins vegar á miðilsfund.

Reyndar hefði getað verið áhugavert að fá fræðslu um störf miðilsins; hvaða menntun og hæfileikar liggja að baki, hvers konar umhverfi miðillinn starfar í og ekki síst hvernig launakjörin eru. En þar sem ég lauk starfskynningu engu nær um þessa hluti verð ég að stoppa í fróðleiksgatið með því að fylgjast með Lífsauganu á SkjáEinum á sunnudagskvöldum, en þar sýnir Þórhallur miðill yfirskilvitlega hæfileika sína.

Yfirleitt eru samskiptin eitthvað á þá leið að fyrst spyr Þórhallur hóp fólks hvort einhver kannist við nafnið Guðrún. Reyndar notast hann ekki alltaf við það nafn,



en ennþá hefur hann ekki leitað fanga í nöfnum sem ekki voru meðal þeirra tíu vinsælustu á fyrri hluta síðustu aldar. Svo heppilega vill til að alltaf kannast einhver við nafnið og þá fer Þórhallur að lýsa viðkomandi: „Hún var mikið svona, í höndunum. Hún var mjög dugleg, var það ekki? Féll aldrei verk úr hendi, er það ekki? Já, takk fyrir. Hún fylgist vel með þér. En ég sé að það hefur ekki alltaf verið fullkomið jafnvægi og sálarró hjá þér. Já, takk fyrir. Það er eitthvað með vatn ... þú býrð við vatn. Nú jæja, það er mikið um vatn í kringum þig. Mundu það. Ertu sátt við mig?“

Ög svo framvegis. Ég hefði sem sagt ekki getað orðið miðill, því ég hefði aldrei nokkurn tímann getað séð það fyrir að miðaldra fólk ætti látnar ömmur sem hefðu lagt stund á hannyrðir. En það sér Þórhallur. Ég ætla að fylgjast með honum áfram, því það er aldrei að vita hvenær hann kemur með lottótölurnar eins og sönnnum sjáanda sæmir.

ÞRIÐJUDAGUR



► **18.30 Fiorentina – Liverpool**, beint **STÖÐ 2 SPORT**



► **20.10 Skólaklíkur** **SIJÓNVARPIÐ**



► **20.30 The Big Bang Theory** **STÖÐ 2**



► **21.00 Nýtt útlit - NÝTT** **SKJÁREINN**



► **21.50 Love You to Death** **STÖÐ 2 EXTRA**

SIJÓNVARPIÐ

- 15.35 Útsvar** (e)
 - 16.35 Leiðarljós**
 - 17.20 Táknmálsfréttir**
 - 17.30 Matta fósra og ímynduðu vinirnir hennar** (62:65)
 - 17.52 Herramenn** (12:13)
 - 18.10 Íslenski boltinn** (e)
 - 19.00 Fréttir**
 - 19.30 Veðurfréttir**
 - 19.35 Kastljós**
 - **20.10 Skólaklíkur** (Greek) (20:22) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörukt félagslíf þeirra í háskóla.
 - 20.55 Hönnunarkeppnin 2009** Árleg hönnunarkeppni Félags véla- og iðnaðarverkfræðinema við Háskóla Íslands fór fram í Háskólabíói síðastliðinn vetur.
 - 21.25 Megrún á vinnustað** (De slankes arbeidsplass) Danskur heimildarþáttur. Eftir baráttuna gegn áfengi og reykingum á dönskum vinnustöðum er nú komið að yfirvigtinni.
 - 22.00 Tíufréttir**
 - 22.15 Veðurfréttir**
 - 22.25 Illt blóð** (Wire in the Blood VI: Mykraverk) (3:4) Breskur spennumyndaflokkur þar sem sálfræðingurinn dr. Tony Hill reynir að ráða í persónuleika glæpamanna og upplýsa dularfull sakamál.
 - 00.00 Fréttaukinn** (e)
 - 00.30 Kastljós** (e)
 - 01.00 Dagskrárlok**
- BIÓ**
- 08.00 Zoom**
 - 10.00 Jimmy Neutron: Boy Genius**
 - 12.00 Dreamgirls**
 - 14.10 Jack and Sarah**
 - 16.00 Zoom**
 - 18.00 Jimmy Neutron: Boy Genius**
 - 20.00 Something New** Rómantísk gamanmynd með Simon Baker í einu aðalhlutverkanna. Kenya McQueen hefur alltaf haft allt í röð og reglu en fellur svo fyrir sjarmerandi landslagsarkitekti sem kærir sig kollóttan um viðtekna venjur.
 - 22.00 Volcano**
 - 00.00 Privat Moments**
 - 02.00 Krámpack**
 - 04.00 Jack and Sarah**
 - 06.00 Erin Brockovich**

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Maularinn og Íkomastrákurinn.
- 08.15 Oprah**
- 08.55 í finu formi**
- 09.10 Bold and the Beautiful**
- 09.30 The Doctors**
- 10.20 In Treatment** (13:43)
- 10.55 Hell's Kitchen**
- 11.45 The Best Years** (9:13)
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 Cocoon**
- 14.55 Sjáðu**
- 15.20 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Maularinn, Áfram Diego, áfram!
- 17.03 Bold and the Beautiful**
- 17.28 Nágrannar**
- 17.53 Friends**
- 18.23 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.47 Íþróttir**
- 18.54 Ísland í dag**
- 19.11 Veður**
- 19.20 The Simpsons** (5:23) Bart og Lisa festast inni í teiknimyndinni um köttinn og músina og Maggie reynist vera dóttir geimveru.
- 19.45 Two and a Half Men** (17:24) Sjötta þáttaröðin um bræðurna Charlie og Alan Harper og stormsama sambúð þeirra.
- 20.10 Two and a Half Men** (7:24)
- **20.30 The Big Bang Theory** (3:23) Gamanþáttur um Leonard og Sheldon sem eru snjallir eðlisfræðingar og vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.
- 20.55 Chuck** (4:22)
- 21.40 Burn Notice** (4:16) Njósnaarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnaara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur vermdar yfirvalda. Hann reynir því nú að komast að því hverjir „brenndu“ hann og af hverju.
- 22.25 The Sopranos** (35:39)
- 23.20 Ástriður** (6:12)
- 23.45 Medium** (6:19)
- 00.30 John From Cincinnati** (6:10)
- 01.20 Perfect Day – The Millennium**
- 02.55 Cocoon**
- 04.50 Chuck** (4:22)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag**

SPORT *besta sætið*

- 15.35 PGA Tour** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.
- 16.30 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
- 17.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
- 18.00 Meistaradeildin: upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
- **18.30 Fiorentina – Liverpool** Bein útsending frá leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. Sport 3: Arsenal - Olympiakos Sport 4: Barcelona - Dynamo Kiev
- 20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistarmörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
- 21.20 Arsenal - Olympiakos** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 23.10 Barcelona - Dynamo Kiev** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

SPORT 2 *enski boltinn*

- 07.00 Man. City - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 15.10 Tottenham - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.50 Portsmouth - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
- 19.00 Fulham - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 20.40 Sunderland - Wolves** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.20 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
- 23.15 Stoke - Man. Utd** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist**
- 07.20 Lífsaugað** (2:10) (e)
- 08.00 Dynasty** (60:88) (e)
- 08.50 Pepsi MAX tónlist**
- 12.00 Lífsaugað** (2:10) (e)
- 12.40 Pepsi MAX tónlist**
- 17.50 Dynasty** (61:88)
- 18.40 Family Guy** (17:18) (e)
- 19.05 Everybody Hates Chris** (e)
- 19.30 Fyndnar fjölskyldumyndir** (2:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbröt, sem kítla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap. (e)
- 20.00 SkjárEinn í 10 ár** (2:4) Skemmtiþáttur í umsjón Dóru Takefusa þar sem stíkl-að er á stóru í tíu ára sögu SkjáEins og rífi-uð upp eftirminnileg atvik. Að þessu sinni kíkjum við á viðtals- og raunveruleikaþætti. Meðal þátta sem rífaðir eru upp eru Hjartsláttur, Boðorðin 10, Heiti potturinn, Pétur & Páll, Taxi, Nylon, Allt í drasli, Rockstar og að sjálfsögðu Íslenski bachelorinn.
- **21.00 Nýtt útlit - NÝTT** (1:10) Hár-greiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. Í fyrsta þættinum hjálpar Kalli 62 ára konu sem segist hafa verið alin upp sem strákur og hefur starfað sem bæði leigubílstjóri og strætóbílstjóri.
- 21.50 PA's** (4:6) Glæný bresk þáttaröð um nokkra einkaritara í fjárfestingarbanka sem sinnir þörfum frægra og forrakra viðskiptavina.
- 22.50 The Jay Leno Show** Spjallþátta-kóngurinn Jay Leno tekur á móti góðum gestum og slær á léttu strengi.
- 23.40 CSI. New York** (3:25) (e)
- 00.30 Pepsi MAX tónlist**

INN

- 20.00 Hrafnaping** Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Gestur er Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express.
 - 21.00 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrku.
 - 21.30 Tryggvi Þór á alþingi** Hagfræðingurinn og alþingismaðurinn ræðir við Árna Mattiesen fyrrv. fjármálaráðherra.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Traust og vönduð umfjöllun um viðskiptalífið

Markaðurinn

Fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði
Næsta blað kemur út miðvikudaginn 7. október



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Chuck

Fyndin og hröð spennuþáttaröð um Chuck Bartowski sem var ósköp venjulegur lúði og lifði frekar óspennandi lífi, allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.



VIÐ MÆLUM MED

Hönnunarkeppnin 2009
Sjónvarpið kl. 20.55

Sjónvarpið sýnir frá árlegri hönnunarkeppni Félags véla- og iðnaðarverkfræðinema við HÍ sem fram fór í Háskólabíói síðasta vetur. Þetta er í 18. skiptið sem keppnin var haldin og þáttökurétt höfðu allir nemendur Háskólans. Umsjónarmaður þáttarins er Sigurður H. Richter.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39** Morgunútvarp hefst

06.50 Bæn

07.05 Vött og breitt

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.11 Morgunstund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Söngvarar blárrar sveiflu

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Flakk
- 14.03** Breiðstræti

15.03 Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn

15.25 Þriðjudagsdjass

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn

18.53 Dánarfregnir

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Í heyrenda hljóði

21.30 Fólk og fræði

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Fimm fjórðu

23.00 Gatan mín

00.07 Næturtonar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

EXTRA

16.30 Doctors (2:26) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífnu.

17.00 Doctors (3:26)

17.30 Ally McBeal (20:21) Eins og venjulega er nóg um að vera á lögfræðistofunni hjá Ally McBeal og vinum hennar.

18.15 Seinfeld (7:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.

18.45 Doctors (2:26)

19.15 Doctors (3:26)

19.45 Ally McBeal (20:21)

20.30 Seinfeld (7:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

► **21.50 Love You to Death** (12:13) Frumlegu þættir úr smíðju John Waters þar sem sagðar eru sögur af sakamálum sem tengjast hjónum og ástríðuglæpum.

22.15 So You Think You Can Dance (1:25) Við hefjum sjöttu þáttaröðina með þessum sértaka þætti þar sem rífiuð verða upp fimmtán bestu dansatriðin frá upphafi þáttaraðanna.

23.00 Big Love (3:10) Bill Henrickson lifir margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess sem hann rekur eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.

00.00 John From Cincinnati (6:10)

00.50 Fangavaktin (1:8)

01.20 Sjáðu

01.50 Fréttir Stöðvar 2

02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 Rob Brydon's Annually Retentive **12.30** Lead Balloon **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** Rob Brydon's Annually Retentive **15.15** Lead Balloon **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** Lead Balloon **18.30** Coupling **19.00** Rob Brydon's Annually Retentive **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** Spooks **20.50** Lead Balloon **21.20** Coupling **21.50** Rob Brydon's Annually Retentive **22.20** Absolutely Fabulous **22.50** EastEnders **23.20** The Weakest Link

DR 1

12.00 Landsbyhospitalet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Braceface **14.55** Den lyserode panter **15.00** Klima Nord **15.30** Lille Nord **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** By på Skrump **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig - krydsende spor **21.25** OBS **21.30** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **22.05** Truslen fra dybet **22.45** Seinfeld

NRK1

12.00 NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidsensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** På fisketur med Bård og Lars **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Frosken og venene **16.05** Molly Monster **16.15** Oisteins bly-ant **16.20** Tegneby **16.25** Milly og Molly **16.40** Distriktssnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen. Magasin **17.55** Den leiken den ville han sjå **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktssnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.20** Extra-trekning **20.30** Bokprogrammet **21.00** Kveldsnytt **21.15** En sky jævel **22.05** Stage Beauty **23.50** Ut i naturen jukeboks

SVT 1

12.30 Kvarterets olycksfågel **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Den stora resan **19.00** Andra Avenyn **19.45** Only You **21.30** Kulturnyheterna **21.45** Livvakerna **22.35** Jag och min familj **23.05** Studio 60 on the Sunset Strip **23.40** Det förflutna hälsar på 1809

SPORT

besta sætið

STERKASTA DEILD Í HEIMI
MEISTARADEILDIN
Í KVÖLD

Í KVÖLD

18:30 FIORENTINA - LIVERPOOL

18:30 ARSENAL - OLYMPIAKOS

18:40 BARCELONA - DYNAMO KIEV

20:40 MEISTARAMÖRKIN

Á MORGUN

18:30 MAN. UTD. - WOLFSBURG

18:30 BAYERN MUNCHEN - JUVENTUS

18:40 REAL MADRID - MARSEILLE

20:40 MEISTARAMÖRKIN

ÞAÐ ER ÓDÝRARA
AÐ HORFA
Á SPORTIÐ
HEIMA

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Það rúllar bara play-listi í iTunes. Ég hef hlustað mikið á nýju Múm-plötuna og líka á plötuna hans Hermigervils, „Leikur vinsæl íslensk lög“. Hún er mjög hress og skemmtileg og ég mæli með henni. Það er mjög gott að vinna með hana á.“

Hörður Sveinsson ljósmyndari.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. e-a bar að, 6. innan, 8. samstæða, 9. málmur, 11. tveir eins, 12. étur allt, 14. drós, 16. rykkorn, 17. lyftist, 18. sauðapari, 20. ónefndur, 21. blóðsuga.

LÓÐRÉTT
1. harma, 3. munni, 4. vöruhús, 5. ískur, 7. aðdragandi, 10. nálægt, 13. gegnsær, 15. hófdýr, 16. flýtir, 19. tveir eins.

LAUSN
LÖBÉRÉTT: 1. súta, 3. op, 4. maðasín, 5. úrg, 7. tildrög, 10. nær, 13. tær, 15. 17. rís, 18. sól, 20. nn, 21. igla.

LÁRÉTT: 2. komu, 6. út, 8. par, 9. tín, 11. gg, 12. alæta, 14. dræsa, 16. ar.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á blaðsíðu 8.

- Frjálsum demókrötum.
- Roman Polanski.
- Kristín Ýr Bjarnadóttir og Raket Hönnuðóttir.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.helbis

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...
...þóðar fréttir fyrir umhverfið

Hugleikur stofnar eigið bókaforlag

„Við ætlum að gefa út allt sem okkur langar til að gefa út og er fræðilegur möguleiki á að einhver kaupi. Það er okkar manifestó,“ segir skopteiknarinn og leikskáldið Hugleikur Dagsson.

Hugleikur og Ólafía Erla Svansdóttir hafa stofnað bókaútgáfuna Ókei bæ-kur. Fyrsta útgáfan er væntanleg í nóvember, en hún verður listaverkabók um Davíð Örn Halldórsson. Hugleikur verður enn um sinn hjá Forlaginu, en segir að eitthvað af hans efni verði þó gefið út hjá Ókei bó-kum.

„Það verður eitthvað af mínu efni þarna. Hvað það verður er ekki 100 prósent ákveðið,“ segir hann.

Verðurðu þá í samkeppni við sjálfan þig?

„Ég get sagst vera í samkeppni við sjálfan mig, ég vil ekki líta á að ég sé í samkeppni við neinn annan – vegna þess að samkeppni er svo 2007.“

Hugleikur segist vera búinn að eiga frábært samstarf við Forlagið, en að næsta rökrétta skref sé að gefa bækur út sjálfur.

„Ég lærði mikið af þeim, þeir hjálpuðu mér að komast á kortið. Núna langar mig að koma einhverjum öðrum á kortið.“

Sem sagt, gefa út bækur eftir vini þína sem fá ekki útgáfu-samninga?

„Það má líta á það þannig.



BÓKAÚTGEFANDI Hugleikur er í samkeppni við sjálfan sig.

Það er enginn í þessu landi sem er ekki í klíku, þannig að jú,

hér verður klíka eins og annars staðar.“

- afb

JOSY ZAREEN: SANNFÆRÐ AF SÖLUMANNI UM AÐ BIRTA AUGLÝSINGUNA

Súludans auglýstur í tímariti fyrir unglingsstelpur

„Mér þykir þetta leitt og ég sagði þeim að mér þætti auglýsingin ekki viðeigandi, en þau sannfærðu mig,“ segir dansarinn Josy Zareen.

Josy hefur kennt dans á Íslandi frá árinu 2001. Í auglýsingu frá henni í tímaritinu Júlíu, sem kom út í fyrsta skipti í síðustu viku, er súludans auglýstur sem líkamsræktarkostur. Það væri ekki í frásögur færandi nema vegna þess að Júlía er fyrir unglingsstelpur. Tímaritið er gefið út af Birtíngi, sem er eitt stærsta útgáfufélag landsins og gefur meðal annars út Séð og heyrt, Vikuna, Mannlíf og DV.

Halldóra Hagalín, ritstjóri Júlíu, segir að birting auglýsingarinnar hafi verið mistök sem starfsfólk hafi ekki tekið eftir fyrr en blaðið hafði verið prentað. „Ég get ekki beðist afsökunar nógu mikið. Auglýsingin á að sjálfsögðu ekki heima í unglingatímariti,“ segir hún.

Josy er á öðru máli og segir að sölumaður Birtíngs hafi vítað um efni auglýsingarinnar og beinlínis sannfært hana um að birtingin væri viðeigandi, „Hún sagði að mömmurnar myndu lesa blaðið og þess vegna væri í lagi að birta hana,“ segir hún.

ÓSÁTT Josy Zareen segir að sölumaður Birtíngs hafi sannfært sig um að mömmur unglingsstúlkanna myndu glugga í blaðið. Þess vegna væri auglýsingin viðeigandi.



ÞYKIR ÞAÐ LEITT Halldóra Hagalín, ritstjóri Júlíu, segist ekki hafa vítað um efni auglýsingarinnar áður en blaðið fór í prentun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Josy og bætir við að aldurstakmark sé á súludansnámskeiðin, þó að þau feli ekki í sér nekt.

Ritstjórinn segist hins vegar hafa talið að magadans væri eina viðfangs-efni auglýsingarinnar.

„Málið er að efri hluti auglýsingarinnar er fyrir magadanshúsið og neðri hlutinn er þetta pole-fitness sem

við höfðum aldrei samþykkt og höfðum ekki hugmynd um að væri í auglýsingunni,“ segir Halldóra. „Við hefðum átt að taka eftir þessu þegar við fengum próförk á tölvutæku formi, en þetta fór framhjá öllum vegna þess að við treystum því að þetta væri magadans.“

Halldóra segir að mistökin séu sérstaklega óheppileg í ljósi þess að þetta var fyrsta tölublaðið og ritstjórnin hafi passað sig á því að birta ekkert stuðandi efni. Sem dæmi nefnir hún að listi yfir tíu boðorð í förðun innihaldi atriði á borð við: „Burstaðu tennurnar“, „borðaðu hollan mat, „þvoðu þér í framan áður en þú ferð að sofa“ og „Ekki kreista bólur“.

atlifannar@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Stöð 2 sagði frá því fyrir helgi að ferð **Katrínar Jakobsdóttur** menntamála-ráðherra og aðstoðarmanns hennar á kvikmyndahátíðina í Toronto hefði

kostað íslenska skattgreiðendur 1,2 milljónir króna. Þar af voru 200 þúsund krónur í fargjöld, 120 þúsund í hótél, 435 þúsund í dagpeninga og 440 þúsund í kostnað við móttöku og kvöldverð. Fréttablaðið spurði Katrínu út í kostnað við ferðina hinn 29. ágúst og þá fullvissaði hún blaðamann um að enginn kostnaður myndi falla á Íslendinga: „Íslenskir skattgreiðendur borga ekki krónu heldur borgar Norræna ráðherra-nefndin brúsann,“ sagði Katrín Jakobsdóttir þá.

Sjónvarpskonan

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir varð

fyrir leiðinlegri lífsreynslu um helgina þegar Mongoose-reiðhjólinu hennar var stolið. Atvikið átti sér stað fyrir utan Skrúðgarðinn í heimabæ hennar Akranesi og skipti engu máli þótt hjólið væri kirriflega læst. Sigrún kærði stuldinn til lögreglunnar.

Fangavaktin sló áhorfsmet samkvæmt bráðabirgðatölum frá Capacent. Rétt rúmlega hundrað þúsund áhorfendur horfðu á fyrsta þáttinn en gamla metið átti lokapáttur Næturvaktarinnar. Inni í þessari tölu eru þó ekki þeir sem stálu þættinum í gegnum skráarskiptasíðuna thevikingbay.org. Í athugasemdakerfinu kemur fram að hátt í ellefu hundruð manns hafi stolið þættinum aðeins 53 mínútum eftir frumsýningu hans.

- hdm, fb, fgg



Sveppi í sögubækurnar

„Þetta er alveg ótrúlega skemmtilegt og miklu meira en ég bjóst við,“ segir Sverrir Þór Sverrisson en alls sáu 8.500 manns fjölskyldumyndina Algjör Sveppi og leitinn að Villa sem frumsýnd var á fimmtudaginn. Þetta þykir nokkuð gott í íslenskum kvikmyndafræðum. Alfred Ásberg Árnason, framkvæmdastjóri Sambíóanna, segir að aðeins tvær myndir hafi áður fengið jafn mikla aðsókn fyrstu frumsýningarhelgina: Mýrin og Stella í framboði. „Ég hefði verið mjög ánægður ef fimm þúsund gestir hefðu komið þessa fyrstu helgi en yfir 8.000 er framar öllum vonum,“ segir Sverrir, sem var heima með veikt barn þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Algjör Sveppi og leitinn að Villa fjallar, eins og nafnið gefur til kynna, um fyrrgreindan Sveppa og leit hans að vini sínum Villa sem er ræmt af skuggalegum

einstaklingum eftir að Villi finnur dularfullan útvarpssendi.

Sveppi og Villi hafa um árabíl stjórnað morgunsjónvarpinu á Stöð 2 og notið mikilla vinsælda og smávarnir aðdáendur þáttanna hafa greinilega átt auðvelt með að draga fullorðna fólk með sér í bíósali Sambíóanna við Álfabakka. Sverrir segir að í ljósi þessara miklu vinsælda iði hann nú í skinninu eftir því að byrja á mynd númer tvö.

- fgg



MÍKIL AÐSÓKN Algjör Sveppi og leitinn að Villa sló í gegn um helgina en alls sáu hana 8.500 manns.

SÖLU LEIKHÚSKORTA LÝKUR 9. OKTÓBER!

Tryggðu þér miða með ríflega 25% afslætti.



Frida
... viva la vida

Litrík og hrífandi sýning um ævi listakonunnar Fridu Kahlo.

Fös 2/10 kl. 20:00	U	Fös 9/10 kl. 20:00	U	Lau 24/10 kl. 20:00	
Lau 3/10 kl. 20:00	U	Lau 10/10 kl. 20:00	Ö	Fim 29/10 kl. 20:00	
Fim 8/10 kl. 20:00	U	Lau 17/10 kl. 20:00	Ö		



Utangátta

Besta leiksýning ársins

Skyldumæting fyrir alla sanna leikhúsunnendur.
Sýningum lýkur í október

Fös 2/10 kl. 20:00	U	Fös 9/10 kl. 20:00	U
Lau 3/10 kl. 17:00	Ö	Lau 10/10 kl. 17:00	
Lau 3/10 kl. 20:00	U	Lau 10/10 kl. 20:00	U



Kardemommubæinn

Allir elska Kardemommubæinn.
Sýningum lýkur í lok nóvember

Sun 4/10 kl. 14:00	U	Sun 11/10 kl. 17:00	U	Sun 25/10 kl. 14:00	U
Sun 4/10 kl. 17:00	U	Sun 18/10 kl. 14:00	U	Sun 25/10 kl. 17:00	Ö
Sun 11/10 kl. 14:00	U	Sun 18/10 kl. 17:00	Ö	Pri 27/10 kl. 18:00	



BRENNU VARGARNIR

Eitt af frægustu leikritum 20. aldar – fyndið og afhjúpanði!
Framsýning 16. október

Fös 16/10 kl. 20:00	U	Fös 30/10 kl. 20:00	Ö	Fös 6/11 kl. 20:00	
Fim 22/10 kl. 20:00	Ö	Lau 31/10 kl. 20:00	Ö	Fim 12/11 kl. 20:00	
Fös 23/10 kl. 20:00	Ö	Fim 5/11 kl. 20:00			



Fjögurra sýninga OPIÐ KORT kostar aðeins **9.900** kr.
Fjögurra sýninga kort 25 ÁRA OG YNGRI kostar aðeins **5.900** kr.
Þriggja forsýninga FORSKOTSKORT í Kassann kostar aðeins **3.000** kr.

FÁÐU ÞÉR KORT! Hringdu í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is

35%

72%

Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.

BAKÞANKAR

Páls Baldvins
Baldvinssonar




Par spretta laukar

Í hrakveðursrigningu verður maður að manna sig upp og fara út og ganga frá laukabeðunum. Reyndar er ekki nema hálf tveggja dagar eftir: snemma í ágúst var drifinn mannskapur í að hreinsa fallna stöngla ofan af og stinga laukana undir upp, grísa, henda skemmdum laukum, hreinsa þá sæmilega stóra af hismi og örverpum og smáhyðum sem voru að vaxa af rótinni. Þá líður manni eins og farandverkamanni á laukagarði í Niðurlöndum. Utan hendurnar eru ekki útataðar í sterafullum og áburðarsjúkum jarðvegi, heldur bara íslenskri moldardrullu.

OG í september er þörf að endurnýja: gylliboðin láta ekki á sér standa og úr gámum tosast haugar af fullræktuðum steraboltum frá hollenskum blómabændum sem stæðust ekki lyfjapróf ef einhver nennti að kreista þá. Og nú þarf að bæta við laukastóðið sem dregið var úr beðunum fyrir rúmum sex vikum. Bæta forðann sem hefur legið í myrkri á þurru stað í mánuð. Og þá rýkur maður í innflutningsverslanir og missir sig í kaupum á gömlum og nýjum tegundum.

ÞEIR geta verið leggháir eða lægri í lofti: páfagauksafbrigðin með fjöðruðum, belgum blöðum eru freistandi sem og snemmblóma næturdrottningar sem eru svo úrkynja orðnar eftir afbrigðaræktun hollenskra blómabænda að þær þurfa stuðning af smærri gróðri: áberginsvartar eins og gothari í nýjum fótum munu þær standa betur ef girt er um þær uns krúnan verður svo þung að þær sveigjast til jarðar, lúta í gras eins og eru örlög allra drottninga, allar falla þær og trénast upp í þýrkingi að lokum. „Það gat nú verið, Páll, að þú ræktaðir svört blóm,“ sagði forvitinn göngumaður sem glápti í gegnum yllinn.

ÞÁ eru páfagaukaafbrigðin eftir með sitt furðulega skráð, rókókóbelgir þeirra með litkraga á fölbleikum krumpuðum blöðum. Og allt bíður þess að blómseinar tegundir á dýpri rót sprengi af sér brumkennda belgi um litskrúðið, býi og mönnum til gleði: Vatnsberafjandinn sem hefur laumast til að sá sér um allt komist á legg. Brúskurnar búnar að ná sér, liljur vaknaðar í svölum blæ, bóndarósir vart af barnsaldri að herða sig upp í knúppa og blómgun. Þá er tími laukanna úti og eftir stendur fræbelgur, sem á ekki sjans, á legg sem visnar brátt svo honum má kippa af lauknum sem eftir liggur í sumarheitri jörð. Hinn blómasjúki garðeigandi farinn úr reifi sínu, gaukarnir gala og ævintýri úti.



GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 29. september 2009, 272. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.31	13.18	19.03
Akureyri	7.17	13.03	18.47

Heimild: Almanak Háskólans

Það haustar 52 sinnum á ári

Áhugaverðar staðreyndir um vaxtarverki og ástríðu sveppa fyrir haustinu

Sveppir þurfa haust til að verða til en í ræktunarklefum á Íslandi eru framkölluð haust 52 sinnum á ári

Íslenskir sveppir eru ræktaðir í 100% lífrænum jarðvegi

Sveppir eru sykurlausir

Sveppir örva kornrækt á Íslandi

Sveppir stækka um 4% á klukkustund og tvöfalda þyngd sína á einum sólarhring

Á Íslandi hefur svepparæktun nánast einskoraðast við eina tegund sem gengur undir nafninu ætisveppur sem er hvítur og brúnleitur

Sveppir eru fitulausir

islenskt.is

Íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVADAN ÞAÐ KEMUR

ÍSLENSKA STAÐSP. 44.701 06/09